BRYNHILDUR MELOT

*Fór á sumarnámskeið í Kramhúsinu*

Börn • Bílar • Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÖRN PÁLSSON

*Smábátasjómenn upplifa ekki hættuástand*

Sérblað um sjávarútveginn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. júlí 2007 — 179. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



**Stund fyrirgefningar**

Geri Halliwell hefur beðið hinar Kryddstúlkurnar afsökunar.

FÓLK 24



**Syngur þjóðsöng Bandaríkjanna**

Magni Ásgeirsson fetar í fótspor frægustu tónlistarmanna heims.

FÓLK 30

**Konur í auglýsingum**

„Ef konur eru ævinlega sýndar sem hlutir og skrautmunir hlýtur það að síast inn í vitund okkar," segir Steingrímur J. Sigfússon.

Í DAG 16

**FH á beinu brautina**



Tap FH gegn Val kom meisturunum ekki út af sporinu því þeir voru á fullri siglingu gegn Víkingi í gær og unnu stórsigur, 4-1.

ÍÞRÓTTIR 27

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÆTA EYSTRA -** Í dag verður hæg breytileg átt sunnan til annars yfirleitt norðan 5-8 m/s. Dálítil rigning norðaustan og austan til annars þurrt og bjart á stöku stað vestan til. Síðdegisskúrir á Suðurlandi. Hiti 10-19 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4

# Vill afnema einkaréttinn

**Forstjóri Íslandspósts segir fyrirtækið tilbúið fyrir afnám einkaréttar á póstdreifingu. Málið verður rætt til hlítar á fundi samgönguráðherra Norðurlandanna í haust. Hef ekki kynnt mér málið, segir Kristján Möller.**

**PÓSTDREIFING** „Það er mitt mat að það sé heppilegt að afnema einkarétt á póstdreifingu sem allra fyrst," segir Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts. Samgöngunefnd Evrópuþingsins hefur ákveðið að gefa Evrópulöndum tíma til 2011, í stað 2009, til þess að afnema einkarétt á póstdreifingu pósts undir 50 grömmum. Tilskipun Evrópuþingsins hefur verið felld inn í íslensk lög, fyrst árið 1998, síðan 2003 og 2005, og því hafa allar breytingar á þeim áhrif hér á landi.

„Ég hef ekki sett mig inn í þessi mál en þetta verður til umræðu á fundi samgönguráðherra Norðurlandanna í haust og þá skýrist málið," segir Kristján Möller samgönguráðherra um ákvörðun Evrópuþingsins.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segist líta svo á að nú hafi íslensk stjórnvöld frest fram að 2011, í stað 2009, til að afnema einkarétt á póstdreifingu en Alþingi og ráðherra hafi það á valdi sínu hvenær einkarétturinn verður afnuminn. „Það liggur fyrir að þetta hefur verið gert [einkaréttur á póstdreifingu afnuminn] í ýmsum Evrópuríkjum þannig að ég get ekki séð að Evróputilskipanir banni slíkt. Hvort það verður gert er á valdi ráðherra og Alþingis og um það tjái ég mig ekki."

Einkarétturinn, sem Evrópuþingið hefur gefið rýmri frest til þess að afnema, er á dreifingu á pósti sem er undir 50 grömmum. Fyrst voru einkaréttarmörkin ákveðin fyrir bréf undir 350 grömmum og þau voru síðan lækkuð í 100 grömm og 50 grömm frá ársbyrjun 2006.

Afnám einkaréttar á póstdreifingu hefur verið deiluefni meðal Evrópusambandslanda í nokkurn tíma. Helst hefur verið deilt um hversu langan tíma lönd sambandsins eiga að hafa til þess að afnema einkaréttinn. Samgöngunefnd Evrópusambandsins ákvað á fundi sínum 18. júní síðastliðinn að fresta, eins og fyrr segir, afnámi einkaréttarins en þó er að finna undanþáguákvæði þar sem löndum gefst tími til þess að fresta afnámi einkaréttarins í tvö ár til viðbótar.

-mh




**HJÖRTUR A. GUÐMUNDSSON** Verður tvítugur í desember og er því mögulega yngsti trillukarl landsins, að minnsta kosti sem gerir einn út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjörtur A. Guðmundsson nýstúdent fiskar vel í Bolungarvík:

# Nítján ára trilluskipstjóri

**SJÁVARÚTVEGUR** Sagt hefur verið um kvótakerfið að það geri nýliðun í sjávarútvegi erfiða. Það á þó ekki við um Hjört A. Guðmundsson. Hann er aðeins nítján ára gamall en gerir út trilluna Gísla KÓ 10 fyrir föður sinn. „Nei, ég rekst svo sem ekki á marga jafnaldra mína í þessu," segir Hjörtur og hlær.

Yfirleitt róa þeir frá Kópavogi en Hjörtur hefur verið í Bolungarvík undanfarna daga. „Það fiskaðist ekkert á Faxaflóa, þannig að ég sigldi bara hingað til Bolungarvíkur og hef veitt vel. Held ég sé kominn upp í fimmtán til sextán tonn á tíu dögum," segir hann. Hjörtur var við löndun á höfninni í Bolungarvík þegar blaðamann bar að garði. „Þetta var reyndar ekkert sérstakur túr, líklega eitt og hálft tonn, en ég var líka svo stutt úti. Mér heyrist líka á þeim í talstöðinni að það sé komin bræla."

Hjörtur er nýstúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi og verður tvítugur í desember. Hann er því mögulega yngsti trillukarl landsins og er vitaskuld með pungapróf, eins og lög gera ráð fyrir. Hann segist hafa fengið gott verð fyrir aflann, en bendir á að það fari þó minnst í hans vasa. „Við leigjum kvóta og það fer auðvitað mest í að borga það."

Sjómennskan hefur fram að þessu verið sumarstarf hjá Hirti og hann játar að það sé vissulega ágætt upp úr þessu að hafa, sérstaklega samanborið við flesta jafnaldra hans.

-bs

Ólafur Ólafsson í Samskipum:

# Flýgur á 150 milljóna þyrlu

**FÓLK „Þyrlur eru frábærar til brúks á Íslandi og ég er viss um að við eigum eftir að sjá meira af því að menn kaupi sér slík farartæki," segir athafnamaðurinn Ólafur Ólafsson í Samskipum. Athygli hefur vakið að Ólafur flýgur á þyrlu til og frá jörð sinni á Snæfellsnesi. Hann segist hafa greitt um 150 milljónir fyrir gripinn sem er af gerðinni Eurocopter AS 350 B3.**



ÓLAFUR ÓLAFSSON

**Ólafur hefur haft einkaflugmannspróf lengi en bætti við sig þyrluprófi nýverið og ákvað í framhaldinu að kaupa sér þyrlu. „Flugkennarinn flaug henni hingað til lands fyrir mig. Sjálfur hef ég flogið henni til landa í kringum Bretland og svo hérna innanlands."**

**Nágrannar Ólafs eru ekki sáttir við þyrluflug hans. Þau segja það fæla skepnur og að auki hafi ekki heyrt hans í fermingarveislu hjá þeim um liðna helgi.**

-sók/ sjá síðu 30


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




IG veiði vörur

Þú færð IG-veiðivörur á næstu þjónustustöð

N1

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW
3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EEQ forstilltur tónjafnari



DEH-2900MP 19.900.- FRÍ ÍSETNING

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## SPURNING DAGSINS



*María, er allt komið í hund og kött á heimilinu?*

„Það eru engin læti, Doddi hefur góðan smekk og mun læra að meta Megas.“

María Dóra Björnsdóttir og fjölskylda fengu köttinn Dodda aftur heim fyrir nokkru. Hann hafði verið týndur í eitt og hálft ár og talinn af. Kötturinn var heimkomunni feginn en einhver misklíð hefur verið milli hans og hundsins Megasar sem flutti inn á heimilið í fjarveru Dodda.

Karlmaður sem lést í Norrænu í fyrra hækkar tölu banaslysa í umferðinni:

# Lést líklega af áverkum eftir bílveltu

**UMFERÐ** Andlát manns á fimmtugsaldri í ferjunni Norrænu í október í fyrra má að öllum líkindum rekja til umferðarslyss sem hann lenti í áður en hann fór um borð í skipið. Þetta kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa sem gerð var opinber í gær.

Bíllinn valt í Berufirði eftir að maðurinn missti stjórn á honum. Hann var fluttur á heilsugæslustöð og fundu sjúkraliðar ekkert að honum. Krufningarskýrslur benda til þess að milta mannsins hafi skaddast í veltunni og það hafi síðan rofnað síðar um daginn. Því hafi fylgt mikil blæðing sem dró manninn til dauða.



**NORRÆNA** Talið er að milta mannsins hafi skaddast í veltunni og það síðan rofnað um borð í Norrænu. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

Í skýrslunni er úttekt gerð á þeim 28 banaslysum sem urðu í umferðinni í fyrra. Fram kemur að orsakir banaslysa séu oftast vísvitandi brotahegðun og að ölvunar- og hraðakstur hafi verið orsök rúmlega þriðjungs banaslysa á árunum 1998 til 2006.

Nefndin telur líklegt að sex þeirra 31 sem lést hefðu lifað af ef þeir hefðu notað bílbelti. Þá kemur fram að bílbeltanotkun í banaslysum var mun minni í fyrra en á árunum 1998 til 2005. Í fyrra var bílbeltanotkunin 47 prósent, en 60 prósent að meðaltali árin á undan.

Þá segir að margir ökumenn sem orsökuðu banaslys í fyrra hafi verið með fjölda brota á ökuferli sínum og að um helmingur ökutækja í banaslysum hafi verið

Vaxandi áhugi á íslensku:

# Færri fá að læra íslensku en vilja

**MENNTUN Vaxandi áhugi er á íslenskunámi fyrir útlendinga í Háskóla Íslands. Í sumar sóttu þrisvar sinnum fleiri nemendur en hægt var að taka á móti um að komast að á fjölþjóðlegu sumarnámskeiði hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

**Samkvæmt upplýsingum Háskóla Íslands verða þrjú námskeið haldin í sumar og sitja þau 54 nemar alls. Á vefsíðu skólans segir að mikill áhugi sé á að læra íslensku víða um lönd, sérstaklega í Norður-Evrópu og Norður-Ameríku.** - kdk



**FUNDUÐU** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Ellen Johnson-Sirleaf, forseti Líberíu.

Utanríkisráðherra í Afríku:

# Fundaði með Sirleaf-Johnson

**UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fundaði með Ellen Johnson-Sirleaf, forseta Líberíu, 1. júlí síðastliðinn.**

**Ingibjörg og Johnson ræddu málefni Afríku og Líberíu, „þróunarsamvinnu og stöðu kvenna og hvar þurfi einkum að herða baráttuna til að tryggja konum og börnum mannréttindi og frelsi“, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. Johnson bauð Ingibjörgu á ráðstefnu um málefni kvenna í Afríku sem haldin verður í hennar nafni vorið 2009. Johnson er fyrsta konan í Afríku til að verða lýðræðislega kjörinn þjóðhöfðingi.** - sh

Útigangsmenn gista klefa:

# Ölvuðum vísað af Austurvelli

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur undanfarna daga þurft að hafa talsverð afskipti af ölvuðum útigangsmönnum á Austurvelli. Varðstjóri segir kvartanir hafa borist frá almenningi og veitingamönnum í nágrenninu.

Hann segir þetta árlegan viðburð þegar vel viðrar. Útigangsmenn vilji gjarnan sóla sig í góða veðrinu en eigi ekki heima innan um fjölskyldufólkið. Hann segir nokkra hafa þurft að gista fangageymslur eftir að hafa angrað veitingastaðagesti og fólk sem flatmagar í grasinu á Austurvelli. - sh

# Ítarlegar fjallað um mótvægisaðgerðirnar

**Ákvörðun um veiðiheimildir verður kynnt þegar vinnu við mótvægisaðgerðir vegna áhrifa aflasamdráttar á sjávarbyggðir er lokið. Samfylkingin vill skoða málið betur. Í bígerð er að flýta framkvæmdum fyrir nokkra milljarða króna.**

**STJÓRNMÁL** Vinna við mótvægisaðgerðir stjórnvalda vegna áhrifa aflasamdráttar á sjávarbyggðir hefur tekið lengri tíma en upphaflega var ráðgert.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins vildu þingmenn Samfylkingarinnar fara betur yfir framkomnar tillögur, ekki síst efnahagsleg áhrif þeirra, án þess þó að þeir geri um þær efnislegan ágreining.

Ríkisstjórnin ætlar að kynna aðgerðaáætlunina samhliða því sem sjávarútvegsráðherra greinir frá ákvörðun um veiðiheimildir næsta fiskveiðiárs.

Búist var við að ákvarðanirnar yrðu opinberaðar í kjölfar ríkisstjórnarfundar í gær en af því varð ekki.

Aðgerðaáætluninni er ætlað að treysta þær sjávarbyggðir sem verða fyrir mestum búsifjum vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í þorskveiðum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er unnið eftir því leiðarstefi að hafa þær eins almennar og unnt er, þó þannig að innviðir sveitarfélaganna sem verst verða úti styrkist.

Helst er horft til samgöngubóta og bættra fjarskipta og miðar vinnan að því að flýta þegar ákveðnum framkvæmdum. Sem dæmi er skoðað hvort hraða megi framkvæmdum við göng um Óshlíð.

Ekki er rætt um að stofna til nýrra fjárveitinga til mótvægisaðgerða vegna eflingar byggða í vanda heldur tilfærslu verkefna milli ára.



**STUTT HLÉ** Ríkisstjórnin hefur ákvörðun um veiðiheimildir næsta fiskveiðiárs og mótvægisaðgeðir vegna fyrirsjáanlegs aflasamdráttar til meðferðar þessa dagana. Á ríkisstjórnarfundi í gær lögðu ráðherrar pólitíkina til hliðar stutta stund á meðan ljósmyndarar smelltu af þeim myndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þingmenn Samfylkingarinnar komu saman í gærmorgun og hittast á ný á morgun. Er búist við að þá reki þingflokkurinn smiðshöggið á aðgerðaáætlunina fyrir sitt leyti.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hittist síðdegis á mánudag og fór ítarlega yfir stöðuna. Á þeim bæ hefur verið búið svo um hnúta að ekki er talin sérstök ástæða til að þingflokkurinn ræði málið aftur.

bjorn@frettabladid.is



**ENDURGREFTRUN** Eistneskur varðmaður við nýjan hvílustað sovésku hermannanna við minnismerkið umdeilda, Bronshermanninn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Olli deilu milli Eista og Rússa:

# Sovéthermenn endurgreftraðir

**EISTLAND, AP** Átta sovéskir hermenn, sem jarðsettir höfðu verið á sínum tíma hjá minnismerkinu Bronshermanninum á áberandi stað í miðborg Tallinn, höfuðborg Eistlands, voru í gær endurjarðsettir í hermannakirkjugarðinum þangað sem minnismerkið var flutt fyrir skemmstu.

Málið hefur valdið alvarlegri milliríkjadeilu á milli Eista og Rússa. Rússar álíta flutninginn örgustu goðgá. Minnismerkið minnir Eista aftur á móti á fimm áratuga ok Sovétríkjanna í landinu.

Sendiherra Rússlands í Eistlandi, Nikolai Uspensky, neitaði að vera viðstaddur jarðsetninguna í gær. - ifv

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sluppu vel úr árekstri

Tveir bílar rákust saman í Sveitarfélaginu Garði í gærdag. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum meiddust hvorki ökumenn né farþegar teljanlega og tjón á bílunum var minniháttar.

BÍLL DAGSINS
OPEL VECTRA 1.8 ELEGANCE
Nýskr. 02.06 - Beinskiptur - Ekinn 16 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Forstjóri Útlendingastofnunar vill sjá málefni útlendinga í öðrum farvegi:

# Verði sem mest á einni hendi

**ÚTLENDINGAR** Taka þarf málefni útlendinga til endurskoðunar og færa verkefni sem þeim tengjast sem mest á eina hendi. Þetta segir Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á mánudag eru rúmlega 1.800 manns, þar af um 1.300 Pólverjar og 250 Litháar, skráðir með íslenska kennitölu hér á landi en hafa ekki verið skráðir hjá Vinnumálastofnun eins og venja er. Af þessum sökum er lítið sem ekkert vitað um hvar þetta fólk er eða yfir höfuð hvað það gerir hér á landi. „Það er tiltölulega auðvelt að vera virkur í þjóðfélaginu án þess að vera með leyfi sem fólk þarf venjulega að hafa,“ segir Hildur. „Það er vont fyrir alla að hafa ekki yfirlit yfir þá sem koma hingað lands, til þess að vinna eða gera eitthvað annað í styttri tíma en þrjá mánuði. Ég myndi vilja sjá meira samstarf milli þeirra stofnana sem hafa með málefni útlendinga að gera. Ég tel að það sé heppilegt að hafa flest þessi mál á einni hendi en ég hef trú á því að með örri stækkun útlendingasamfélagsins hér þá sjái stjórnvöld þörfina fyrir að hafa þessi mál á einni hendi.“



HILDUR DUNGAL

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun geta ástæðurnar fyrir því að fólkið er ekki á skrá hjá Vinnumálastofnun verið ýmsar. Til dæmis getur verið að einstaklingurinn sem fékk kennitöluna í gegnum starfsmannaleigu hafi aldrei skilað sér til landsins, hafi unnið hér á landi í nokkra daga og farið svo af landinu en oftast er um að kenna seinagangi atvinnurekanda fólksins. - mh

**UM MÁLEFNI ÚTLENDINGA**

- Kennitölur eru gefnar út af Þjóðskrá.
- Dvalarleyfi eru gefin út af Útlendingastofnun.
- Atvinnuleyfi eru gefin út af Vinnumálastofnun.
- Lögreglan hefur eftirlit með því að útlendingar séu með dvalarleyfi, og einnig atvinnuleyfi þegar það á við.




# BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



ENNEMM / SÍA / NM28469

Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

## GENGIÐ 03.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,06 | 62,36 |
| Sterlingspund | 125,01 | 125,61 |
| Evra | 84,33 | 84,81 |
| Dönsk króna | 11,331 | 11,397 |
| Norsk króna | 10,621 | 10,683 |
| Sænsk króna | 9,132 | 9,186 |
| Japanskt jen | 0,5065 | 0,5095 |
| SDR | 94,37 | 94,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,5641

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikið tjón eftir eldsvoða sem upp kom í Malbikunarstöðinni Höfða klukkan tíu í gærmorgun:

# Þykkan svartan reyk lagði frá eldinum

**ELDSVOÐI** Eldur kom upp í Malbikunarstöðinni Höfða við Sævarhöfða í gærmorgun klukkan tíu. Kviknað hafði í við rætur blöndunarturns stöðvarinnar er neisti hljóp í dísilolíu sem notuð er við malbiksgerð.

„Við úðuðum olíu á vagn og það virðist hafa komist neisti í þá olíu og það dugði til að upp kom eldur,“ segir Valur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar.

Allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn og tókst greiðlega að slökkva eldinn. Lögregla lokaði Sævarhöfða við Malarhöfða, en þykkan og svartan reyk lagði frá svæðinu.

„Það er talsvert tjón, rafmagnslagnir og ýmislegt er ónýtt,“ segir Valur. „Við erum með aðra stöð þarna svo að við getum eitthvað framleitt, en ekki eins mikið og við hefðum annars gert.“

Nokkur hætta var á sprengingum á svæðinu vegna olíutanka og -leiðslna í jörðu. - sgj



**REYKMÖKKURINN** Þessi mynd náðist af blöndunarturninum fljótlega eftir að kviknaði í. MYNDI/RADPOSLAW KOSSAK



**KIM JONG IL** Leiðtogi Norður-Kóreu tekur í höndina á aðstoðarutanríkisráðherra Kína, Yang Jiechi, eftir fund þeirra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorkuáætlanir N-Kóreu:

## Kim vill standa við samninginn

**NORÐUR-KÓREA, AP Kim Jong Il, einræðisherra Norður-Kóreu, sagði í gær að ríkin sem vilja að yfirvöld í landinu hætti við kjarnorkuáætlanir sínar eigi að standa við eigin skuldbindingar í afvopnunarsamningnum sem gerður var í febrúar. Kim sagði þetta á fundi með aðstoðarutanríkisráðherra Kína, Yang Jiechi, í gær, að því er kínverskir fjölmiðlar greindu frá.**

**Í samningnum kemur fram að Norður-Kórea eigi að loka stærsta kjarnakljúfi sínum og fá margháttaða aðstoð í staðinn. Orð Kims koma í kjölfar þess að í síðustu viku leystist loks deila um fé Norður-Kóreustjórnar sem fryst hafði verið á erlendum bankareikningum.** - ifv

**KVERKFJÖLL**

### Leit afturkölluð

Tveir karlmenn komu sér sjálfir til byggða eftir að farið var að óttast um þá. Þeir hugðust skoða íshelli í Kverkfjöllum þegar svartaþoka skall á. Björgunarsveitir sem komnar voru í viðbragðsstöðu voru afturkallaðar.

**LEIÐRÉTTING**

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla á Íslandi, var rangnefnd í myndatexta í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Fjórir hinna handteknu eru læknar

**Samkvæmt upplýsingum breskra fjölmiðla eru flestir ef ekki allir þeirra átta manna, sem eru grunaðir um aðild að misheppnuðu hryðjuverkatilræðunum í London og Glasgow, læknar eða læknanemar og múslimar af erlendum uppruna.**

**BRETLAND, AP** Að minnsta kosti fjórir menn af þeim átta sem hafa verið handteknir vegna misheppnuðu hryðjuverkatilræðanna í London og Glasgow eru læknar frá Írak, Jórdaníu og Indlandi.

Samkvæmt upplýsingum Skysjónvarpsstöðvarinnar eru tveir menn til viðbótar, sem handteknir voru í Glasgow á sunnudag, læknanemar á sjúkrahúsi í borginni. Yfirvöld í Glasgow hafa neitað að staðfesta þetta. BBC gengur lengra og heldur því fram að allir mennirnir átta hafi unnið í breska heilbrigðiskerfinu: sjö sem læknar eða læknanemar og einn á rannsóknarstofu sjúkrahúss.

Á föstudag aftengdi lögreglan í London sprengjur í tveimur bílum sem stóðu í miðborg Lundúna og á laugardag keyrðu tveir menn jeppa fullan af sprengiefni á flugstöðvarbyggingu Glasgow-flugvallar. Engan sakaði i tilræðunum annan en ökumann jeppans sem liggur alvarlega slasaður á sjúkrahúsi í Glasgow. Að sögn BBC heitir hann Khalid Ahmed og er læknir en lögreglan í Glasgow hefur ekki viljað staðfesta það.

Áttundi maðurinn sem var handtekinn heitir Muhammed Haneef og er indverskur læknir. Hann var tekinn höndum á alþjóðaflugvellinum í áströlsku borginni Brisbane á mánudagskvöld. Haneef var á leiðinni til Indlands. John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, sagði að lögreglan væri að yfirheyra annan lækni í landinu.

Lögreglan handtók svo tvo menn í Blackburn á Norðvestur-Englandi um hádegisbilið í gær á grundvelli laga um hryðjuverkavarnir. Mennirnir, sem vitni sögðu að litu út fyrir að vera frá Suður-Asíu, höfðu náð í átta stór gashylki í iðnaðarhverfi í bænum. Slík gashylki voru notuð í öllum þremur hryðjuverkatilræðunum. Í yfirlýsingu frá lögreglunni kom fram að of snemmt væri að staðfesta hvort handtaka mannanna tengdist hinum tilræðunum þremur.

Eftir árásina á Glasgow-flugvöll á laugardag var lýst yfir hæsta vástigi í Bretlandi, sem þýðir að búist er við hryjuverkaárás hvenær sem er, og hefur lögreglan í Bretlandi brugðist skjótt við í rannsókn sinni.

Gordon Brown forsætisráðherra tilkynnti í gær, í fyrstu ræðu sinni á þingi eftir að hann tók við völdum, að stofna ætti nýtt þjóðaröryggisráð. Brown mun sjálfur fara fyrir ráðinu sem reglulega mun gefa út áætlun um þjóðaröryggi þar sem sagt verður frá mögulegum ógnum sem steðja að Bretlandi.

ingifreyr@frettabladid.is



**EINN HANDTEKINN Í ÁSTRALÍU** Lögreglumenn í Southport, Queensland í Ástralíu ræða við íbúa í hverfi þar sem læknir var yfirheyrður í gær vegna hryðjuverkatilræðanna í Bretlandi. Á mánudag var indverskur læknir sem er grunaður um aðild að tilræðunum handtekinn í áströlsku borginni Brisbane. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pókermót enn í rannsókn:

## Verður sent til ríkissaksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Pókermót sem haldið var laugardaginn 16. júní síðastliðinn er enn til rannsóknar hjá lögreglu. Búið var að senda málið til lögfræðisviðs, en rannsaka þarf ákveðna þætti frekar áður en tekin verður ákvörðun um ákæru, segir Karl Vilbergsson, lögfræðingur hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Hann segir að lögum samkvæmt taki ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort gefin verði út ákæra í málum sem þessum, og málið fari væntanlega þangað. Líklega séu þó um tvær vikur í það hið minnsta.

Um 150 pókerspilarar tóku þátt í mótinu, en lögregla stöðvaði það þegar 20 til 30 voru eftir. - bj



**KAUPHÖLLIN** Úrvalsvísitalan hækkaði um rúmt prósent í gær og fór í methæðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hækkun í Kauphöllinni:

## Úrvalsvísitalan aldrei jafn há

**VIÐSKIPTI Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,08 prósent í 5,8 milljarða króna viðskiptum í Kauphöllinni í gær, sem skilaði sér í því að vísitalan endaði í 8.408 stigum. Hún hefur aldrei verið hærri.**

**Vísitalan hefur hækkað um 31,15 prósent það sem af er árs.**

**Mest var hækkun á gengi bréfa í Föroya Banka, sem fór upp um 3,04 prósent. Mesta lækkunin var hins vegar á gengi bréfa í færeyska olíuleitarfyrirtækinu Atlantic Petroleum en gengi bréfanna fór niður um 1,82 prósent.** - jab




## VEÐURSPÁ




**EINDREGNARI ÚRKOMA**

Í kortunum er að sjá nokkuð ákveðið úrkomusvæði sem lónir undan Norðaustur- og Austurlandi. Gæti nokkur úrkoma frá þessu náð inná þau svæði í dag og raunar er einnig að sjá úrkomu á þessum svæðum á morgun. Hins vegar eru horfur á að á föstudag verði komin dálítil væta sunnan og austan til en þá þurrt og nokkuð bjart á Norðausturlandi.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg norðlæg eða breytileg átt. Hálfskýjað eða skýjað. Hiti 12-16 stig að deginum.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 15°C rigning |
| Billund | 17°C rigning | París | 18°C rigning | Basel | 17°C rigning |
| Osló | 19°C rigning | Eindhoven | 18°C rigning | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 21°C skúrir | Frankfurt | 17°C rigning | Algarve | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C rigning | Berlín | 19°C rigning | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

http://www.myphotos.com/metallica

Google

MY PHOTOS

Home | The Tour | Sign Up | Explore

You aren't signed in **Sign In** **Help**

Search Tóti's photos **Search**

# Metallica tónleikarnir

Collections | Sets | Tags | Map | Archives | Favorites | Profile

**View as slid**
( New win

**Taktu þátt á www.byr.is**

**Spennan að magnast**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
7 comments

**Wannabe James**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
11 comments

**Hvar er Danmörk?**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
2 comments

**Stefán bróðir orðinn spenntur**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
1 comments

**Hvar er Stebbi?**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
6 comments

**Wish u were here**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
15 comments

**Hetjurnar mættar á sviðið - Enter Sandman**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
0 comments

**Þessi með bandið er ég**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
3 comments

**......nothing else maaatters**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
12 comments

# Metallica
## – lærðu af þeim bestu

- Tónleikar með Metallica í boði BYRS - sparisjóðs.
- Sá eða sú heppna fær að bjóða sínum besta vini eða ættingja með.
- Innifalið er flug, hótel og gjaldeyrir fyrir 50.000 krónur.
- Vinningshafi verður dreginn út í beinni á FM957 þann 10. júlí.

Taktu þátt á vefsíðu okkar www.byr.is

ATH! Skilyrði fyrir þátttöku er að annar aðili sem fer í ferðina sé orðinn fjárráða eða 18 ára og eldri.

BYR SPARISJÓÐUR

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

DYNAMO REYKJAVÍK

KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið í útilegu í sumar?*

Já 30,5%
Nei 69,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Verður fuglaflensan að heimsfaraldri?*

Segðu þína skoðun á visir.is
vísir

Skotmaðurinn úr Hnífsdal ákærður fyrir tilraun til manndráps:

# Særði konuna með haglabyssuskoti

**DÓMSMÁL** Rúmlega fimmtugur maður sem skaut úr haglabyssu að konu sinni í Hnífsdal 8. júní síðastliðinn hefur verið ákærður fyrir tilraun til manndráps. Konan hlaut rispur í andliti af völdum haglanna úr byssunni, auk þess sem eitt þeirra gataði peysu hennar við öxl.

Gæsluvarðhald yfir manninum var í morgun framlengt til 14. ágúst. Hann hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir að ógna konunni og stofna lífi hennar í augljósan háska með því að beina hlaupi byssunnar að henni inni á baðherbergi fyrr um kvöldið. Hann skaut síðan að henni þegar hún reyndi að komast út.



**HNÍFSDALUR** Maðurinn skaut að konunni þegar hún reyndi að komast út úr húsinu. Högl rispuðu hana í framan.
MYND / VILMUNDUR HANSEN

Konan slapp úr húsinu og yfir til nágranna þar sem haft var samband við lögreglu. Sérsveit Ríkislögreglustjóra kom á vettvang og handtók manninn eftir nokkurra klukkustunda umsátur.

Til vara er þess krafist að maðurinn verði sakfelldur fyrir meiriháttar líkamsárás. Konan krefst þriggja milljóna króna í skaðabætur og sextán ára sonur þeirra hálfrar milljónar vegna áfallsins sem hann varð fyrir.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands vestra í gærmorgun. Aðalmeðferð í málinu fer fram 11. júlí. Við brotinu getur legið margra ára fangelsisvist. - sh

Norræna Atlantshafsnefndin:

# Styrkir til samstarfsverkefna

**STYRKUR Norræna Atlantshafsnefndin, NORA, veitir nýjum samstarfsverkefnum 35 milljóna króna styrki í fyrri styrkjaúthlutun ársins 2007. Var þetta samþykkt á ársfundi nefndarinnar.**

**Það voru 23 verkefni á sviði sjávarauðlinda, ferðaþjónustu, upplýsingatækni og uppbyggingu í fámennum strandhéruðum sem hlutu styrkina. Íslendingar taka þátt í sautján þessara verkefna.**

**Í fréttatilkynningu frá NORA kemur fram að með styrkveitingum vill nefndin leggja sitt af mörkum til þróunar samstarfs í atvinnulífi á Norður-Atlantshafssvæðinu.** - þeb

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

# Engin ástæða til að byggja álver

**STJÓRNMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra er andsnúin áformum um að reisa álver á Bakka, í Helguvík og í Þorlákshöfn.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

Þórunn var viðmælandi Morgunvaktar Rásar 1 í gærmorgun. Aðspurð sagðist hún ekki sjá ástæðu fyrir Íslendinga til þess að byggja öll þessi álver. Benti hún á að þótt skrifað hafi verið undir samninga um ný álver þýði það ekki að þau verði öll byggð.

Nefndi hún jafnframt að fleira væri stóriðja en álver. - bþs

SAMGÖNGUR

### Grjóthrun í Óshlíð

Vegurinn um Óshlíð lokaðist í um klukkustund á mánudagskvöldið vegna grjóthruns. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði er talið að lítil úrkoma síðustu vikur hafi gert hlíðarnar óstöðugar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók í veg fyrir reiðhjólamann

Bifreið ók í veg fyrir ungan reiðhjólamann á bílastæði við Réttarholtsveg í gær. Drengurinn, sem er á fimmtánda ári, slapp án teljandi meiðsla.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Missti stjórn á bifhjóli

Bifhjólaökumaður missti stjórn á hjóli sínu og féll af því á Dverghöfða í gærmorgun. Hann var fluttur með sjúkrabíl á spítala. Hjólið sem endaði á húsvegg, var flutt burt með kranabíl.

SAUÐÁRKRÓKUR

### Styrkt til mótshalda

Íþróttafélagið Tindastóll á Sauðárkróki og Landsbanki Íslands hafa gert með sér styrktarsamning. Með samningnum verður Landsbankinn aðalstyrktaraðili félagsins og er markmið samningsins að efla starf yngri flokka.

Litháamálið í Breiðholti:

# Ólíklega upgjör vegna fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL Árásin sem átti sér stað í Breiðholti fyrir hálfri annarri viku, þar sem litháískur maður var höfuðkúpubrotinn af samlöndum sínum og annar særður með eggvopni, var líklega ekki uppgjör vegna fíkniefnaskuldar eins og DV fullyrti í helgarblaði sínu. Þetta segir Sigurbjörn Víðir Eggertsson, yfirmaður ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

**„Við vitum það ekki, en samkvæmt upplýsingunum sem við höfum aflað okkur bendir ekkert til þess," segir Sigurbjörn. Málið er óupplýst en maðurinn sem höfuðkúpubrotnaði er á batavegi.** - sh

# Fólk í fjárhagsvanda fái lán á sérkjörum

**Félagsmálaráðherra hefur lækkað lánsfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs í 80 prósent. Nefnd á að finna leiðir til að efla félagslegan þátt húsnæðiskerfisins. Mikilvægt að bankarnir taki þátt í að draga úr verðbólguþrýstingnum segir ráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Lánsfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs lækkar í dag úr 90 prósentum í 80 prósent.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ákvað þetta í gær. „Ákvörðunin er tekin til að bregðast við mikill hækkun á fasteignamarkaði sem leitt hefur til aukinnar verðbólgu og hærra vaxtastigs og þessarar þenslu og spennu í hagkerfinu. Það er verið að bregðast við því," sagði Jóhanna í samtali við Fréttablaðið í gær.

Samhliða lækkun lánsfjárhlutfallsins ákvað Jóhanna að skipa nefnd sem á að vinna að því að efla félagslegan þátt húsnæðiskerfisins. „Stór hópur fólks hefur orðið undir á húsnæðismarkaðnum og á hvergi skjól. Það ræður ekki við almennu lánveitingarnar, hvorki hjá Íbúðalánasjóði né bönkunum og þarf því sérstakar lausnir," segir hún. Nefndin á að fjalla um hvernig veita má fólki undir skilgreindum eigna- og tekjumörkum lán til fasteignakaupa á sérstökum kjörum og hvernig greiða megi götu fólks á leigumarkaðnum. Eigna- og tekjumörkin hafa ekki verið skilgreind en Jóhanna segist stefna að því að leggja fram frumvarp um málið á komandi þingi.

Jóhanna segir mjög mikilvægt að lækkun lánsfjárhlutfallsins og félagslegar úrbætur á húsnæðismarkaði haldist í hendur; í því ljósi hafi það ekki verið henni þungbært að lækka hlutfallið. „Þegar viðurkenndur er vandi á húsnæðismarkaðnum fyrir stóran hóp fólks sem getur ekki eignast húsnæði og er ofurseldur leigumarkaðnum þar sem eru langir biðlistar og á því á að taka þá horfir málið við mér með allt öðrum hætti," segir hún.

Jóhanna telur mikilvægt að aðrar útlánastofnanir fari að fordæmi hins opinbera og grípi til aðgerða sem miða að lækkun verðbólgu. „Við erum að koma mikilvægum skilaboðum til bankanna um að taka þátt í að draga úr verðbólguþrýstingnum. Bankarnir hafa stuðlað að verulega auknum útlánum á síðustu mánuðum með erlendum lánum til heimilanna."

bjorn@frettabladid.is



**GENGIÐ Á RÍKISSTJÓRNARFUND** Jóhanna Sigurðardóttir segir stóran hóp fólks hafa orðið undir á húsnæðismarkaðnum og grípa þurfi til sértækra lausna til að ráða bót á vanda hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### 90-80-90-80

90 prósenta lán voru eitt helsta stefnumál Framsóknarflokksins í kosningunum 2003 og var þeim komið á í ársbyrjun 2005. Einu og hálfu ári síðar lækkaði ríkisstjórnin hlutfallið í 80 prósent og var það liður í aðgerðum til að draga úr þenslu. Í mars á þessu ári var það aftur hækkað í 90 prósent. Nú, fjórum mánuðum síðar, er hlutfallið orðið 80 prósent á ný.

Neytendastofa úrskurðar Samtök banka og verðbréfafyrirtækja brotleg:

# Auglýsingarnar úrskurðaðar lögbrot eftir þriggja ára bið

**NEYTENDUR** Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) brutu samkeppnislög þegar þau auglýstu árið 2004 að þjónustugjöld banka á Íslandi væru þau lægstu á Norðurlöndunum. Þetta er niðurstaða Neytendastofu sem hefur haft kvörtun Neytendasamtakanna vegna málsins til meðferðar í rúm þrjú ár.

Neytendasamtökin sendu kvörtunina vegna þess að þau töldu auglýsingar SBV villandi og ósanngjarnar gagnvart neytendum þar sem þær byggðust á röngum forsendum. Neytendastofa hefur nú tekið undir sjónarmiðin og úrskurðað auglýsingarnar brot gegn lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

„Þessi úrskurður kemur á óvart og hlýtur að vera á misskilningi byggður," segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, eins og SBV heitir í dag. Hann segir áfrýjunarheimild í lögunum og líklega verði hún nýtt. Fyrst þurfi þó að bera málið undir stjórn.

Erna Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Neytendastofu, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að málið hafi tafist jafnlengi og raun ber vitni vegna flutnings verkefna frá Samkeppnisstofnun til Neytendastofu. Þurft hafi að forgangsraða og málið hafi lent aftarlega í röðinni vegna þess að auglýsingarnar væru hættar að birtast. - sh / -mh



Þessi úrskurður kemur á óvart og hlýtur að vera á misskilningi byggður.

**GUÐJÓN RÚNARSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Hentugt við grillið
einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Tilboðið gildir út júlí 2007 eða meðan birgðir endast.




Snæbjörn Árnason, sölumaður hjá RV

Pappadiskar 18cm, 100stk (10ik)

Pappadiskar djúpir 19cm, 50stk (20ik)

Pappadiskar 23cm, 50stk (20ik)

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6238A

# Allt að 60.000 kr. afsláttur

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.*




**9.799kr**
Gaskútur
m/gasi 10 kg

**Áfylling á 10 kg plastkút 2.990kr**
Fæst aðeins í Kringlu, Skeifu og Spöng.



**49.999kr**
GOTT VERÐ

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**45.000kr**
AFSLÁTTUR

TILBOÐ
**104.900kr**
Verð áður 149.900,-
VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm



**40.000kr**
AFSLÁTTUR

TILBOÐ
**159.900kr**
Verð áður 199.900,-
VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Grandhall Professional 584

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,5 kWh (59.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 3,5 kWh (13.000BTU)
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi 4,5 kWh (15.000BTU)
- Heildargeta: 25,5kWh (87.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hitamælir
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Mót fyrir gaskút í skáp (heldur gaskút stöðugum)
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla
- Breidd: 207 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm



**60.000kr**
AFSLÁTTUR

TILBOÐ
**189.900kr**
Verð áður 249.900,-
VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir



**25.000kr**
AFSLÁTTUR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ
**74.900kr**
Verð áður 99.900,-
VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 9. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# HREINIR OG FÍNIR BÍLAR

20% afsláttur
af toppgræjum í bílaþvottinn

Vikan TRANSPORT SYSTEM



BÍLAKÚSTUR
Vikan bílakústur. Sveigð lögun tryggir stöðuga snertingu við hvern flöt á bílnum. Kústurinn er með gúmmíbrún og öflugu og endurbættu vatnsflæði. Kústinn má festa á Vikan skaft sem er fáanlegt í ýmsum stærðum.



MÆLABORÐSBURSTI
Mjúkur bursti til að fjarlægja ryk og óhreinindi af mælaborðum, tökkum, skífum og miðstöðvaropum. Þennan fjölhæfa bursta má einnig nota á skrifstofunni eða á heimilinu til þess að hreinsa lyklaborð og aðra fleti sem erfitt er að fjarlægja ryk af.



FELGUBURSTI
Sérstaklega hentugur til að fjarlægja erfiðu óhreinindin af álfelgunum.



BÍLAÞVARA
Til að skafa bleytuna af bílnum eftir þvott. Mjúkt gúmmíið fer vel með málningu og glugga. Þvöruna má festa á Vikan skaft sem er fáanlegt í ýmsum stærðum.

ENNEMM / SÍA / NM28426

Spartan



GLERÚÐI
Frábær glerúði sem má einnig nota á mælaborð.




Xtreme BÍLASÁPA
Framúrskarandi sápa fyrir bílinn.

BESTA
- hrein fagmennska!

Tilboðið gildir til 15. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000


Heilbrigðisráðherra segir mál líffæragjafa og líffæraþega skoðuð vandlega:

# Lagabreyting um líffæragjöf athuguð

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir lagabreytingar í tengslum við líffæragjafir verða teknar til athugunar.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að talið er að þörf fyrir líffæragjafir eigi eftir að aukast á næstunni. Svokölluð líffærakort sem þeir sem myndu vilja að líffæri sín væru gefin gera takmarkað gagn. Þau hafa ekkert lagalegt gildi og ekki er haldið utan um skráninguna.



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

„Þetta er eitt af því sem er til skoðunar. Ég fagna því að þetta sé tekið til umfjöllunar því líffæragjöf, og álitamál í kringum hana, er ekki pólitískt álitamál heldur siðferðislegt mál sem þarf að ræða. Það skiptir máli að fólk líti inn á við og kynni sér þessi mál,“ segir Guðlaugur.

Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga Landspítalans, segir mismunandi löggjafir um líffæragjafir í löndum. Víða sé svokallað ætlað samþykki við lýði, en þá er gengið út frá því að fólk vilji gefa líffæri sín nema annað hafi komið fram. Hér á landi er gengið út frá ætlaðri neitun. Runólfur kveðst helst kjósa að litið yrði til lagasetningar á Spáni þar sem ætlað samþykki er í tengslum við líffæragjafir en ávallt leitað til ættingja til frekari staðfestingar. Þar hafi almenningur einnig verið fræddur vel um álitamál í tengslum við líffæragjafir.

Guðlaugur segist enn ekki hafa markað sér stefnu í þessu máli en þau verði skoðuð vandlega.

- kdk



**FRUMRAUNIN** Vel gekk að hífa manninn upp og slapp hann við öll meiðsl. MYND/ÞÓRARINN HÁVARÐSSON

# Fyrsta björgunarflug TF-GNÁ tókst mjög vel

**Ný björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ, hífði mann úr lúxussnekkjunni Eldingu II á Viðeyjarsundi í gær. Pústbarki hafði farið í sundur og báturinn fyllst af reyk. Manninn sakaði ekki en snekkjuna þarf að þrífa.**

**BJÖRGUN** Ný björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ, fór í sitt fyrsta björgunarflug í gær. Hífði áhöfnin mann úr báti á Viðeyjarsundi.

Laust fyrir hádegi barst kall frá lúxussnekkjunni Eldingu II, sem gerð er út frá Ægisgarði í Reykjavíkurhöfn. Pústbarki hafði farið í sundur með þeim afleiðingum að báturinn fylltist af reyk. Ekki er vitað af hverju pústbarkinn fór í sundur.

Einn maður var um borð, en hann var að flytja bátinn yfir í Sundahöfn í viðhald.

RÚN dró bátinn til hafnar, en dæla þurfti úr honum sjó, sem hóf að streyma inn þegar pústbarkinn fór í sundur.

Maðurinn var fluttur í skýli Landhelgisgæslunnar. Hann sakaði ekki. Að sögn Vaktstöðvar siglinga gekk björgunin eins vel og hægt var.

Eldur kom upp í hvalaskoðunarskipinu Hafsúlunni mánudaginn 25. júní síðastliðinn. Bátarnir eru í eigu sama fyrirtækis. Eldurinn hafði verið slökktur þegar báturinn kom til hafnar og engan sakaði.

Að sögn Vignis Sigursveinssonar rekstrarstjóra er nýbúið að uppfæra öryggisbúnað í snekkjunni.

Elding II er helst notuð í einkaferðir, meðal annars sjóstangveiði, segir Vignir. Báturinn er það sem kallað er lúxussnekkja.



**REYK LAGÐI AF BÁTNUM** Í upphafi lék grunur á að kviknað hefði í um borð í Eldingu II. MYND/ÞÓRARINN HÁVARÐSSON

„Það er hins vegar engin lúxuslykt í honum núna,“ segir hann. „Það verður verk að þrífa.“

steindor@frettabladid.is




**bmvalla.is**




# BM Vallá – stærri og sterkari

BM Vallá og Límtré Vírnet hafa um langt árabil verið í fararbroddi íslenskra iðnfyrirtækja og gegnt forystuhlutverki í framleiðslu fyrir íslenskan byggingavörumarkað, hvort á sínu sviði. Sameining þessara fyrirtækja er nú orðin að veruleika undir merkjum BM Vallá. Þar er saman komin áratuga þekking og reynsla í framleiðslu og lausnum fyrir íslenska byggingaraðila. Af nógu er að taka þegar litið er á úrvalið.

Kynntu þér málið á nýrri og glæsilegri heimasíðu okkar **bmvalla.is**



GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

**Nýtt símanúmer 412 5000**
**Ný heimasíða bmvalla.is**

BM·VALLÁ



**BEÐIÐ EFTIR VIÐSKIPTAVINI** Afganskur kústasali lagar á sér höfuðbúnaðinn meðan hann bíður eftir næsta kúnna á markaði í Herat vestur af Kabúl.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið að al-Kaída hafi staðið fyrir hryðjuverkaárás á bílalest í Jemen:

# Sjö Spánverjar létust og sex særðust

**JEMEN, AP** Sjö Spánverjar og tveir Jemenar dóu í hryðjuverkaárás í Jemen á mánudag. Hryðjuverkamaður keyrði bíl sem var fullur af sprengiefni inn í bílalest. Sex Spánverjar særðust en aðeins einn þeirra var lagður inn á sjúkrahús, að sögn spænska blaðsins El Pais. Auk þess særðust tveir Jemenar.

Árásin átti sér stað um 140 kílómetra austan við höfuðborgina San´a á svæði sem er þekkt fyrir stjórnleysi og er talið að hryðjuverkanetið al-Kaída hafi staðið á bak við hana.

Í bílalestinni voru þrettán Spánverjar frá Madríd, Baskalandi og Katalóníu sem voru að heimsækja afskekkt 3000 ára gamalt hof sem heitir Mahram Balqis þegar árásin átti sér stað. Al-Kaída hafði varað yfirvöld í Jemen við því að þau gætu hugsanlega gert hryðjuverkárásir á opinberar byggingar eða erlend sendiráð í landinu; þess vegna áttu þau ekki von á því að árás yrði gerð á þessum afskekkta stað.

Spænsk yfirvöld hafa varað Spánverja við því að ferðast til Jemen vegna þess að um 100 ferðamönnum hefur verið rænt í landinu síðan á tíunda áratugnum. Sautján Spánverjar hafa nú dáið í hryðjuverkaárásum á erlendri grundu frá árinu 1994, að sögn El Pais. - ifv



**HRYÐJUVERK** Frá vettvangi árásarinnar.
AP/FRÉTTABLAÐIÐ



**KEFLAVÍK-LÚXEMBORG** Beint flug milli Íslands og Lúxemborgar hefur legið niðri síðan árið 2000.

Ný flugleið Iceland Express:

## Beint flug til Lúxemborgar

**SAMGÖNGUR** Iceland Express hefur flug til Lúxemborgar í haust. Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir ástæðu þessarar nýju flugleiðar vera mikla eftirpurn frá viðskiptavinum og góð staðsetning borgarinnar.

Flogið verður á þriðjudögum og föstudögum og farið frá Keflavík síðdegis en frá Lúxemborg að kvöldi. Flogið verður á sex vikna tímabili, frá 28. september til 9. nóvember. Matthías segir að ef viðbrögð verði góð sé hugsanlegt að haldið verði áfram með flugið. - lbb

Tekjur eldri borgara óskertar:

## Ákvörðun ríkisstjórnar fagnað

**FÉLAGSMÁL Samtök verslunar og þjónustu fagna því að atvinnutekjur skerði ekki lengur bætur þeirra sem eru 70 ára og eldri, en hvetja jafnframt ríkisstjórnina til að lækka aldurinn niður í 67 ár hið fyrsta, að því er fram kemur í fréttatilkynningu samtakanna.**

**Einnig kemur fram í tilkynningunni að tæplega 4.000 manns á aldrinum 65 til 71 árs gætu hugsað sér að vinna launavinnu ef tekjur þeirra skertu ekki lífeyri eða aðrar bætur. Á þetta bæði við um eldri borgara og öryrkja, og hvetja samtökin því einnig til þess að bætur öryrkja sem hefja launaða atvinnu verði heldur ekki skertar.** - þeb




**GLERÁRDALSGANGAN** Göngugarpar hvíla lúin bein á milli tinda í göngunni á síðasta ári.
MYND/GLERARDALUR.IS

**TINDARNIR TUTTUGU OG FJÓRIR**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Hlíðarfjall | 1100m | 6. Kambsfjall | 1414m | 10. Tröllatindur | 1376m | 15. Hrútafjall | 1408m | 20. Bóndi | 1350m |
| 2. Blátindur | 1290m | 7. Hrossahnjúkur | 1450m | 11. Steinsfell | 1337m | 16. Stóristallur | 1440m | 21. Litli Krummi | 1190m |
| 3. Bunga | 1380m | 8. Tröllafjall nyrðra | 1454m | 12. Snorragnúpur | 1317m | 17. Glerárdalshnj. | 1328m | 22. Stóri Krummi | 1170m |
| 4. Strýta | 1456m | 8. Tröllafjall syðra | 1483m | 13. Jökulborg | 1421m | 18. Kerling | 1538m | 23. Syðrisúlur | 1213m |
| 5. Kista | 1474m | 9. Tröllahyrna | 1441m | 14. Kistufjall | 1407m | 19. Þríklakkar | 1360m | 24. Ytrisúlur | 1144m |

# 24 tindar gengnir á sólarhring

**Glerárdalshringurinn verður genginn í þriðja sinn á laugardag. Gengnir verða 24 tindar á sólarhring og er búist við um 70 þátttakendum. Fjallið Kerling er hæst í hringnum en það er 1.538 metrar yfir sjávarmáli.**

**ÚTIVIST** „Það stefnir í metþátttöku,“ segir Ragnar Sverrisson, kaupmaður á Akureyri og einn forsvarsmanna Glerárdalshringsins, sem verður genginn á laugardaginn næstkomandi.

Glerárdalshringurinn er ganga sem er gengin eftir fjallsbrúnum í Glerárdal fyrir ofan Akureyri. Á sólarhring eru gengnir 24 tindar eða einn tindur að meðaltali á klukkustund. Hæsta fjall leiðarinnar er fjallið Kerling sem er 1.538 metrar yfir sjávarmáli.

Að sögn Ragnars stefnir í að um 70 manns taki þátt í þessari þriðju göngu sem er farin. „Við skiptum fólkinu niður í þrjá hópa sem fara misjafnlega hratt yfir. Björgunarsveitin Súlurnar á Akureyri verður okkur síðan til halds og trausts. Þeir útvega öllum hópunum fjarskiptabúnað og verða með fjarskiptavakt og til þjónustu reiðubúnir ef á þarf að halda,“ segir Ragnar.

Hópnum verður skipt niður í þrennt eftir því hversu hratt þeir fara yfir. Fararstjóri A-hópsins, sem fer hraðast yfir, verður Þorvaldur Þórsson, fjallgöngumaður með meiru. Þorvaldur hefur sett sér það markmið að ganga á árinu 100 tinda sem eru yfir 1.400 metrum yfir sjávarmáli.

Glerárdalshringurinn er tæplega 50 kílómetra langur og heildarhækkun er um 4000 metrar. Lagt verður af stað frá Skíðahótelinu í Hlíðarfjalli og komið til byggða sólarhring síðar þar sem Skátafélagið Klakkur mun taka á móti göngugörpunum með hressingu og veita þeim viðurkenningaskjal.

andriv@frettabladid.is

## HUNDRAÐ TINDA-MAÐURINN



**ÞORVALDUR ÞÓRSSON**

**ÚTIVIST** „Ég er búinn með um 52 tinda núna,“ segir Þorvaldur Þórsson fjallgöngumaður sem setti sér það markmið að ganga 100 tinda, sem eru yfir 1.400 metrum yfir sjávarmáli, á árinu.

Á laugardag verður hann fararstjóri yfir A-hóp Glerárdalshringsins og mun ganga ellefu tinda sem ná 1.400 metrum og verður því búinn með um 63 tinda það sem af er árinu.

„Ég var að koma úr Kverkfjöllum þar sem ég gekk allar hæðir og bungur á svæðinu,“ segir Þorvaldur en þar gekk hann 35 kílómetra hring ásamt félögum sínum. Að því loknu héldu þeir á Bárðarbungu og Kistufell. Höfðu þeir lagt að baki 92 kílómetra á tveimur dögum. „Nú tekur bara við smá hvíld hérna á Akureyri til að safna kröftum og sleikja sárin,“ segir Þorvaldur. Undirbúningur fyrir verkefnið hófst í byrjun ársins 2006. Þá safnaði hann saman gögnum og upplýsingum og bjó til áætlun. Um haustið 2006 hófst líkamsþjálfun og fyrstu ferðina fór hann á nýársdag 2007 þegar hann gekk ásamt félögum sínum á tvo toppa í Tindfjöllum.

Þorvaldur heldur nákvæm gögn yfir öll ferðalögin með GPS-staðsetningartæki. Hann fer síðan yfir gögnin og gengur úr skugga um að topparnir nái tilskilinni hæð og 50 metra lækkun þess á milli sem er alþjóðlegt viðmið.




Gallaðar flöskur ollu vandræðum í bjórverksmiðju Kalda á Árskógssandi:

# Samstaða bjargaði stórri bjórpöntun

**IÐNAÐUR** Það var handagangur í öskjunni í bjórverksmiðju Kalda á Árskógsströnd aðfaranótt fimmtudagsins. Verksmiðjan afgreiddi stóra pöntun fyrir helgina en gallaðar flöskur ollu því að hlaða þurfti átöppunarvélarnar handvirkt.

„Við vorum að til klukkan fimm um nóttina og bíllinn kom að sækja pöntunina klukkan sex. Það mátti því ekki tæpara standa,“ segir Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Kalda.

Átöppun hófst á miðvikudagsmorgun og átti að vera lokið síðdegis á fimmtudag. Snemma kom í ljós að límmiðarnir tolldu ekki á nýju flöskunum og því varð að hlaða vélarnar handvirkt.

„Við þurftum að handleika hverja flösku svona fjórum til fimm sinnum. Setja hana inn í límmiðavélina og úr henni aftur og svo inn í átöppunarvélina og úr henni en venjulega gerist þetta sjálfvirkt,“ útskýrir Agnes og bætir því við að ekki hefði tekist að klára verkið ef vinir, ættingjar og nágrannar hefðu ekki hjálpað til.

„Það var mikil samstaða um að klára þetta verk og hér voru tólf manns við vinnu langt fram á nótt,“ segir Agnes sem reiknast svo til að um 19.400 flöskur hafi verið handleiknar þessa nótt.

Kaldi hóf framleiðslu sína í október í fyrra. - þo



**RAÐAÐ INN Í ÁTÖPPUNARVÉLINA** Agnes og félagar hennar á Árskógssandi töppuðu handvirkt á rúmlega 19 þúsund flöskur fyrir helgina.
MYND/SINDRI SVAN

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ ARMANI JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17

Herra lagerinn outlet

# Algjört verðhrun!

# 70%

## afsláttur af öllum vörum*

| | |
|---|---|
| Jakkaföt | frá kr. 11.094 |
| Skyrtur | frá kr. 2.094 |
| Útijakkar | frá kr. 5.094 |
| Leðurjakkar | frá kr. 10.494 |
| Stakir jakkar | frá kr. 5.994 |
| Buxur | frá kr. 2.994 |

*Af upprunalegu verði

OPIÐ SUNNUDAGINN 8. JÚLI FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



**VATNSLITIR** Drengur hleypur í sumarhitanum við gosbrunn í miðborg Búkarest í Rúmeníu. Rúmenskur listamaður setti svip á bæinn með því að setja skæra liti í gosbrunnana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísland er ýmist efst eða neðst í efnahagslegum samanburði Norðurlandanna:

# Minnstur hagvöxtur á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Efnahagsleg staða Norðurlandanna, miðað við önnur ríki, er eindæma góð þótt munur sé á stöðu og horfum einstakra landa.

Fjármálaráðherrar Norðurlandanna hittust nýverið í Helsinki og báru saman bækur sínar.



ÁRNI MATHIESEN

Kom í ljós að hagvöxtur á síðasta ári var minnstur á Íslandi, 2,6 prósent, en mestur í Finnlandi, 5,5 prósent.

Verðbólga var mest hér á landi, 6,8 prósent, í Noregi mældist hún 2,5 prósent en annars staðar var verðbólgan 1,3-1,9 prósent.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður á hinum Norðurlöndunum en talsverður viðskiptahalli var á Íslandi.

Afkoma ríkissjóðs var best í Noregi á síðasta ári en Ísland kom þar á eftir. Ríkissjóðir allra Norðurlandanna voru reknir réttum megin striks en til samanburðar var afkoman á evrusvæðinu í heild neikvæð og verður áfram, gangi spár eftir.

Atvinnuleysi var langminnst á Íslandi af Norðurlöndunum, það mældist 1,3 prósent á síðasta ári. - bþs

**ATVINNULEYSI**

**á Norðurlöndunum 2006**

| | |
|---|---|
| Ísland | 1,3% |
| Svíþjóð | 8,4% |
| Finnland | 7.7% |
| Danmörk | 4,3% |
| Noregur | 3,4% |

Heimild: Vefrit fjármálaráðuneytisins

Hezbollah-samtökin í Írak:

## Íransstjórn sögð fjarstýra árásum

**ÍRAK, AP Íranar nota líbönsku Hezbollah-samtökin sem staðgengil til að hervæða sjíamúslima í Írak og íranskar sérsveitir aðstoðuðu við árásirnar í Karbala í janúar. Þetta fullyrðir bandarískur hershöfðingi.**

**Þetta eru hörðustu ásakanir sem hafa komið frá Bandaríkjamönnum um að Íransstjórn taki þátt í að kynda undir ööld í Írak. Þetta er einnig í fyrsta sinn sem haldið er fram að Hezbollah-samtökin taki beinan þátt í átökunum í Írak.**

**Hezbollah-liði var handtekinn í suðurhluta Íraks og er hann sagður hafa verið að vinna fyrir sérsveitir Írans.** - pal



**FUMIO KYUMA** Sést hér taka við mótmælabréfi frá Tomihisa Taue, borgarstjóra Nagasakí, vegna ummæla sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðherra í Japan segir af sér:

## Ummæli um árásir gagnrýnd

**JAPAN, AP Varnarmálaráðherra Japans, Fumio Kyuma, sagði af sér í gær vegna ummæla sem hann lét falla um að kjarnorkuárásir Bandaríkjamanna á Hírósíma og Nagasakí árið 1945 hefðu verið óumflýjanleg leið til að binda endi á stríðið. Ummæli Kyumas voru gagnrýnd harðlega í landinu því margir líta svo á að kjarnorkuárásirnar hafi verið óréttlætanleg slátrun á óbreyttum borgurum.**

**Þjóðaröryggisráðgjafi japönsku ríkisstjórnarinnar, Yuriko Koike, tekur við embætti varnarmálaráðherra af Kyuma. Hún er fyrsta konan sem gegnir embættinu í Japan.** - ifv

Álver í Helguvík

## Athugasemdir við skýrslu

**STÓRIÐJA** Atvinnulífshópur Framtíðarlandsins hefur unnið og sent inn athugasemdir vegna frummatsskýrslu um álver í Helguvík.

Í athugasemdunum kemur fram að í álverinu myndu örfá hundruð manns fá atvinnu og margfeldisáhrif þess verði ekki meiri en af annarri atvinnustarfsemi. Leiddar eru líkur að því að eftir muni standa mikil mannvirki, mikið jarðrask og töpuð orka. Segir einnig að margt þykir benda til þess að fjárfestingar fyrir stóriðju séu ekki arðsamar í efnahagslegum skilningi og álverið muni skilja eftir sig fátækari þjóð en ella. - þeb

**GRINDAVÍK**

### Jarðskjálftahrina

Allsnörp jarðskjálftahrina varð við Grindavík rétt fyrir miðnætti á mánudag. Fundust skjálftarnir vel í Grindavík. Stærsti skjálftinn mældist um 3,5 á Richter en samtals mældust um 30 skjálftar á rúmum þremur klukkustundum.

Frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

skoðaðu dagskrána á heimasíðu mótsins

http://landsmot.kopavogur.is

LANDSMÓT UMFÍ KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

# Byggt eftir ógildu deiliskipulagi í 27 ár

**Héraðsdómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið af Álftanesbæ að synja lóðareiganda um byggingarleyfi á lóðinni. Deiliskipulag sem byggt hefur verið eftir frá 1980 hefur aldrei verið í fullu gildi. Kemur á óvart, segir eigandinn.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur sýknað Álftanesbæ af kröfu Halds ehf. um að fella verði úr gildi ákvörðun bæjaryfirvalda um að synja félaginu um byggingarleyfi á lóð við götuna Miðskóga. Harðvítugar deilur spruttu vegna málsins í desember síðstliðnum á milli Kristjáns Sveinbjörnssonar, forseta bæjarstjórnar Álftaness, og Henriks Thorarensen, annars eigenda Halds. Sá síðarnefndi sakaði Kristján um að beita valdníðslu til að koma í veg fyrir að húsið yrði byggt, þar sem það myndi skyggja á sjávarsýn Kristjáns úr eigin húsi.



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON

Skipulags- og byggingarnefnd Álftanesbæjar synjaði Henrik um útgáfu byggingarleyfis í nóvember, og krafðist hann að sú ákvörðun yrði felld úr gildi. Hann krafðist þess til vara að bærinn greiddi honum skaðabætur, þar sem hann hefði augljóslega keypt lóðina með það að augnamiði að reisa á henni hús, og hafi því orðið fyrir fjárhagslegu tjóni þegar honum var meinað það.

Henrik taldi teikningar sínar og plögg uppfylla alla skilmála sem deiliskipulag frá árinu 1980 kvað á um. Skipulagsstofnun og lögfræðingar sem skoðuðu málið fyrir Henrik voru á sama máli. Dómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að deiliskipulagið hefði aldrei verið fullgilt af sveitarstjórn og ekkert deiliskipulag væri í raun í gildi á svæðinu. Því þyrfti að miða við skilyrði sem sett eru í aðalskipulagi, og þau skilyrði uppfyllti fyrirhugað hús Henriks ekki.



**Á LÓÐINNI UMDEILDU** Henrik Thorarensen á lóðinni Miðskógum 8, þar sem hann hafði hug á að reisa hús. Húsið lengst til vinstri er hús Kristjáns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Af þeirri ástæðu fellst dómurinn á það „að lóð stefnda hafi ekki hlotið formlega afgreiðslu sem byggingarlóð." Þykir dómnum engu breyta þar um að byggt hafi verið á öðrum lóðum í nágrenninu án athugasemda.

Dómurinn vísaði frá skaðabótakröfunni þar sem ekki þótti nægilega vel sýnt fram á eða gert sennilegt að nokkurt tjón hafi hlotist af lóðarkaupunum og engin gögn lögð fram því til stuðnings. Önnur rök bæjarins fyrir synjuninni byggðust á náttúruverndarsjónarmiðum, þar sem umrædd lóð náði út í fjöru sem er á náttúruminjaskrá. Dómurinn fellst einnig á þau rök.

„Þessi dómur kemur mjög á óvart," segir Henrik. „Mér finnst mjög skrítið að það sé verið að dæma deiliskipulag ógilt sem hefur verið byggt eftir í aldarfjórðung." Hann býst við því að dómnum verði áfrýjað.

Kristján segist sáttur og ánægður með dóminn. „Ég tel hann réttan og samræmast lögum og reglum. Hann staðfestir allt sem ég hef sagt um þetta mál frá upphafi."

stigur@frettabladid.is

Frumvarp náði ekki í gegn:

## Innflytjendastefna Bush felld

**BANDARÍKIN, AP** Öldungadeild Bandaríkjaþings felldi fyrir helgi frumvarp ríkisstjórnar George W. Bush Bandaríkjaforseta að hertri löggjöf um innflytjendur. Fjórtán atkvæði vantaði upp á að frumvarpið yrði að lögum.

Í frumvarpinu er lagt til að landamæragæsla verði hert og markvissum aðgerðum beitt til að fækka ólöglegum innflytjendum á vinnustöðum. Milljónir ólöglegra innflytjenda hefðu fengið lagaleg réttindi með því að snúa stuttlega aftur til heimalandsins.

Bush var vonsvikinn að lokinni atkvæðagreiðslu, en frumvarpið átti stuðningsmenn og andmælendur bæði meðal demókrata og repúblikana. - sgj

Færeyskt fánastríð á Ródos:

## Danir krafnir skýringa

**FÆREYJAR Fyrir utan hótel á Ródos, þar sem nú fara fram Eyjaleikarnir svonefndu, var færeyski fáninn dreginn að húni á sömu fánastöng og danski fáninn og hafður undir honum. Að færeyski fáninn skyldi ekki fá að blakta jafnrétthár öðrum fánum Norðurlanda fór fyrir brjóstið á færeyskum mótsgestum og Högni Hoydal, leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Lögþinginu, krafði utanríkisráðherrann Per Stig Möller skýringa.**



**En Árni Ólafsson, talsmaður Færeyjamála í danska utanríkisráðuneytinu, tjáði Politiken að málið væri stormur í vatnsglasi. Utanríkisþjónustan hefði ekki haft neitt með það að gera að flaggað skyldi hafa verið með þessum hætti fyrir utan umrætt hótel.** - aa

Fíkniefnabrotum hefur fjölgað stöðugt síðustu ár og hald hefur verið lagt á meira magn eiturlyfja:

# Brotum fjölgar þrátt fyrir þyngri refsingar

**DÓMSMÁL** Ólíkt öðrum afbrotum hefur fíkniefnabrotum fjölgað stöðugt frá árinu 2001. Brotunum hafði fjölgað um 58 prósent árið 2005 miðað við meðaltal síðustu fimm ára þar á undan.

Þetta kemur fram í masters-ritgerð í refsirétti eftir Evu Sigrúnu Óskarsdóttur, sem lauk laganámi við Háskóla Íslands í vor. Ragnheiður Bragadóttir var leiðbeinandi við rannsóknina.

Gera má ráð fyrir að fíkniefnabrotin séu fleiri, þar sem langt því frá öll þeirra eru kærð til lögreglu. Fjölgun þeirra má mögulega skýra með betra eftirliti. Nær öllum öðrum tegundum afbrota hefur farið fækkandi á sama tímabili.

Þrátt fyrir að refsingar hafi verið þyngdar hefur framboð fíkniefna aukist, að því er fram kemur í rannsókninni. Lögregla lagði hald á meira magn fíkniefna í fyrra en árið áður, samkvæmt bráðabirgðatölum. Til dæmis var lagt hald á 46 kg af amfetamíni árið 2006, en tæp 9 kg árið 2005.

Sama gildir um kókaín, en í fyrra var lagt hald á tæp 13 kg af kókaíni. Árið 2005 var aðeins lagt hald á rúmt kílógramm.

Ein undantekning er á þessu, en hald var lagt á 26.231 e-töflu árið 2001, en aðeins 2.089 töflur árið 2006. Segir í rannsókn Evu að þetta megi mögulega rekja til þynginga refsinga vegna e-taflna á sama tímabili. - sgj

**FÍKNIEFNI GERÐ UPPTÆK**

| | 2005 | 2006 |
|---|---|---|
| Amfetamín | 9 kg | 46 kg |
| Kókaín | 1 kg | 13 kg |



**E-TÖFLUR** Lögregla leggur hald á færri e-töflur nú en áður. NORDICPHOTOS/AFP

Sýning í Kópavogi:

# Minnast merks jafnréttisáfanga

**FÓLK** Í dag eru 50 ár liðin frá því að Hulda Jakobsdóttir varð bæjarstjóri í Kópavogi, fyrst kvenna á Íslandi. Af því tilefni verður opnuð sýning um störf Huldu í Bókasafni Kópavogs. Þar verða sýndir munir í eigu afkomenda hennar auk opinberra skjala. Það eru afkomendur Huldu og jafnréttisnefnd Kópavogs sem standa fyrir sýningunni.

Dagskrá verður á bókasafninu í Kópavogi klukkan fimm í dag vegna opnunarinnar en að henni lokinni fer fram afhending árlegrar jafnréttisviðurkenningar nefndarinnar. Viðurkenningin er nú veitt í sjötta sinn. **- þeb**

Mikið haft fyrir því að hindra að varahlutir í orrustuþotur berist til Írans:

# Floti F-14 orrustuþotna molaður í brotajárn

**BANDARÍKIN, AP** Þegar F-14 Tomcat-orrustuþotan var fyrst tekin í notkun snemma á áttunda áratugnum kostaði stykkið 38 milljónir dollara og var tákn um hernaðarlega yfirburði Bandaríkjanna í lofti.

Bandaríkjaher lagði síðustu slíku vélunum sem hann hafði í þjónustu sinni síðastliðið haust. Og nú er verið að mola þær í brotajárn til að hindra að varahlutir lendi í röngum höndum.

Eftir að það fregnaðist í byrjun þessa árs að varahlutir í F-14-þotur bærust frá Bandaríkjunum í hendur Írana og fleiri þjóða sem bandarísk yfirvöld hafa lagt bann við hergagnasölu til, brá bandaríska varnarmálaráðuneytið á það ráð að banna alla sölu á slíkum varahlutum.

Til að tryggja það bann enn betur er nú verið að klippa vélarnar sem eftir eru, í flugvélakirkjugarði Bandaríkjahers í Tucson í Arizona, niður í smábita.

Íranar keyptu áttatíu F-14-þotur á áttunda áratugnum, þegar landið var enn bandamaður Bandaríkjanna. Klerkastjórnin, sem tók við völdum í Teheran árið 1979, reynir enn að halda flota F-14-þotna í flughæfu ástandi. **- aa**



**BÍÐA EYÐINGAR** Floti F-14-þotna á herflugvelli í Tucson í Arizona, þar sem þær bíða eyðingar. F-14-þotur gerðu áður garðinn frægan m.a. með því að leika aðalhlutverk í Hollywood-myndinni Top Gun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HÁLSLÓN** Botnráslokurnar verða opnaðar annað slagið í sumar til að hægja á fyllingu Hálslóns. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Botnráslokurnar opnaðar:

# Rennsli eykst í Jöklu á ný

**VIRKJANIR Botnráslokur Kárahnjúkavirkjunar voru opnaðar í gær til þess að hægja á fyllingarhraða Hálslóns. Lokurnar verða opnar þangað til á föstudagskvöld.**

**Á heimasíðu Kárahnjúkavirkjunar segir að í fyrstu verði litlum spýjum hleypt í gegnum stífluna en seinni partinn í dag verða lokurnar opnaðar til fulls.**

**Þegar líður á júlímánuð verða botnlokurnar opnaðar á nýjan leik og verða þá opnar meira og minna út ágústmánuð og jafnvel fram í september.**

**Meðan botnlokurnar eru opnar eykst rennsli í farvegi Jökulsár á Dal um 135 til 310 rúmmetra á sekúndu.** **- þo**

Landssamtök sauðfjárbænda:

# Sigurður til sauðfjárbænda

**FÓLK** Sigurður Eyþórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON**

Jafnframt því mun Sigurður gegna framkvæmdastjórastarfi hjá Markaðsráði kindakjöts.

Sigurður hóf störf hjá Framsóknarflokknum árið 1994 og varð framkvæmdastjóri flokksins 2003. Hann lét af því starfi um áramót.

Sigurður, sem er fæddur og uppalinn í Kaldaðarnesi í Flóa, var formaður nefndar forsætisráðherra sem fjallaði um fjármál stjórnmálaflokka. **- bþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveggja bíla árekstur

Engin slys urðu á fólki í hörðum árekstri tveggja bíla á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar í gærdag. Bílarnir skemmdust mikið og voru dregnir á brott með krana og olía hreinsuð upp úr götunni. Þónokkrar tafir urðu á umferð vegna árekstursins.

### Ók á hjól

Bifreið ók í veg fyrir fimmtán ára dreng á hjóli á bílastæði við Hamarsgerði í gær. Drengurinn slasaðist lítillega en hjólið skemmdist töluvert.




**Svona erum við**

> Heildarraforkunotkun Íslendinga í gígawattstundum.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: LÍFFÆRAGJAFIR

## Geta bætt og bjargað lífum

Á hverju ári þurfa nokkrir Íslendingar á líffæraígræðslu að halda en þörfin eftir líffæragjöfum hefur aukist síðustu ár. Svokölluð líffæragjafakort hafa ekki lagalegt gildi og er því talið að þörf sé á úrbótum á löggjöf um líffæragjafir.

**Í hverju er líffæragjöf fólgin?** Líffæragjöf felst í því að líffæri eru fjarlægð úr látinni manneskju og síðan grædd í sjúklinga með lífshættulega sjúkdóma í þessum líffærum. Stundum er hluti nýra eða lifrar tekið úr lifandi fólki og grædd í sjúklinga.

**Hverjir þurfa líffæraígræðslu?** Allir þeir sem veikjast af alvarlegum sjúkdómum í nýrum, hjarta, lifur, lungum og brisi geta þurft á líffæragjöf að halda. Fyrir börn með meðfædda sjúkdóma getur ígræðsla verið það eina sem bjargar lífi þeirra. Á hverju ári þarfnast um það bil tíu sjúklingar á Íslandi líffæraígræðslu. Ígræðslurnar fara fram á Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Þangað fara þau líffæri sem gefin eru hérlendis og eru þau hluti af norrænum líffærabanka.



**Í hvaða tilvikum kemur líffæragjöf helst til greina?** Mikill meirihluti líffæragjafa kemur frá einstaklingum sem hafa látist vegna blæðingar eða blóðtappa í heila eða vegna mikilla höfuðáverka. Yfirleitt eru það einangraðar alvarlegar skemmdir á heilavef sem leiða til heiladauða á meðan önnur líffæri starfa um sinn. Líffæri verður að fást frá nýlátnum einstaklingi. Ekki er unnt að nýta líffærin nema í litlum hluta dauðsfalla en hver líffæragjafi getur bjargað allt að sex mannslífum. Mikill skortur er á líffærum til ígræðslu.

**Hversu góður er árangurinn af líffæragjöf?** Yfirleitt er árangurinn góður og líffæragjöf bætir lífsgæði. Margir geta lifað eðlilegu lífi með ígrædd líffæri.

SPURT & SVARAÐ
NÁMSLÁN

## Lánað fyrir námi erlendis

Nýverið voru úthlutunarreglur námslána fyrir námsárið 2007-8 samþykktar. Björg Magnúsdóttir er Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands.



**BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**
Lánasjóðsfulltrúi

**Hversu há eru námslánin?** Gunnframfærsla einstaklings í leiguhúsnæði er 94.000 á mánuði á næsta skólaári.
**Hvaða þættir hafa áhrif á lánin?** Tekjur hafa áhrif á upphæð láns, lánin skerðast um því sem nemur tíu prósentum af heildartekjum námsmanns á árinu á undan. Tekjuskerðingin hefur lækkað frá því í fyrra. Auk þess hafa ýmsir þættir áhrif, til að mynda barneignir.
**Hvar er hægt að leita sér þjónustu varðandi námslán?** Hægt er að hafa samband við mig, Lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs Háskóla Íslands á skrifstofu SHÍ eða hjá skrifstofu LÍN fyrir þá sem eru í öðrum háskólum. Í ár er í fyrsta sinn lánað fyrir grunnnámi við skóla erlendis. Þetta má allt kynna sér á heimasíðu Lánasjóðsins, www.lin.is.

# Reykjanesbær með tögl og hagldir

**Þróist mál sem horfir virðist aðeins vera tímaspursmál hvenær Reykjanesbær nær 2/3 hlut í Hitaveitu Suðurnesja, og fær þar með möguleikann á að afnema forkaupsrétt hluthafa. Komi sú staða upp getur bærinn selt Geysi Green Energy hlut í félaginu án þess að aðrir hluthafar hafi nokkuð um það að segja.**






FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

Hörð barátta er nú háð um Hitaveitu Suðurnesja (HS) í kjölfar þess að stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar ákváðu að nýta kauprétt að 15,2 prósenta hlut ríkisins sem samið hafði verið um að Geysir Green Energy (GGE) keypti. Reykjanesbær virðist þar í lykilstöðu.

Samningatónn virðist þó kominn í bæði fulltrúa Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar, og búist við að fundað verði um málið á næstu dögum til að reyna að ná samkomulagi um samstarfsaðila.

### Nýta forkaupsrétt

Eftir að ríkið ákvað að selja GGE sinn hlut í HS ákváðu sveitarfélög á Suðurlandi og Suðurnesjum að selja einnig sína hluti í félaginu, þó nokkur sveitarfélög hafi ætlað að halda eftir litlum hlut. Um tíma leit því út fyrir að GGE næði um 43,5 prósenta hlut í félaginu. Reykjanesbær á 2,5 prósenta hlut í GGE, og hefðu því GGE getað náð undirtökunum í hitaveitunni með fulltingi Reykjanesbæjar, með samanlagðan hlut upp á um 83 prósent.

Forkaupsréttur hluthafa á hlutum þeirra sem kjósa að selja hefur flækt málin, en fari sem horfir mun endanleg niðurstaða verða svipuð og upphaflega blasti við, þó hlutur GGE verði trúlega minni en 43,5 prósentin sem stefndi í.

Yfirvöld í Reykjanesbæ, Hafnarfjarðarbæ og Grindavíkurbæ tilkynntu fjármálaráðuneytinu formlega í gær að þau hyggist nýta forkaupsrétt að hlut ríkisins. Ekki er komið að því að sveitarfélögin geti nýtt forkaupsréttinn á hlutum annarra sveitarfélaga sem vilja selja þar sem stjórn HS á eftir að fjalla um hvort félagið sjálft nýti sinn forkaupsrétt. Verði það ekki gert geta Hafnarfjörður, Grindavík og Reykjanes neytt forkaupsréttar á þeim hlutum líka.

Forkaupsrétturinn er í réttu hlutfalli við eign félaganna sem hans neyta í félaginu. Ef þrjú sveitarfélög ætla að neyta forkaupsréttar á þeim 43,5 prósentum sem ætlunin er að selja kemst Reykjanesbær í tæplega 62 prósenta hlut, Hafnarfjörður í 24 prósent og Grindavík í rúm 13 prósent og önnur sveitarfélög í innan við eitt prósent.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði áforma að selja þann hlut sem bærinn kaupir með forkaupsrétti til Orkuveitu Reykjavíkur (OR), og eiga möguleika á að selja einnig þau rúm 15 prósent sem bærinn átti upphaflega. Stjórnendur Grindavíkur áforma sölu á nær öllum hlut bæjarins til OR.

### Myndast nýr forkaupsréttur

Þar með er björninn þó ekki unninn, því ef Hafnarfjörður og Grindavík ákveða að selja í HS fá aðrir eigendur aftur forkaupsrétt. Þar með gæti Reykjanesbær gengið inn í þá samninga og tryggt sér vel yfir 2/3 hluta í HS.

Ef bærinn kemst í þá stöðu geta bæjaryfirvöld ákveðið að breyta samþykktum HS og afnumið forkaupsréttinn alfarið. Þar með opnast möguleikar á því að selja GGE hlut í fyrirtækinu án þess að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eða Grindavík geti komið að málinu.

Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE, segir að félagið geti vel hugsað sér að eignast um þriðjungs hlut í HS. Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir þriðjungs eignarhlut GGE ásættanlegan fyrir Reykjanesbæ, sem muni hvernig sem fari halda ráðandi hlut í HS, í það minnsta 34-35 prósentum.

Gunnar Svavarsson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar í stjórn HS, segist reikna með því að aðilar fundi um málið á næstu dögum. Upphaflega hafi ekki annað vakað fyrir Hafnarfirði en að tryggja sína stöðu innan HS með samningum. Þegar á það hafi ekki verið hlustað hafi bænum verið nauðugur einn kostur að nota forkaupsréttinn. Nú virðist þó möguleikinn á því að ná ásættanlegri stöðu fyrir Hafnarfjörð í gegnum samninga góður. Hafnarfjarðarbær beri fullt traust til Reykjanesbæjar, GGE og OR í þessum efnum.

### Hafa áhrif á atburðarásina

Árni segir líklegt að fundað verði um framhaldið á næstu dögum og reynt að finna samstarfsaðila sem allir geti sætt sig við. „Við viljum hafa áhrif á atburðarásina, og verja Hitaveitu Suðurnesja, á Suðurnesjum, og um það snýst okkar verkefni.“

### SEGIR HAFNARFJÖRÐ HAGNAST Á KAUPUM

Orkuveita Reykjavíkur hefur boðið hluthöfum í Hitaveitu Suðurnesja 7 krónur á hvern hlut í félaginu. Bæjaryfirvöld í Grindavík fengju 4.174 milljónir fyrir þann tæpa 8 prósenta hlut sem þau hyggjast selja á því verði. Tækju Grindvíkingar hins vegar boði Geysis Green Energy upp á 7,1 krónu á hvern hlut fengju þeir um 60 milljónum króna hærri upphæð í bæjarsjóð.
„Það sem við erum undrandi á er að Grindavík sé að selja á lægra verði en við buðum þeim. Okkur finnst þetta athyglisvert, að þeir ákveði að kasta frá sér þarna 60 milljónum,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE.
Fram kom í yfirlýsingu sem GGE sendi frá sér á mánudag að félagið hafi einnig boðið Hafnarfjarðarbæ að kaupa hlut bæjarins á 7,1 krónu hvern hlut, en þar stefna bæjaryfirvöld á að selja OR á 7 krónur. Bærinn getur því fengið um 115 milljónum króna hærri upphæð fyrir allan hlut sinn með því að selja Geysi, en 64 milljónum hærra verð selji bæjaryfirvöld aðeins þann hluta sem þau ætla að kaupa með forkaupsrétti sínum.
Gunnar Svavarsson, fulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn HS, segir bæinn ekki hafa haft tilboð í hendi frá GGE þegar ákveðið hafi verið að selja OR. Í stað þess að tala um tap bæjarins af sölu til OR ætti að líta til hagnaðar sem myndist við að kaupa hlut ríkisins á genginu 6,72 og selja á 7 en á því gæti bærinn innleyst milli 300 og 400 milljóna króna hagnað.

### EKKI MISTÖK AÐ SELJA HLUT RÍKISINS



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

„Ég held að það sé ástæða til að staldra við og fara yfir hugmyndir stjórnvalda og annarra um opinberan rekstur eða einkarekstur í orkumálum. Ég held að það orki tvímælis að það fari fram stórfelld einkavæðing á orkufyrirtækjum án þess að það hafi verið tekin um það pólitísk ákvörðun eða farið fram pólitísk umræða um þetta,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, starfandi iðnaðarráðherra.
Hann segir að það hafi ekki verið mistök að semja um sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja (HS) til Geysis Green Energy. Undanfarinn hefði þó mátt vera sá að tekin væri pólitísk ákvörðun um heppilegt umfang einkareksturs í þessum málum. Hann sagði að sér litist ágætlega á að Orkuveita Reykjavíkur kaupi hlut í HS.

13 HÓTEL ALLAN HRINGINN
1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar


ENNEMM / SÍA / NM13168


Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is
Sími 444 4000


Sjónvarps-
tækifæri
ÓTRÚLEGT VERÐ!
Tilboð 149.900
42PC1RR
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms
Verð 299.900
80 GB UPPTÖKU-DISKUR
50PC1RR
50"
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms
Verð 189.900
42LC51
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 5 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
Verð 219.900
42LC2D
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1600:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Stafrænn móttakari
Kortarauf
Verð 199.900
80 GB UPPTÖKU-DISKUR
42LC2RR
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8 ms
Verð 179.900
80 GB UPPTÖKU-DISKUR
37LC2RR
37"
upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8ms
Verð 109.900
32LC51
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 8 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
Verð 119.900
32LC2RB
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1000:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Verð 98.900
26LC2R
26"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.200:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Verð 64.900
20LC1RB
26"
Upplausn 640x480
Skerpa 500:1
Birtustig 550
Viðbragðstími 16 ms
Verð 95.900
23LC1RB
23"
Upplausn 1366x768
Skerpa 600:1
Birtustig 600
Viðbragðstími 8 ms
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG Life's Good

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Landsbyggð á tímamótum.

## Þróun eða stöðnun

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Sú var tíð að það var talið ýmsum stjórnmálamönnum til vegsauka og virðingar að gefa sérfræðingum fyrir sunnan langt nef. Sérstaklega gaf þetta góða raun þegar fiskifræðingar áttu í hlut. Af yfirlýsingum sjávarútvegsráðherra verður ekki ráðið að hann ætli að láta ímyndarvanda af þessu tagi rugla sig í ríminu við ákvörðun heildarafla enda þunnur þrettándi í nútímapólitík.

Undirbúningur væntanlegrar ákvörðunar hefur verið vandaður. Nægur tími hefur verið gefinn til almennrar umræðu. Ólík sjónarmið hafa fengið bæði tíma og rúm til að kallast á. Hinu verður ekki breytt að mikill niðurskurður í þorskveiði er þungt efnahagslegt áfall. Það snertir fyrirtæki, byggðarlög og einstaklinga.

Við slíkar aðstæður er ekki einfalt mál fyrir hagsmunasamtök að taka ábyrga afstöðu. Sem endranær sýnir Sjómannasambandið þann styrk. Forystumenn þess eiga lof skilið fyrir vikið. Því dapurlegra er að sjá LÍÚ bogna eftir hartnær fjögurra áratuga staðfestu og ábyrgð í þessum efnum.

Um langan tíma hefur verið ljóst að sjávarútvegur getur ekki mætt þörf fólks á landsbyggðinni fyrir fjölgun starfa. Sjávarútvegur rétt eins og aðrar framleiðslugreinar bætir framleiðni með meiri tæknivæðingu og færra fólki. Þessi þróun verður enn hraðari á komandi árum eigi greinin ekki að staðna.

Að óbreyttum heildarafla blasti þar af leiðandi við að færra fólk en áður þyrfti til að leysa sömu störf af hendi. Þetta er eina leiðin fyrir sjávarútveginn til þess að standast samkeppni. Því fremur verður þessi staðreynd ljós þegar við blasir að skera þarf niður þorksveiðiheimildir svo um munar.

Viðgangur sjávarbyggða mun í framtíðinni velta á því að sjávarútvegurinn geti keppt um menntað vinnuafl í tæknivæddri framleiðslu og að samhliða verði plægður jarðvegur fyrir ný atvinnutækifæri á öðrum sviðum. Ef langtíma hugsun býr að baki mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar á ekki að líta á þær eingöngu sem tímabundnar varnaraðgerðir. Þær ættu líka að fela í sér nýja sókn á öðrum sviðum.

Margir tala um nauðsyn þess að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu þannig að halda megi mynstri veiða og vinnslu sem mest óbreyttu og tryggja með því atvinnu og búsetu. Hætt er við að slík tilraun myndi stöðva þróun og einfaldlega breyta sjávarútveginum í einhvers konar Árbæjarsafn liðinnar tíðar. Fátæklegastar að skynsemi og rökréttri hugsun eru þó tillögur um að leysa vanda veikustu byggðanna með því að hækka skatta á helstu fyrirtæki þeirra.

Fiskveiðistjórnarkerfið hefur verið umdeilt. Ástæðan er fyrst og fremst sú að framleiðniaukningin hefur eðlilega fækkað störfum og veikt einstakar byggðir. Þeirri þróun verður ekki snúið við með breyttu fiskveiðistjórnunarkerfi eigi atvinnugreinin að hafa áframhaldandi svigrúm til að bæta framleiðnina og styrkja samkeppnisstöðu sína. Þess vegna eru þeir að blekkja sem halda því fram að vanda veikra sjávarbyggða megi leysa með breyttu kerfi; jafnvel þó að snoturt hjartalag búi að baki.

Í þessu ljósi er mikilvægt að mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar verði almennar og miði í stærstu dráttum að því að skapa umhverfi þar sem nýjar atvinnugreinar geta sprottið upp. Þróun er ekki alltaf sársaukalaus en hún er vænlegri kostur en stöðnun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Stærsta hlaupakeppni í Kópavogi

Götuhlaup

laugardaginn 7. júlí kl. 11

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

2007 LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sporlatir ráðherrar

Þingflokkur Samfylkingarinnar hittist í húsakynnum Alþingis að Austurstræti 2 í gær og fór yfir alvarlega stöðu í byggðarmálum. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, sem einmitt fer með byggðamál, var fjarverandi. Að fundi loknum stigu hinir ráðherrarnir fimm upp í jafn marga ráðherrabíla og óku í veðurblíðunni hina löngu leið frá Austurstræti að stjórnarráðinu við Lækjargötu. Hvað ætli þurfi að gróðursetja mörg tré til að kolefnisjafna það?



### Kaffi Kjartan

Eins og heyra má í útvarpsauglýsingum er búið að þurrka af borðum Franska kaffihússins á Rauðasandi eftir vetrardvala. Kaffihúsið er notalegt og heimilislegt en lætur ekki mikið yfir sér og er aðeins opið nokkrar vikur á ári. Eigendur eru hjónin Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og Sigríður Snævarr sendiherra, en þau leggja upp með að á Rauðasandi sé frekar fámennt og góðmennt en raka að sér aur.



### Lúxusblogg

Helgi Vilhjálmsson, jafnan kenndur við Góu, birti heilsíðuauglýsingu í Mogga í gær, þar sem hann hvetur Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra til að verja einu prósenti af innkomu lífeyrissjóðanna í húsabyggingar fyrir aldraða. Kannski reyndist Dr. Gunni sannspár í Bakþönkum sínum um „lúxusblogg“ auðmanna, það er að eftir víðfrægar auglýsingar Jóhannesar í Bónus fyrir kosningar, teldust þeir aðeins menn með mönnum sem hafa efni á að reifa sjónarmið sín með þessum hætti.



bergsteinn@frettabladid.is

## Konur í auglýsingum



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í DAG | Jafnréttismál

Nú á tímum hnattvæðingar stýra margar og mótsagnakenndar tilhneigingar framvindu mála. Sem betur fer birtist okkur vaxandi umhverfisvitund í ýmsum myndum en um leið er miskunnarlaus gróðahyggja drifkraftur í hinu alþjóðlega viðskiptalífi, eins konar hnattvæddur græðgiskapítalismi. Svipaða sögu má segja af baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Í orði kveðnu viðurkenna allar hugsandi manneskjur mikilvægi þess að tryggja jafnrétti, ekki aðeins í orði heldur í reynd, enginn rís upp og segist andvígur slíku. Því mætti halda að kvenfrelsi og jafnrétti kynjanna væri á næsta leiti en svo er því miður ekki. Flestir viðurkenna að kynbundinn aðstöðu- og launamunur er óverjandi hneisa og ekkert annað en brot á mannréttindum og skerðing á frelsi kvenna. Hversu djúpt sannfæringin ristir hjá hverjum og einum, hvað menn eru tilbúnir til að gera þegar á reynir til að bæta ástandið, er önnur saga.

### Þingað um málið í Evrópuráðinu

Enn vandast málin þegar út í önnur og óbeinni birtingarform karla- eða feðraveldisins kemur. Eitt slíkt var á dagskrá fundar jafnréttisnefndar þingmannasamkomu Evrópuráðsins og á þinginu sjálfu sem undirritaður sótti í síðustu viku, þ.e.a.s. hvernig kvenlíkaminn eða kvenímyndin er notuð í auglýsingum.

Margir, og þar á meðal sumir ræðumanna á Evrópuþinginu, ypptu öxlum og töldu málið léttvægt, jafnvel að það ætti ekki heima undir hatti umræðna um jafnréttisbaráttu kynjanna. Aðrir, og þar á meðal undirritaður, urðu til að benda á að óviðeigandi og jafnvel auðmýkjandi notkun kvenlíkamans er einmitt birtingarform niðurlægjandi viðhorfa í karllægu samfélagi. Dæmi um slíkt eru ótalmörg, nægir að nefna auglýsingar, þar sem fáklæddar konur og ungar stúlkur eru notaðar sem hlutir til að fanga athygli þeirra sem ætlunin er að selja bifreiðar eða veiðiútbúnað.

### Er vilji til breytinga?

Rétt eins og umræður um umhverfislega ábyrgð fyrirtækja, viðskiptalífsins og samfélagsins alls þurfa að ná dýpra en til yfirborðsins, þá verður siðferðileg og félagsleg ábyrgð og virðing fyrir frelsi og réttindum kvenna að rista dýpra en nú er. Mikilvægt er að stefna og viðhorf ríkisstjórna, viðskiptalífsins og samfélagsins taki til hvers kyns brota gegn jafnrétti kynjanna, beinna sem óbeinna.

Til að ná fram kvenfrelsi og þar með jafnrétti kynjanna þarf fyrst og fremst hugarfarsbreytingu, þótt einnig sé nauðsynlegt að beita jafnréttislögum, ákvæðum um auglýsingar í samkeppnislögum, siðareglum og öðrum þeim tækjum sem til er að dreifa í þessum anga jafnréttisbaráttunnar.

Það er áhyggjuefni hversu litlu áralöng barátta fyrir jafnrétti kynjanna á Vesturlöndum hefur skilað. Þrátt fyrir lagasetningu, rannsóknir og aukna meðvitund lætur hugarfarsbreytingin á sér standa. Það vekur upp spurninguna um viljann: er það í raun vilji samfélagsins að konur nái jöfnum rétti á við karla? Ef við viljum það í raun er nauðsynlegt að skoða allt samfélagið: sjálfstæði kvenna og velferð, stöðu þeirra í atvinnulífinu, kjaramálin, stöðu þeirra á heimilunum, kynbundið ofbeldi, og valdahlutföllin. Þá eru ótaldar staðalímyndirnar, sem eru birtingarmynd hinna raunverulegu viðhorfa sem karlasamfélagið fóstrar og viðheldur.

### Vöknum til vitundar

Hvernig kynin eru sýnd í fjölmiðlum skiptir miklu máli fyrir viðhorf okkar gagnvart hlutverkum kynjanna og stöðu þeirra í þjóðfélaginu. Ef konur eru ævinlega sýndar sem hlutir og skrautmunir hlýtur það að síast inn í vitund okkar. Að sama skapi eru karlar oftar en ekki sýndir sem gerendur er hafi vald yfir eigin lífi og jafnvel annarra. Rannsóknir hafa leitt í ljós að þessar klisjukenndu birtingamyndir hafa áhrif á launamuninn, ofbeldið og kynbundin völd, þess vegna ætti okkur ekki að vera neitt að vanbúnaði að takast af alvöru á við að uppræta innrætingu af þessu tagi.

Sem betur fer eru skaðleg áhrif staðalmynda kynjanna orðin hluti af pólitískri umræðu og það mun sennilega fara vaxandi næstu ár ef það er raunverulegur vilji okkar að breyta stöðu kvenna í samfélaginu.

Stjórnmálaflokkarnir hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna í þessari baráttu og nauðsynlegt að þeir tengist þeim frjálsu félagasamtökum sem unnið hafa mikilvægt starf í þágu kvenfrelsis og jafnréttismála. Nauðsynlegt er að vekja áhuga sem flestra og virkja félags- og menningarlíf, fjölmiðla, menntakerfi og vinnumarkaðinn allan. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að afnema þau karllægu viðhorf sem viðhalda forréttindum karla í samfélaginu. Í því augnamiði ber að færa aukin áhrif og völd til kvenna, sem mun á endanum skila sér í réttlátara samfélagi fyrir alla, konur og karla.

*Formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.*

## Einkavæðing fyrir hvern?

UMRÆÐAN

Hitaveita Suðurnesja



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Geysir Green Energy hafa eignast tæp 44 prósent í Hitaveitu Suðurnesja með kaupum á hlut ríkisins og sveitarfélaganna Vestmannaeyja, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs, Árborgar og Kópavogs. Reykjanesbær og Hafnarfjörður hafa enn ekki selt og óvíst hverjar fyrirætlanir þessara sveitarfélaga eru.

Ásgeir Margeirsson, framkvæmdastjóri Geysis Green Energy sagði í viðtali við RÚV að kaup fyrirtækisins væru ekki einkavæðing heldur markaðsvæðing og virk samkeppni ætti að skila lægra verði til neytenda.

En hver er reynslan af bylgju markaðsvæðingar á undanförnum árum? Ríkisbankarnir voru seldir og hefur útibúum fækkað auk þess sem þjónustugjöld og vextir hafa hækkað. Síminn var seldur og ein af fyrstu ákvörðunum nýrra eigenda var m.a. að stórminnka þjónustuna úti á landi auk þess sem íbúar á landsbyggðinni borga meira fyrir verri þjónustu.

Á Íslandi er engin samkeppni á orkumarkaði og hafa ný lög ekki breytt neinu þar um. Sú virðist einnig vera raunin í nágrannalöndum okkar, þar sem töluvert fleiri búa. Nýleg skýrsla í Svíþjóð sýnir svart á hvítu að markaðsvæðing orkufyrirtækja hefur ekki skilað neytendum neinu. Þvert á móti eru það orkufyrirtækin sem enn eru í opinberri eigu sem bjóða lægsta verðið, að jafnaði 24 prósentum lægra. Um leið skila þau mjög ásættanlegum hagnaði til eigenda sinna, sem eru íbúar viðkomandi sveitarfélaga.

Geysir Green Energy er búið að leggja 22,5 milljarða í kaup á Hitaveitu Suðurnesja og einhvern veginn þurfa þeir að ná inn þeim peningum. Líkurnar á samkeppni frá öðrum löndum, s.s. með flutningi rafmagns frá Evrópu um sæstreng eru engar. Því má ætla að viðskiptavinir Hitaveitu Suðurnesja, íbúar sveitarfélaganna sem seldu, eigi eftir að borga þann brúsa með einum eða öðrum hætti áður en yfir lýkur.

Einkavæðing eða markaðsvæðing mun því enn á ný sanna gildi sitt fyrir fjármagnseigendur.

Við, neytendur sitjum hins vegar eftir með sárt ennið.

*Höfundur er varaþingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.*

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
HELLFIRE



HPI Hellfire RTR, 3ja hestafla fjarstýrt torfærutæki nú á lækkuðu verði.
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587 0600
www.tomstundahusid.is



Brynhildur var mjög ánægð með sumarnámskeið Kramhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gangandi pýramídi, afró og reiðnámskeið

***Brynhildur Melot er átta ára gamall nemandi í Vesturbæjarskóla. Hún er í sumarfríi núna en ætlar síður en svo að sitja aðgerðalaus og er meðal annars búin að fara á sumarnámskeið hjá Kramhúsinu.***

Brynhildur er mjög ánægð með námskeiðið sem hún var á í Kramhúsinu og segir að margt skemmtilegt hafi verið gert á því. „Fyrst fórum við í svona minnisleikli til þess að læra nöfnin á öllum og svo í dans og leiklist. Systir mín er að kenna afró í Kramhúsinu og við vorum líka hjá henni og síðan lærðum við að gera einhvers konar labbandi pýramída og fengum trúð í heimsókn,“ segir hún.

Sumarnámskeiðin í Kramhúsinu eru vikulöng og Brynhildur var að fara á námskeið í fyrsta skipti en sennilega ekki það síðasta. „Ég gæti alveg hugsað mér að fara aftur á svona námskeið,“ segir hún ánægð.

Allt á námskeiðinu var jafn skemmtilegt að sögn Brynhildar og hún getur alls ekki gert upp á milli. „Mér finnst bara mjög gaman að fara á svona námskeið á sumrin,“ segir hún.

Brynhildur er því ekki hætt að fara á námskeið í sumar þótt hún sé búin á námskeiðinu í Kramhúsinu. Næst á dagskrá er nefnilega reiðnámskeið. „Ég hef heldur aldrei farið á reiðnámskeið áður svo ég hlakka mjög mikið til,“ segir hún.

*emilia@frettabladid.is*

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430




BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662



**Bílstólar** fyrir börnin eru lífshættulegir ef stólarnir og börnin eru ekki rétt fest. Farið nákvæmlega eftir leiðbeiningum þegar stólarnir eru festir. Leitið ráða hjá seljanda og í leiðbeiningum sem fylgja stólunum.







# Enginn gleiðgosaháttur

***Honda Accord executive býður af sér góðan þokka og kemur fyrir sem hógvær en kraftmikil skepna.***




Smekklegur að utan og notalegur íburður að innan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við fyrstu kynni virkaði Honda Accord executive svolítið eins og félagsheimilið í myndinni Með allt á hreinu.

Það var lítið að sjá að utan en þegar inn var komið blasti risastór, glansandi salur við Stuðmönnum. Íburður Hondunnar er sambærilegur og það höfðaði til mín því það er alltaf ákveðinn klassi yfir því að vera ekki endilega með „blíngblíngið", glysið og glamúrinn útum allt að hætti olíufursta.

Excecutive-útgáfan af Hondu Accord er meðal annars búin leðursætum og sóllúgu sem er góð blanda, sér í lagi þegar veðurblíðan leikur við landsmenn. Á milli framsætanna er að finna mörg þægileg geymsluhólf og öruggur staður fyrir GSM-símann er undir útvarpstækinu en það er ótvíræður kostur, því hver kannast ekki við það að gemsinn flýgur undir bílsætið ef maður leggur hann óvart frá sér á rangan stað?



Einfalt mælaborð sem skilar sínu og bráðnauðsynlegur skriðstillir í stýrinu forðar ökumönnum frá hraðasektum á þjóðvegum.

Að aka Hondu Accord var nánast óaðfinnanlegt. Viðnám stýrisins hóflega eftirgefanlegt, hann er hljóðlátur og jafn snöggur upp og maður myndi búast við af bíl sem er búinn 2,4 lítra vél og 190 hestöflum. Skriðstillirinn var alger snilld þegar út fyrir höfuðborgina var komið og mjög auðvelt að slökkva og kveikja á honum, enda stjórnkerfið í stýrinu.

Mælaborð Hondunnar er með óbeinni, þrívíðri lýsingu sem skilaði sínu án þess að trufla og er það í samræmi við áðurnefndan hógværðar klassa.

**HONDA ACCORD**

**Vél:** 2.4 lítra bensín
**Afl:** 190 hestöfl/223 Nm
**Þyngd:** 1.506
**Verð frá:** 2.699.000
**Verð prufubíls:** 3.489.000

Í nóvember í fyrra unnu tveir bílar frá Hondu (Honda Fit og Accord Hybrid) tvö efstu sætin í áreiðanleikakönnun sem gerð var á vegum CNN og almennt séð hefur þessi bíll notið mikilla vinsælda í Evrópu og Bandaríkjunum. Það er ekki að undra því Honda Accord er eftirgefanlegur og samviskusamur gæðingur sem lætur vel að stjórn og veldur eiganda sínum ekki vonbrigðum.

*mhg@frettabladid.is*




## Fyrsta umhverfisvottaða umboðið

TOYOTA-BÍLAUMBOÐIÐ HLÝTUR UMHVERFISVOTTUN SAMKVÆMT ALÞJÓÐLEGUM STAÐLI.

Toyota hefur fyrst íslenskra bílaumboða fengið faggilda umhverfisvottun, samkvæmt hinum alþjóðlega ISO 14001 umhverfisstaðli.

Um er að ræða alþjóðlegan staðal sem gerir kröfur til fyrirtækja um að þróa og innleiða stefnu og markmið í umhverfismálum, með tilliti til lagalegra krafna og umhverfisþátta.



Toyota-menn voru að vonum ánægðir með viðurkenninguna.

Vottunin merkir að óháður aðili hefur staðfest að viðkomandi fyrirtæki uppfylli öll skilyrði samnefnds staðals.

Heimavinnunni er þó engan veginn lokið, þar sem Toyota þarf reglulega að sýna fram á að umhverfisvænum markmiðum sé náð og vinna áfram að úrbætum, í því skyni að halda vottuninni.

- rve








**Töfragarðurinn** á Stokkseyri er tilvalinn viðkomustaður fyrir fjölskylduna þegar ferðast er um Suðurland. Í garðinum eru fjölmargar dýrategundir og leiktæki. Oft er hægt að fá gefins kettling úr garðinum og þeir sem hyggjast fá sér einn ættu að drífa sig í Töfragarðinn.


# Mallorca
## í júlí
## Sértilboð - Club Cala D'or Park
## frá aðeins kr. 39.990
**Aðeins örfáar íbúðir!**





Bjóðum nú síðustu sætin til Mallorca í júlí á frábæru tilboði.

Bjóðum einstök kjör á gistingu á Club Cala D´or Park íbúðahótelinu á Cala D´or, 13., 20 og 27. júlí. Fjölskylduvænt íbúðahótel sem býður upp á góða staðsetningu og notalega stemmningu. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.

Verð kr. **39.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.

Verð kr. **49.990**
Netverð á mann , m.v. 2 fullorðna saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.

Heimsferðir
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099**
**www.heimsferdir.is**




Í Rotterdam fá tónlistarunnendur sjaldgæft tækifæri til að sjá hljómsveitina HAM stíga á svið.

# Reykjavík til Rotterdam

***Hljómsveitin Ham er meðal þeirra sem koma fram á íslenskri menningarhátíð í Rotterdam í nóvember.***

Íslenska menningarhátíðin Reykjavík til Rotterdam fer fram í Rotterdam í Hollandi dagana 21.-24. nóvember. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin í borginni.

Áherslan er lögð á íslenska samtímamenningu, einkum tónlist, dans og kvikmyndir. Hátíðin er óvenju fjölbreytt og fer fram á fjórum stöðum í borginni þar sem rúmlega tuttugu hljómsveitir troða upp. Auk þess verða tólf íslenskar kvikmyndir og níu stuttmyndir sýndar.

Af hápunktum hátíðarinnar má nefna hljómsveitirnar Ham og Múm, íslenska dansflokkinn, Baltasar Kormák sem situr fyrir svörum auk fjölbreyttan hóp íslenskra tónlistarmanna.

Sjóðurinn Reykjavik to Foundation er drifkrafturinn á bakvið hátíðina. Markmiðið er að veita íslenskum listamönnum tækifæri á að kynna list sína fyrir breiðum hópi áhorfenda erlendis og stuðla að tengslamyndun meðal Íslendinga búsetta erlendis.

Í bígerð eru fjórar aðrar íslenskar menningarhátíðir sem verða haldnar í Danmörku, Þýskalandi, Svíþjóð og Finnlandi á næsta ári.

*- rh*



Fulltrúaþing alþjóðasamtaka hjúkrunarfélaga fór fram í Yokohama í Japan.

# Kveðja frá japönsku keisaraynjunni

***Jón Aðalbjörn Jónsson hitti japönsku keisaraynjuna í Yokohama.***

„Það kom mér á óvart hversu alþýðleg hún var í framkomu og eins að öryggisgæslan skyldi ekki vera meiri en svo að hún heilsaði okkur með handabandi," segir Jón Aðalbjörn Jónsson, fulltrúi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem varð þess heiðurs aðnjótandi að hitta keisaraynjuna af Japan, þegar hann var staddur í lokahófi fulltrúaþings alþjóðasamtaka hjúkrunarfélaga, í Yokohama í Japan.

„Það var eiginlega algjör tilviljun að hún skyldi staðnæmast og gefa sig á tal við okkur," heldur Jón áfram, sem var eini Íslendingurinn á svæðinu. „Japanarnir voru mjög hissa þar sem hún gefur sig ekki að hverjum sem er og auk þess var ekki einu sinni útséð um að hún gæti verið viðstödd veisluna."

Að sögn Jóns spurði keisaraynjan út í þjóðlönd hvers og eins og þegar röðin kom að honum virtist hún ágætlega að sér um Ísland. „Hún ræddi meðal annars um náttúrufegurðina og sagðist eiga góðan vin á Íslandi, frú Vigdísi Finnbogadóttur, sem gert hefði stórkostlega hluti í málefnum kvenna um allan heim.

Sjálf hefur hún ekki komið til Íslands, en sagði nokkra meðlimi konunglegu fjölskyldunnar þegar hafa gert það og bæru þeir landi og þjóð góða sögu. Hún bað loks




Jón lætur vel af heimsókninni til Japan.

fyrir kveðju til íslenskra hjúkrunarfræðinga og Íslendinga almennt."

Japanska keisaraynjan var þó ekki eina fyrirmennið sem Jón hitti á þinginu, þar sem Muna Al-Hussein, prinsessa af Jórdaníu, var sérstakur heiðursgestur við opnunarhátíð þingsins, þar sem hún gegnir hlutverki verndara samtaka hjúkrunarfræðinga í arabalöndunum.

Á heildina litið er Jón ánægður með heimsóknina til Japans og segist ekki muna eftir þjóðfélagi, þar sem jafn mikið er lagt upp úr hreinlæti og það þótt hann hafi ferðast víða. Óhætt megi segja að Japan eigi sér hvergi hliðstæðu í heiminum.

*roald@frettabladid.is*






# Draumavagninn þinn á frábæru sumartilboði!

Nú er einstakt tækifæri til að ná afar góðum samningum við sölumenn okkar sem eru í sólskinsskapi og veita aldeilis frábær tilboð á Camp-let tjaldvögnunum og Starcraft fellihýsunum. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Þetta er tækifæri ársins til að ná sér í kostagrip á frábæru verði!

MotorMax

**MotorMax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070 - **Toyota Akureyri** - Sími 460-4300
**www.motormax.is**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

SJÓKAYAK NÁMSKEID LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERDIR
FRÁ REYKJAVÍK OG STYKKISHÓLMI
SÉRMENNTAD FAGFÓLK Í KENNSLLU OG LEIDSÖGN Á SJÓKAYAK
S:6903877



**Sumarnámskeið** fyrir börn eru í fullum gangi. Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, ÍTR, býður upp á fjölmörg námskeið. Sjá nánar: www.itr.is

## Listasýning ætluð börnum

GENGIÐ UM GANGA SÝNDARLISTASAFNSINS

Listavefurinn er vefsíða sem er unnin af Næst og gerður í samstarfi við Listasafn Íslands. Vefurinn er ætlaður börnum og geta þau ferðast um ganga sýndarlistasafns sem er uppbyggt eins og Listasafn Íslands. Þar er að finna verk eftir marga íslenska myndlistarmenn ásamt því sem vefurinn fræðir börnin um myndbyggingu, litafræði, formfræði og fleira. Mikið af verkunum á safninu eru í eigu Þjóðminjasafnins. Slóðin er www.nams.is/listavefurinn.



útsalan hefst á morgun
40% afsláttur
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

Sensitive ungbarnalína
Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna
**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa “sápulaus”. Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.



Fæst í apótekum um land allt

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið



Trostan Matthíasson kátur í margnota bleiunni sinni. Mamma hans, Liv Anna Gunnell, segir kosti þess að nota slíkar bleiur ótvíræða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Margnota bleia borgar sig

***Liv Anna Gunnell kaupir margnota bleiur fyrir son sinn Trostan og lætur vel af.***

„Eftir að ég setti mig inn í þetta mál hef ég hitt marga foreldra sem kaupa fjölnota bleiur fyrir börnin sín,“ segir Liv sem kaupir umhverfisvænar, margnota bleiur fyrir Trostan litla á netinu.

„Þær eru fáanlegar í mörgum stærðum og litum fyrir börn á öllum aldri, alveg niður í ungabörn, en bleiurnar sem við notum núna eru hannaðar af móður barns sem hafði ofnæmi fyrir því að hafa þvag við húðina. Taubleiur valda börnum alls ekki þessum sömu óþægindum og plastbleiurnar vilja gera. Fyrir utan það þá bætast þær ekki í það tveggja tonna fjall af plastbleium sem hvert barn sendir á haugana,“ segir Liv Anna.

Spurð að því hvort það kosti ekki tíma og fyrirhöfn að notast við margnota bleiur segir hún svo ekki vera

„Fólk er hrætt við að þetta sé voðalegt basl. Þvo og brjóta saman og svo framvegis, en málið er að maður þarf bara að prófa og þá venst það strax. Einu sinni prófuðum við umhverfisvænar, einnota bleiur en manninum mínum fannst allt of mikið vesen að nota þær, þannig að hann gafst bara upp strax og náði í taubleiu. Þær eru ekkert flóknari í notkun en hinar, minna ofnæmisvaldandi, ódýrari og umhverfisvænni líka.“

Áhugasamir geta farið á www.babykind.co.uk til að fræðast meira um bleiurnar hans Trostans.

*mhg@frettabladid.is*

## Dregið úr veikindum barna

GÓÐ HREINLÆTISAÐSTAÐA OG HANDÞVOTTUR GETUR KOMIÐ Í VEG FYRIR VEIKINDI HJÁ BÖRNUM.

Góð aðstaða til að skipta á bleium, handþvottur og hrein aðstaða til að útbúa barnamat hjá dagmæðrum og leikskólum getur dregið verulega úr veikindum barna. Samkvæmt nýrri rannsókn geta jafnvel blöndunartæki með skynjara, og ruslafötur undir bleiur sem opnaðar eru með fótunum komið í veg fyrir að smitsjúkdómar berist. Rannsóknin var unnin í Bandaríkjunum og voru tveir leikskólar teknir fyrir í rannsókninni. Báðir voru látnir bæta allt hreinlæti en annar þeirra fékk einnig nýjan útbúnað, nýja vatnskrana, ruslafötur og nýjar borðplötur voru settar upp í eldhúsi og í kringum svæðið þar sem handþvottur og bleiuskipti fóru fram. Borðplöturnar voru lausar við öll samskeyti. Við þetta dró úr veikindum bæði hjá börnum og starfsfólki á báðum stöðunum, en þó enn meira á staðnum þar sem skipt var um útbúnað. *- keþ*



Handþvottur og hreinlæti á svæðinu þar sem hendur eru þrifnar getur dregið úr smitsjúkdómum.

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

## Útilegubúnaður



Vorum að taka upp nýjar vörur fyrir hjólhýsi og húsbíla. Skoðaðu úrvalið hjá okkur. Markísur, sóltjöld, sólarsellur, grill, borð og stóla, borðabúnað og mfl. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S: 517 7040 www.hobbyhusid.is

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í Álfaskeiði Hafnafirði. 24fm. á 30 þús. Uppl. í s. 661 7216.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusali auglýstu frítt**

**Leigjandi leitaðu frítt**

Leiga.is býður
✓ Leiguráðgjöf
✓ Mat á leigjendum
✓ Gerð leigusamninga og trygginga

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Herb. við Hagamel, með húsgögnum aðgang að snyrtingu. Uppl. í s. 899 1220 eftir k.l 18. Verð 20 þús. á mán.

**Til leigu**
Verktakar og fyrirtæki eiga til leigu 4 herb. íb. í rvk. Íb. leigist með öllum húsbúnaði og aðgang að þvottahúsi, svefnaðstaða er fyrir 6. Eingöngu leigt til fyrirtækja. Uppl. í s. 860 8410.

Til leigu til 14. sept. 3-4 h. íbúð í suðurhl. Kópavogs. Eitthvað af húsgögnum og sjónvarp geta fylgt eftir þörfum. Meðmæli óskast og farið er fram á fulla fyrirframgr. ásamt tryggingu. Uppl. í síma 899 4428 & 555 1693 & agusta@taktur.net

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu. Herb. fylgir salerni með sturtu og þvottavél, einnig er sjónvarpskrókur til afnota og net-tenging fylgir herb. Aðgengi að fullbúnu eldhúsi. Staðsetning, Hafnafj. við Lónsbraut. Uppl. í s. 895 8843. eftir kl. 13.00

## Húsnæði óskast

50 ára karlmaður óskar eftir 2. Herb. íbúð strax. Reyklaus og reglusamur. Sími. 824 0556 Henryk.

Stór fjölskylad óskar eftir 7 + íbúð í langtímaleigu. Uppl. gefur Guðbjörg í síma 820 8408 & 517 8401 eða senda á gb@fjolskyldan.org.

Enskumælandi stúlka er að leita að stúdíó eða lítilli íbúð í miðbæ Rvk. Reyklaus og reglusöm, skilvísum greiðslum heitið. Sími 695 8508.

Námsmenn með eitt barn óska eftir 3-4 herb. íb. á svæði 170 eða 107 (þá nálægt Seltjarnarnesi) frá og með sept, jafnvel fyrr. Skilvísar greiðslur. Reyklaus og reglusöm. S. 860 0262 & 847 4557.

Óska eftir herb. eða lítilli íb. Meðmæli og tryggingar ef óskað er. Laghentur. Uppl. í s. 895 9559.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Joao, tlf. 864-9873**

AVM
Alltaf gott fólk

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**
**Verkamenn, pípara, múrara, flísamenn, kranamenn, gröfumenn, járnbindingarmenn, steypusmiði, trésmiði, suðumenn ofl. Allir hafa þeir hæfni á sínu sviði og auðveldir í samskiptum.**
**Sjáið síðuna okkar www.avm. is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

SÓLON
kaffi & bistro

**Kaffi Sólon**
**óskar eftir að ráða Uppvaskara, aðstoðarfólk í sal og eldhús**
**Fastar vaktir eða aukavinna í boði**
**Frekari upplýsingar á staðnum alla daga frá kl 14 - 17 eða í síma 562 3232 á þeim tíma.**

SÓLON
kaffi & bistro

**Kaffi Sólon**
**óskar eftir að ráða: Uppvaskara, aðstoðarfólk í sal og eldhús**
**Fastar vaktir eða aukavinna í boði**
**Frekari upplýsingar á staðnum alla daga frá kl 14 - 17 eða í síma 562 3232 á þeim tíma**

**Hentugt starf fyrir fólk á öllum aldri**
**Hýsing - vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir áreiðanlegu og traustu starfsfólki í vörumerkingu og meðhöndlun. Starfið felur í sér vöru- og verðmerkingar, flokkun, talningu og meðhöndlun á fatnaðir, skóm og búsáhöldum. Vinnutíminn er kl. 08:00-16:30. Tilvalið starf fyrir fólk á besta aldri. Bónus mánaðarlega, háður frammistöðu. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Kristjánsson á staðnum.**




THORVALDSEN

**Thorvaldsen Bar, Bistro og Grill**
**Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu og einnig 100% starf . Góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Þeir sem hafa áhuga hafa samband við Samúel í síma 697 9004. eða á sammi@thorvaldsen.is**

KAFFI BRENNSLAN
RESTAURANT BAR

**Kaffibrennslan**
**Starfsfólk óskast í allar stöður.**
**Vinsamlegast sendið umsóknir á 3000@safari.is**

**Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?**
Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í sölustarf á kvöldin. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Óska eftir manni vönum húsaviðgerðum. Stundvísi skilyrði. Uppl. í s. 690 9855

**GLOBAL ICE**
Óskum eftir að ráða verkamenn til ýmisa strafa. Uppl. í s. 660 8500, Guðbjartur.

Vélamaður óskast á beltagröfu. Jarðmótun ehf óskar eftir að ráða vélamann á beltagröfu. Framtíðarstarf, góð kjör og vinnuaðstæður. Uppl. í s. 892 0989 og netf. elias@jardmotun.is

Kaffi Roma á Rauðarárstíg óskar eftir starfsfólki frá 1. ágúst. Fullt- og hlutastarf í boði. Uppl. í s. 866 0576 eða á staðnum.

Málningarvöruverslun. Óskum eftir vönum afgreiðslumanni til framtíðarstarfa. Einnig í boði sumarstarf fram í miðjan ágúst. S. 896 9747.

**Hellulist ehf.**
Óskum eftir mönnum í hellulagnir. Uppl. gefur Gísli í s. 698 5222.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**




Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, rafvirkjar, raestingafolk o.fl. S.8457158

Trukkadama óskar eftir vinnu á Trailer. Nánari uppl. í s. 846 2866.

Óska eftir vinnu, er með meirapróf, er vanur, get byrjað strax. S. 893 3752.

Fjóra byggingaverkamenn frá Litháen vantar vinnu, eru með 12 ára reynslu. Mennirnir eru í Litháen en geta komið með skömmum fyrirvara. 898 3021, bjorn@ritverk.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




TélyThailænding á Íslandi Rauðikrossinn. Ef einhver vantar að losna við allt ýmistlegt td. frá fötum til bíla eða bara til aðstoða þá með vinnu eða peningum endilega hafið samband í síma 893 8886 eða Engihjalli 8. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum td.

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

## Tilkynning frá Heilsugæslunni Lágmúla

Þann 7.júlí nk. mun Ólafur Mixa, læknir, láta af störfum sem heimilislæknir við Heilsugæsluna Lágmúla 4. Salome Ásta Arnardóttir, heimilislæknir á sömu stöð, mun eftirleiðis sinna þeim sjúklingum hans sem svo kjósa að því tilskyldu að þeir eigi búsetu í Reykjavík.

**Heilsugæslan Lágmúla 4,**
Salome Ásta Arnardóttir
Ólafur Mixa

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

## Einnig er hér birt leiðrétting á auglýsingu sem birtist 20. júní sl.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

### Stekkjarbrekkur, Hallsvegur suður

Tillaga að deiliskipulagi á svæði sem afmarkast af ánni Korpu, Vesturlandsvegi og fyrirhuguðum Hallsvegi frá Víkurvegi að Vesturlandsvegi.
Tillagan felur í sér að gert er ráð fyrir tveimur atvinnulóðum, bráðabirgðavegi frá hringtorgi á Vesturlandsvegi að miðsvæði vestan vegar, göngu- og reiðstíg og fimm þúsund og fimm hundruð m² settjörn. Einnig er tekið frá helgunarsvæði vegna framtíðarlegu Lambhagavegar - Stekkjarbrekku
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Tryggvagata 19

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.118.3 Kvosina vegna lóðarinnar að Tryggvagötu 19.
Tillagan gerir ráð fyrir að aðkoma verði frá Naustum á miðju húsi og er gert ráð fyrir bílageymslu á annarri og þriðju hæð. Akstursbraut inni í húsinu verður framlengd. Á fjórðu og fimmtu hæð er leyfð hækkun á húsi í suður og verða þessar hæðir nýttar sem skrifstofuhúsnæði. Hluti af þaki þriðju hæðar er nýttur fyrir bílastæði
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 4. júlí 2007 til og með 15. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 15. ágúst 2007.**
**Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

### Sóltún 2-4.

*Tillaga er auglýst á ný vegna villu í innslætti í fyrri augl. sem birtist 20. júní sl. Einnig er hér með upplýst að tillagan verður í kynningu frá 20. júní til og með 15. ágúst, átta vikur samtals, samkvæmt sérstakri bókun skipulagsráðs varðandi erindið.*

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ármannsreit við Sóltún vegna húsanna á lóðum við Sóltún 2 - 4.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að á lóðinni að Sóltúni 4 megi byggja sex hæða hús, í stað fjögurra hæða, fyrir hjúkrunartengda þjónustu auk einnar hæðar tengibyggingar við núverandi hjúkrunarheimili. **Lóðirnar Sóltún 2 og Sóltún 4 verða ein lóð** og verður sameiginleg bílastæðaþörf alls 174 bílastæði. Gert verður ráð fyrir bílakjallara undir núverandi stæðum við Sóltún 2 sem myndi rúma 78 stæði. Sameiginleg lóð stækkar um 310 m² vegna stækkunar byggingareits
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 4. júlí 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# FISKVINNSLA Í HAFNARFIRÐI

Okkur í Hamrafelli vantar duglegt fólk í snyrtingu og pökkun.
Ef þú hefur áhuga, hafðu þá vinsamlegast samband
í síma 565-0830 á virkum dögum.

*Við hlökkum til að sjá þig.*

**allt** atvinna

**Alla sunnudaga**

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ EHF

## Meiraprófsbílstjórar - Íslenska gámafélagið

Okkur vantar meiraprófsbílstjóra vegna aukinna verkefna.
Mikil vinna framundan

Upplýsingar gefur Auðun Pálsson, audun@gamur.is og í síma 577-5757

**Auglýsingasími**

**512 50 50**

– Mest lesið

## Leikskólinn Sólborg í Sandgerði auglýsir lausar eftirfarandi stöður:

3 heilsdagsstöður 100%
2 hálfsdagsstöður 50%
1 staða matráðs 100%
1 hálfsdagsstaða í sérkennslu (vinnutími eftir samkomulagi)
Einnig er laus staða við þrif frá og með 1.október 2007.

**Umsóknarfrestur er til 11.júlí**

Nánari upplýsingar í síma 4237620
Jórunn Guðmundsdóttir leikskólastjóri
Hanna Gerður Guðmundsdóttir aðst.leikskólastjóri

Heimasíða leikskólans : www.leikskolinn.is/solborg



**Draumahús** 530 1800



### Lyngmói 5 - 800 Sel







Frum

**18.200.000**
Einstaklega glæsilegt 169,6 fm. 4-5 herbergja parhús þ.a. 30,7 fm bílskúr við botnlangagötu á góðum stað á Selfossi. Eigninni verður skilað fullbúinn að utan og rúmlega fokheld að innan, búið að einangra útveggi. Mjög vandaður frágangur á eigninni.
***BÓKIÐ SKOÐUN S. 530 1800/1811***

# Föst lág söluþóknun

Alltaf föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**FAX 533 4041**

Kjöreign ehf

**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
**Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali**

**Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is**

## OPIÐ HÚS í dag miðvikudag kl. 17.30 - 19.00

Frum







**DEPLUHÓLAR 8 - 111 RVK.**
Glæsilegt tveggja íbúða einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Stærð alls um 448,4 fm. Aðkoma er á efri hæð hússins. Á neðri hæð er íbúð með sérinngangi. Falleg gróin lóð og yfirbyggðar svalir. **EINSTAKLEGA VEL STAÐSETT EIGN VIÐ ÓBYGGT GRÓIÐ SVÆÐI. ÓVIÐJAFNANLEGT ÚTSÝNI.**

***Sölumaður Kjöreignar verður á staðnum í dag milli kl. 17.30 - 19.00.***

**Kristinn Valur Wiium**
**Sölumaður, sími: 896 6913**

**Ólafur Guðmundsson**
**Sölustjóri, sími: 896 4090**

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA



Guðlaugur H. Guðlaugsson
Löggilltur fasteignasali
laugi@studlaberg.is



Halldór Magnússon
Löggilltur fasteignasali
dori@studlaberg.is



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Sölumaður
gulli@studlaberg.is

# Lúxusíbúðir við Pósthússtræti í Keflavík



26 íbúða fjölbýli á 7 hæðum,
þar af tvær þakíbúðir
Einangrun að utanverðu og flísalagt
Stærð íbúða 100m² - 126m² / þakíbúð 160m²
Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðunum
Fjórar íbúðir á hæð
Gott aðgengi og lyfta í stigahúsi
Glæsilegar innréttingar frá Trésmiðju Ella Jóns
Halogenbox innsteypt í loftaplötur
Vandaðar flísar á baðherbergi og þvottahúsi
Hiti í öllum gólfum íbúðar
Gólfsíðir gluggar
Sérlega vel hugað að hljóðeinangrun, m.a. með
tvöföldum gólfum
Mjög mikil lofthæð í íbúðum
Verktaki er Meistarahús

**Sölusýning fimmtudag frá kl. 18:00 - 20:00**

**20.900.000,-**

Fasteignasalan Stuðlaberg · Hafnargötu 29 · 2. hæð · 230 Reykjanesbæ · Sími: 420 4000 · Fax: 420 4009 · www.studlaberg.is



*Okkar kæra mamma, tengdamamma, amma og langamma*

**Ragnhildur Stefánsdóttir,**
Ljósheimum 8, Reykjavík,

sem lést á Grensásdeild Landspítalans miðviðkudaginn 27. júní, verður jarðsungin í Fossvogskirkju föstudaginn 6. júlí kl. 15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Hollvinasamtaka Grensáss.

**Stefán Ómar Oddsson** **Ása Birna Áskelsdóttir**
**Ríkharður Oddsson** **María Viggósdóttir**
**María Berglind Oddsdóttir**
**börn og barnabörn.**



**Freysteinn Jónsson,**
Vagnbrekku, Mývatnssveit,

verður jarðsunginn frá Skútustaðakirkju föstudaginn 6. júlí kl. 14.

**Áslaug Freysteinsdóttir** **Guðmundur Þórhallsson**
**Hjálmar Freysteinsson** **Sigríður Þórðardóttir**
**Guðrún Freysteinsdóttir** **Húnn Snædal**
**Egill Freysteinsson** **Dagbjört Bjarnadóttir**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Karl Gústaf Ásgrímsson,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, sunnudaginn 1. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Svanhildur Th. Valdimarsdóttir**
**Margrét Inga Karlsdóttir**
**Helga Jóhanna Karlsdóttir** **Rúnar Sólberg Þorvaldsson**
**Bjarni Karlsson**
**Svanhildur A. Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sverrir Norland**
Sunnuvegi 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, þriðjudaginn 26. júní. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Margrét Norland**
**Kristín Norland**
**Jón Norland** **Sigríður Signarsdóttir**
**Halla Norland** **Valdimar Sigurðsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og afi,*

**Einar S. Ólafsson**
framkvæmdastjóri, Háholti 6, Garðabæ,

sem andaðist á heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 22. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afbeðin en þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á heimahlynningu LSH (Krabbameinsfélagið, sími 540-1990).

**Inga Jóna Andrésdóttir**
**Ásta Sigríður Einarsdóttir** **Finnbogi V. Finnbogason**
**Elínborg Einarsdóttir** **Örn Þórðarson**
**Inga Ólöf Sigurjónsdóttir** **Alexander Arndísarson**
**Alexander Dagur Finnbogason**
**Einar Auðunn Finnbogason**
**Ólafur J. Einarsson**
**Sjöfn Ólafsdóttir** **Eyjólfur Sigurðsson**
**Sigríður Williamsdóttir** **Andrés Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**

**GINA LOLLOBRIGIDA FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1927**



*„Ég geri það sem ég vil núna. Ég hef bara ekki tíma til að gera það allt.“*

Ítalska leikkonan Gina Lollobrigida hefur leikið í fjölda kvikmynda og verið tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 4. JÚLÍ 1973

## Danadrottning til Íslands

Margrét II Danadrottning og Henrik prins, maður hennar, komu í fjögurra daga opinbera heimsókn til Íslands 4. júlí árið 1973. Þúsundir Íslendinga hylltu þau við komuna til landsins og reyndu landsmenn að gera þeim heimsóknina sem ánægjulegasta. Slagveðursrigning og rok olli þó dálitlum vandræðum er drottningin og fylgdarlið hennar fór um Suðurland á öðrum degi heimsóknarinnar og torveldaði veðrahamurinn mjög ferðalagið og móttökurnar. Þó voru merkisstaðir heimsóttir þar svo sem Þingvellir, Skálholt, Gullfoss og Geysir. Alls staðar var hinum tignu gestum vel fagnað.

Betur viðraði á Margréti drottningu og Hinrik prins á Norðurlandi. Þangað héldu þau á þriðja degi heimsóknarinnar í fylgd íslensku forsetahjónanna Kristjáns Eldjárns og Halldóru Ingólfsdóttur. Þar fengu gestirnir ágætt veður og frábærar viðtökur.



**MARGRÉT DANADROTTNING OG KRISTJÁN ELDJÁRN FORSETI ÍSLANDS.** Á bak við þau Henrik prins og Halldóra Ingólfsdóttir forsetafrú. MYND/GVA

HULDA JAKOBSDÓTTIR: VARÐ BÆJARSTJÓRI FYRST KVENNA FYRIR 50 ÁRUM

# Lagði skýra áherslu á velferð barnanna í bænum

Hulda Jakobsdóttir varð bæjarstjóri í Kópavogi, fyrst kvenna, þann 4. júlí fyrir fimmtíu árum. Í tilefni af því verður opnuð sýning um störf Huldu í Bókasafni Kópavogs í dag. Sýningin samanstendur af munum í eigu afkomenda Huldu auk opinberra skjala.

„Þegar við áttuðum okkur á því að fimmtíu ár væru liðin frá því fyrsta konan varð bæjarstjóri á Íslandi þá hugsuðum við okkur ekki lengi um áður en við ákváðum að við vildum halda sérstaklega upp á það,“ segir Una María Óskarsdóttir, formaður jafnréttisnefndar Kópavogs, sem stendur fyrir sýningunni ásamt ættingjum Huldu.

Hulda Jakobsdóttir fæddist í Reykjavík 21. október 1911. Hún giftist Finnboga Rúti Valdemarssyni, sem þá var ritstjóri Alþýðublaðsins, árið 1938. Tveimur árum síðar fluttu þau í Kópavoginn, settust að á Marbakka og hófu fljótt afskipti af málefnum sveitarfélagsins. Finnbogi varð fyrst oddviti og svo bæjarstjóri frá 1955 til 1957 og vermdi því bæjarstjórastólinn fyrir konu sína sem tók við og gegndi stöðunni til 1962.

Una María efar ekki að sú staðreynd að Hulda hafi orðið bæjarstjóri svo snemma hafi haft áhrif á það að í Kópavogi var stofnuð fyrsta jafnréttisnefnd landsins. Svo mikils metur hún störf Huldu að hún myndi vilja sjá styttu af henni prýða bæinn í nánustu framtíð.

„Hún amma er mjög sterk í okkar huga og hefur alltaf verið. Það hefur verið sérstaklega skemmtilegt að fara yfir gömul skjöl á héraðsskjalasafni Kópvogs, átta sig betur á því sem hún gerði enda hefur ekki verið lítið mál að reka bæjarfélag þegar verið var að byggja upp Kópavoginn,“ segir Hulda Dóra Styrmisdóttir, dótturdóttir Huldu Jakobsdóttur, sem heldur framsöguerindið Amma sem fyrirmynd við opnun sýningarinnar í dag.

„Amma lagði alltaf mikla áherslu á að konur hefðu menntun enda var hún sjálf ein af fáum konum sem útskrifuðust sem stúdentar frá MR árið 1931,“ segir Hulda og bendir á að áherslur ömmu sinnar í bæjarmálum hafi verið mjög skýrar, sérstaklega hvað varðaði velferð barnanna í bænum. „Peningarnir voru settir í skóla og það var ekki fyrr en á síðasta árinu hennar sem meiri peningar fóru í vegamál en skóla,“ segir Hulda og bætir við að uppbygging skóla, sundlaugar og félagsheimilis hafi verið ömmu sinni ofarlega í huga. Þá lagði hún einnig áherslu á byggingu Kópavogskirkju en hún var formaður sóknarnefndar í tíu ár. Til dæmis hafði hún persónulega samband við Gerði Helgadóttur um að búa til glerið í glugga kirkjunnar.

Hulda hefur greinilega haft talsverð áhrif á hugsunarhátt afkomenda sinna, sérstaklega kvenleggsins. „Mér, og ég veit að það sama átti við um systur mínar og frænkur, datt hreinlega ekki annað í hug en að konur gætu gert hvað sem þeim sýndist og gegnt hvaða stjórnunarstarfi sem væri, af því að við vissum að amma okkar hafði verið bæjarstjóri,“ segir Hulda og bætir við að Hulda amma hafi verið henni og öðrum fjölskyldumeðlimum mikil fyrirmynd í því hvernig sameina skyldi fjölskyldulíf og frama, enda áttu Hulda og Finnbogi fimm börn.



**FYRSTI KVENBÆJARSTJÓRINN Í KÓPAVOGI** Hulda Jakobsdóttir settist í bæjarstjórastól Kópavogs fyrst kvenna fyrir fimmtíu árum. Af því tilefni verður opnuð sýning um störf Huldu í Bókasafni Kópavogs í dag.

Eftir að Hulda lét af störfum sem bæjarstjóri starfaði hún sem umboðsmaður Brunabótafélags Íslands í Kópavogi. Hún var aftur kjörin bæjarfulltrúi 1970 til 1974. Hún lést 31. október 1998.

Sýningin verður sett í bókasafni Kópavogs í dag klukkan 17.00 en að dagskrá lokinni fer fram afhending árlegrar jafnréttisviðurkenningar sem veitt er í sjötta sinn.

solveig@frettabladid.is



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hreinn Helgason,**
Sæviðarsundi 29, Reykjavík,

er lést 27. júní sl. verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Jónas Hreinsson** **Valdís Oddgeirsdóttir**
**Ólafur Hreinsson** **Helga Þormóðsdóttir**
**Steinar Hreinn Jónasson**
**Elmar Helgi Ólafsson**



## 60 ára afmæli

Sextugur er í dag

**Guðjón Gestsson**

Hann tekur á móti vinum og vandamönnum að heimili sínu, Litlubæjarvör 14, Álftanesi, milli kl. 20 og 23 í dag, miðvikudaginn 4. júlí.

**www.minningargreinar.is**

*Fallegir legsteinar á góðu verði*



*Englasteinar*
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Fyrirtæki okkar verður lokað á morgun, fimmtudaginn 5. júlí, vegna útfarar

**Sverris Norland**

SMITH & NORLAND

# Við opnum nýja búð




**Opnunartilboð**

**1.990,-**

**3 lítra dós**
**Flügger 97 – rétta viðarvörnin**




**Opnunartilboð**

**1.990,-**

**3 lítra dós**
**Flügger tréolía – á sólpallinn**

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi. Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.

www.flugger.is






## Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15

108092






## STUÐ MILLI STRÍÐA Brúnó bjargar heiminum

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** ER KOMIN MEÐ NÓG AF ALMENNINGSSAMGÖNGUM REYKJAVÍKUR



Nú hefur aldeilis dregið til tíðinda í heimi mínum og dagar strætóferða dauðans og fóteymsla vegna óhóflegra labbitúra eru taldir. Ástæðan er sú að Brúnó er kominn inn í líf mitt. Brúnó er lítill og nettur. Brúnó er gamall og sætur. Brúnó er appelsínubrúnn á litinn en það er litur sem ég hélt að væri ekki til þangað til ég sá Brúnó. Hann er svolítið svona „seventís“. Brúnó er sem sagt voða krúttleg bíldrusla sem kærastinn festi kaup á í síðustu viku. Stoltara andlit hef ég sjaldan séð en þegar hann keyrði inn götuna.

Nú þeytumst við um fjöll og firnindi án þess að þurfa að treysta á góðvild annarra með að lána okkur bíl. Ef okkur langar til Ísafjarðar, förum við bara þangað. Lífið er talsvert auðveldara með Brúnó. Smáralindin virðist ekki jafn fjarlægur draumur og ferðir í Ikealand verða fjórfalt fleiri.

Mér þykir reyndar frekar sorglegt að kaupa bíl akkúrat núna þegar gróðurhúsaáhrifin eru að setja heiminn úr skorðum. Ég hugga mig við það að bíllinn er lítill og sparneytinn. Svo er ekki eins og eitthvað annað hafi komið til greina enda virðist strætókerfið ekki vera til þess að nota það. Ég held að strætóarnir séu bara til skrauts, til þess að gera borgina aðeins heimsborgarlegri. Það er ekki eins og maður sjái fólk inni í strætóunum! Bara svona einstaka hræða sem fær líklega borgað fyrir það að sitja þarna.

Áður fyrr var ég voða ánægð með strætó og sat þar heilu tímana á meðan strætó keyrði fram og til baka um borgina. Ég man líka þegar það kostaði 25 kall í strætó. Núna heyrir maður af því að skiptinemar í háskólunum tími ekki að fara í strætó. Tíma ekki! Hljómar það ekki eitthvað skringilega? En ég er hætt að velta mér upp úr því og bruna í Brúnó mínum um allan bæ.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Horfinn dagur kominn út

**Minningarútgáfa með tónsmíðum Árna Björnssonar tónskálds er komin út á tveimur diskum sem geyma úrval tónsmíða hans: kammerverk, kór- og einsöngslög, auk þriggja dægurlaga sem hann samdi. Útgáfan er helguð minningum þeirra hjóna, Árna og Helgu konu hans. Er nú loks fáanlegt yfirlit um höfundarverk þessa virta tónlistarmanns sem hrifinn var frá verki á miðjum aldri.**



**TÓNLIST** Árni Björnsson tónskáld 1905-1995.

Árni var fæddur í Kelduhverfi í Þingeyjarsýslum 1905. Hann ólst upp í fornu bændasamfélagi þar sem tónlistariðkun var af skornum skammti og möguleiki til tónlistarmenntunar enginn. Ungur heillaðist hann af orgelslætti og sýndi þegar óvanaleg efni til að tileinka sér tækni hljóðfærisins sem varð til þess að vandamenn hans sáu hvílíka hæfileika hann hafði. Hann komst á sextánda ári í skamma hríð til kennslu á Húsavík og fór sautján ára gamall til Akureyrar veturpart og fékk kennslu í píanóleik. Heim sneri hann og stofnaði á næstu árum kóra í heimahéraði sínu og lék á orgel í kirkjum. Hann fór ekki til náms suður til Reykjavíkur fyrr en um tvítugt og naut þá ókeypis leiðsagnar Páls Ísólfssonar sem þá var nýkominn heim frá námi í Þýskalandi. Tónlistarskóli Reykjavíkur var þá nýstofnaður og settist Árni þar á skólabekk og var með fyrstu nemendum sem útskrifaðist þaðan. Hann kastaði sér í tónlistarlíf bæjarins, lék með Hljómsveit Reykjavíkur og Lúðrasveit Alberts Klahn, kenndi á píanó og lék í danshljómsveitum. Tómstundir sínar nýtti hann til tónsmíða enda stefndi hugur hans þangað.

Rétt fertugur axlar Árni sín skinn og fer út til Bretlands. Stríðið var í hámarki og auðsótt ungu fólki að komast að í breskum skólum: herskyldan og stríðið sáu til þess. British Council gerði það sem þurfti til að sækja nemendur til nálægra landa og nutu Árni og margir yngri listamenn á Íslandi góðs af því og sóttu nám þessi árin til Bretlands. Árni hóf nám í Konunglega tónlistarskólanum í Manchester og lauk því á tveimur árum og sneri þá heim til Reykjavíkur. Næstu árin voru blómatími Árna. Íslenskt tónlistarlíf tók mikið stökk á eftirstríðsárunum og Árni var mikilvirkur í starfi sínu sem tónskáld: hann tók til verka í mörgum greinum tónbókmennta og hafði metnað til að vinna stærri verk en markaðurinn og máttur voru til. Hafði hann hug á óperusmíð og var kominn með textahöfund með sér, Guðmund Daníelsson.

Klippt var á frekari frama Árna þegar hann varð fyrir fólskulegri líkamsárás tveggja manna í Þingholtunum í Reykjavík. Hann var fyrir miklum höfuðhöggum og blæddi inn á heilann. Árásin var um langt árabil í minnum höfð meðal landsmanna sem einstakt ofbeldisverk sem átti sér fáar ef nokkrar hliðstæður. Áverkar Árna voru svo alvarlegir að hann var ekki nema hálfur maður: starfsgeta hans verulega skert, minni laskað: sjálfsagðir kunnugleikar við lestur og nána kunningja og vini voru horfnir. Hann varð að læra það upp á nýtt. Tónlistarhæfileika sínum og tónheyrn glataði hann ekki, en formgáfa hans var ekki söm og áður.

Helga kona Árna reyndist honum slík stoð á seinni helmingi ævinnar að eftir var tekið.

Á diskunum tveimur sem koma nú út með tilstyrk sjóða á borð við Minningarsjóð Margrétar Björgúlfsdóttur, Tónmenntasjóðs Tónskáldafélagsins og Menningarsjóðs FÍH auk framlaga fyrirtækja eru verk í flutningi íslenskra og enskra listamanna: Kammerkór Hafnarfjarðar syngur þrjú lög, Björg Þórhallsdóttir sópran syngur tvö lög og Gunnar Guðbjartsson sautján. Jóhanna Vigdís syngur þrjú danslög og Hátíðarhljómsveit sambands íslenskra lúðrasveita leikur þrjú lög. sérskipuð kammersveit flytur svítu fyrir strengi, James Lisney píanóleikari flytur fjögur verk og koma þau Jamie Martin flautleikari og Elizabeth Layton fiðluleikari við sögu í tveimur þeirra. Upptökur fóru fram hér heima og á Bretlandi.

Ítarlegur bæklingur fylgir diskunum tveimur og er bæði á ensku og íslensku. Þar ritar barnabarn Árna, Davis Harald Cauthery, hugvekju og reynir að greina þá breytingu sem varð á högum Árna til tónsmíða eftir árásina og skaðann sem hann þoldi. Diskarnir geyma gott úrval tónsmíða Árna en ekki er getið um hvenær tónsmíðarnar voru unnar. Áheyrendum gefst því kostur að meta framlag Árna nú rúmri öld eftir að hann fæddist.

**pbb@frettabladid.is**

# Sökk eða stökk

Hópur listamanna leggur alþjóðlegri ráðstefnu lið sem haldin verður hér um komandi helgi með því að gefa verk eftir sig. Verða verkin boðin upp á uppboði á fimmtudag en þau verða til sýnis í Startart á Laugavegi 12b í dag og á morgun á afgreiðslutíma verslana. Klukkutíma fyrir uppboðið, sem verður kl. 17 á fimmtudag, kynna listamennirnir verkin áhugasömum.

Það er glæsilegur hópur sem leggur málefninu lið: Áslaug Thorlacius, Birgir Andrésson, Eggert Pétursson, Haraldur Jónsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Kristinn G. Harðarson, Kristín Reynisdóttir, Magnús Pálsson, Ólafur Lárusson, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

Listaverkauppboðið er til styrktar ráðstefnunni „Saving Iceland“ sem haldin verður helgina 7. og 8. júlí. Þar munu sérfræðingar og fulltrúar baráttusamtaka frá fimm heimsálfum fjalla um hnattrænar afleiðingar stóriðju og stórstíflna. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér dagskrá þessa sumarþings um ástand heimskringlunnar geta litið á vefsíður því helgaðar: http://www.savingiceland.org. og http://www.savingiceland.org/conference

Áhugamenn um myndlist fá hér gullið tækifæri til að komast yfir merkileg verk og styrkja um leið ungan umræðuvettvang um gamalt deilumál. **- pbb**

**Sýningar á sögulofti**

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

**Júlí:** 5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt, 14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt

**Ágúst:** 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

**Lokað vegna sumarleyfa frá og með 28. júní.**

**Opnum aftur 6. júlí**

BANTHAI Laugavegi 130

na na thai
Thai Restaurant & Store




# Sumartónleikar tvítugir

Á þessu sumri eru tuttugu ár liðin síðan Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari hratt Sumartónleikum á Mývatni af stað. Þessi menningarauki fyrir heimamenn og gesti hefur árlega glætt sumarnóttina tónabirtu þó atriðin hafi mörg verið flutt af fáum en vel sótt. Vegna afmælisársins verður efnt til þriggja daga hátíðar um komandi helgi og því ekki ráð nema í tíma sé tekið fyrir þá sem vilja leggja land undir fót og hópast norður í Mývatnssveit. Sóknarnefnd Reykjahlíðarkirkju hefur keypt flygil sem tekinn verður í notkun við hátíðlega athöfn á föstudagskvöld kl. 20.30. Þar flytur ávarp Pétur Snæbjörnsson, formaður sóknarnefndar, sr. Örnólfur Ólafsson fer með blessunarorð. en síðan er tónlistarflutningur: Sólveig Anna Jónsdóttir, píanó, Laufey Sigurðardóttir, fiðla, Sveinn Hjörleifsson, tenór, Margrét Bóasdóttir, sópran, flytja blandað prógram.

Á laugardagskvöldið kl. 21 mun jafnaldri Sumartónleikanna og þátttakandi í upphafstónleikunum 1987, þá reyndar í móðurkviði, Benedikt Kristjánsson, tenór, syngja við píanóleik Sólveigar Önnu Jónsdóttur. Benedikt lauk framhaldsprófi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík nú í vor. Sólveig Anna er Akureyringur og vel þekktur tónlistarmaður um allt land. Á efnisskrá eru íslensk sönglög, ítalskar aríur og ljóðasöngvar eftir Grieg, Schubert og Fauré.



**TÓNLIST** Nýja bænhúsið á Rönd við Sandvatn verður vígt á sunnudag sem hluti opnunarhátíðar Sumartónleika á Mývatni sem fagna nú tuttugu ára afmæli.

Sunnudaginn 8. júlí kl. 14.00 verður í fyrsta sinn almenn guðsþjónusta í Bænhúsinu á Rönd við Sandvatn, en bænhúsið er gert eftir teikningum af miðaldakirkjunni í Reykjahlíð. Prófastur Þingeyjarprófastdæmis, Jón Ármann Gíslason, ásamt sóknarpresti, Örnólfi Ólafssyni, Sighvati Karlssyni og Kristjáni Val Ingólfssyni annast messuna og kirkjukórar í Mývatnssveit syngja. Þetta er í fyrsta sinn sem almenningi gefst kostur á að koma að bænhúsinu, sem er eftirlíking miðaldakirkjunnar í Reykjahlíð, teiknuð af Herði Ágústssyni, arkitekt. Bænhúsið er í einkaeign á landareign Randar við Sandvatn, vestan Mývatns. Messugestir eru beðnir að klæðast samkvæmt veðri. Gott er að taka með sér tjaldstól, þar sem messan fer að mestu fram utandyra. Prestar; sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur, Örnólfur Ólafsson, Sighvatur Karlsson og Kristján Valur Ingólfsson. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju syngja.

Tónlist: Ástríður Pétursdóttir, klarinett og Benedikt Kristjánsson tenór. Söngstjóri er Margrét Bóasdóttir en hún er listrænn stjórnandi Sumartónleika í Mývatnssveit þetta árið og næstu helgar verða þar í boði tónleikar af ýmsum toga. **- pbb**

fjörið ... **Fólk** folk@frettabladid.is

# Náttúruvernd á Nasa

**Styrktartónleikar náttúruverndarsamtakanna Saving Iceland fóru fram við góðar undirtektir á Nasa á mánudagskvöld. Fjöldi manns var þar samankominn til að styðja málstaðinn og hlýða á nokkra af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar.**

Um 15 bönd spiluðu á tónleikum Saving Iceland á Nasa á mánudagskvöld. Sérstaka athygli vöktu tónleikar hljómsveitarinnar Múm sem flutti efni af væntanlegri plötu sinni.

Myndum af stöðum á landinu sem hverfa undir vatn eða breytast verulega vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda var varpað á skjá á sviðinu. Einnig voru sýndar myndir af aðgerðum mótmælenda á hálendinu síðasta sumar og við íslensk sendiráð erlendis.

Á tónleikunum var tilkynnt að til stæði að reisa aftur mótmælabúðir á hálendinu í næstu viku og starfrækja þær að minnsta kosti út júlímánuð. jara@frettabladid.is



**MR. SILLA** Herra Silla og Mongoose fluttu nokkur lög við mjög góðar undirtektir tónleikagesta.



**HRESS SKÁTI** Markús, söngvari hljómsveitarinnar Skáta, fór á kostum á tónleikunum.



**BARÁTTUMENN** Andri Snær Magnason, höfundur Draumalandsins, og Ómar Ragnarsson voru auðvitað á staðnum.



**ROKKAÐ FYRIR NÁTTÚRUNA** Rúnar Júlíusson spilaði á náttúruverndartónleikunum í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Notar bara einkavélar

Rapparinn og upptökustjórinn Timbaland neitar með öllu að fljúga með almennum flugfélögum þar sem hann óttast sýkla og kvefpestir sem almúgurinn kann að bera. Timbaland ferðast aðeins um í einkaþotum og helst með eins fáum samfarþegum og mögulegt er.



**TIMBALAND** Telur að kvefpestir geti skemmt rödd sína varanlega.

„Heilsan er það mikilvægasta í lífinu," sagði Timbaland í nýlegu viðtali þegar hann var spurður um málið í fjölmiðlum ytra. „Til að halda góðri heilsu kýs ég að fljúga í helst sömu einkavélinni og þá slepp ég við að sitja við hliðina á ókunnugu fólki sem hóstar og hnerrar."


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Glæsileg gaseldavél




vilborga@centrum.is

**Smeg gaseldavél á tilboðsverði kr. 174.300 stgr.**

**B90MFX5 90 sm Smeg gaseldavél**
Fimm gashellur með pottjárnsgrindum
97 ltr ofn með 8 kerfum. Kæling í hurð, heitur blástur, grillteinn.
**Verð áður kr. 249.000 stgr.**

smeg hönnun og gæði

Nú getum við boðið þessa frábæru Smeg gaseldavél á einstöku tilboðsverði. Smeg gaseldavélar eru ítalskar gæðavélar fyrir alla þá sem unna glæsileika og góðum mat. Tilboðið gildir meðan byrgðir endast.

**Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Smeg heimilistækin.**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is


**LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR** Bjarni Snæbjörnssson



**BJARNI SNÆBJÖRNSSON** Fer allar sínar ferðir á tvíhjólsfáknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Gerir pitsurnar sjálfur

**Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að bíða þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Á næstu dögum munu þessir nýjustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi. Í dag er það Bjarni Snæbjörnsson sem situr fyrir svörum.**

**Aldur:** 28 ára.
**Hverjum er það að kenna að þú fórst í leiklist?** Stórfurðulegum aðstæðum og góðu fólki í kringum mig.
**Besta æskuminningin?** Að leika úti í móum alla daga, heilu sumrin, á Tálknafirði.
**Ef ekki leikari hvað þá?** Dansari eða ljósmyndari.
**Þú sérð gamla konu missa 5000 kall. Hvað gerir þú?** Ég hleyp á eftir henni og rétti henni hann aftur.
**Sáttur við nýju ríkisstjórnina?** Hún hefði getað verið verri en líka betri.
**Hvar er best að vera?** Með manninum mínum.
**Myndir þú koma nakinn fram?** Ef það þjónaði fullkomlega listrænum tilgangi.
**Hefur þú kysst einhvern af sama kyni?** Ég vil ekkert kannast við það.
**Versta starf sem þú hefur unnið?** Að selja tryggingar í símasölu.
**Hvernig bíl áttu?** Tvíhjólsfák.
**Ef þú værir einn í heiminum, hvað myndir þú gera?** Láta mér leiðast.
**Hvar pantar þú pitsuna þína?** Ég geri hana sjálfur.
**Hver er besta vídeóleigan?** Ríkið á Snorrabraut, þó ég eigi nú nokkrar skuldir þar.
**Þjóðleikhúsið eða Borgarleikhúsið?** Borgarleikhúsið.
**Hvernig týpa ertu?** Náttúrubarn með leiftrandi húmor og óstöðvandi munn.




*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| DIE HARD 4.0 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | |
| SHREK THE THIRD | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 9 | 18 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8.20 - 11 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS



SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| EVANT ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | | SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| EVANT ALMIGHTY VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L | SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 | PIRATES 3 | kl. 5:30 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 | ZODIAC | kl. 9 | 16 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 6:15 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 8:15 - 10:20 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5:30 - 8:40 | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 8 - 10 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 8 - 10:30 | 14 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA



Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 5.45 og 8 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Innipúkinn á nýjum tónleikastað

„Planið er að hafa þetta minna í sniðum en síðustu ár. Ná kósí stemningu og hafa það huggulegt frekar en að hafa þetta eitthvert stórt festival,“ segir Björn Borko Kristjánsson, einn skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Innipúkans, sem verður haldin í Reykjavík um verslunarmannahelgina.

Innipúkinn verður haldinn á nýja tónleikastaðnum Organ sem mun opna síðar í þessum mánuði. Organ er staðsettur í portinu fyrir aftan Gauk á Stöng. Þar var áður hinn skuggalegi Rökkurbar en búið er að rífa úr húsinu mest allt innvolsið, gjörbreyta staðnum og setja inn ný innyfli.


**BJÖSSI BORKO** Skipuleggur Innipúkahátíðina um verslunarmannahelgina.

„Þetta er mjög flottur staður, akkúrat tónleikastaðurinn sem hefur vantað í Reykjavík,“ segir Björn. Staðurinn rúmar um 300 manns og tónleikadagskráin verður bæði á laugardag og sunnudag.

Ákvörðunin um að halda hátíðina í ár var tekin í gær og því sagði Björn að enn sem komið er væru engar hljómsveitir komnar á hreint. Það er þó ákveðið að hafa einungis íslenskar hljómsveitir og þau eru byrjuð að hringja í hljómsveitir á óskalistanum. Ásamt Birni standa að hátíðinni upprunalegu innipúkarnir og Skakkamanage-hjónin Berglind og Svavar Pétur.

# Ólafur sagður sænskur

**Íslendingar lenda stundum í því að nöfnum þeirra sé snúið á hvolf og farið er með rangt þjóðerni þeirra. Ólafur Jóhannesson er nýjasta fórnarlambið.**


**ÓLAFUR OG DAGUR** Hafa nú báðir lent í því að þjóðerni þeirra sé ruglað.

„Ég er ekki Svíi og á engar ættir að rekja til Svíþjóðar,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Ólafur en hann hefur nú bæst í hóp þeirra Íslendinga sem hefur verið sviptur föðurlandi sínu og var nýlega sagður sænskur á hinni vinsælu kvikmyndasíðu AC Media. Á síðunni var verið að greina frá næstu verkefnum leikarana úr mafíu-þáttunum Sopranos en eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu leikur einn aðalleikari þáttanna, Micheal Imperioli, stórt hlutverk í nýjustu kvikmynd Ólafs, Stóra planið.

Að sögn Ólafs skilur hann ekkert hvernig þessi misskilningur getur hafa átt sér stað. En fréttin hafi farið víða og Ólafur er alls staðar sagður vera sænskur leikstjóri. Leikstjórinn er þó ekki eini Íslendingurinn sem hefur lent í þessum misskilningi en vinur hans, Dagur Kári, er oft sagður vera danskur og þar að auki hafa Danir verið duglegir við að eigna sér listamanninn Ólaf Elíasson þannig að eitthvað virðist Ólafsnafnið flækjast fyrir blaðamönnum. Ekki má hins vegar gleyma knattspyrnukappanum Jon Dahl Tomason sem fjölmiðlar þreytast seint að minnast á að er íslenskur í aðra ættina.

Leikstjórinn sagðist þó gera sér grein fyrir því að hið nýja þjóðerni gæti opnað honum nýjar dyr. Svíar væru jú framarlega í kvikmyndageiranum. „Svona kannski til lengri tíma litið er þetta kannski ekki svo slæmt,“ segir Ólafur. Tökum á Stóra planinu er nú lokið og situr Ólafur sveittur við að klippa myndina en með aðalhlutverkin fara þeir Pétur Jóhann Sigfússon og Eggert Þorleifsson. - fgg

# Geri grátbað um fyrirgefningu

Geri Halliwell grátbað Victoriu Beckham um fyrirgefningu vegna þess hvernig hún yfirgaf hinar Kryddpíurnar á sínum tíma, sem síðar átti eftir að leiða til upplausnar stúlknasveitarinnar í heild sinni. Afsökunarbeiðnin kom fyrst frá Geri árið 2004 en það var ekki fyrr en nú sem Victoria ákvað að samþykkja hana. Þessar sögulegu sættir urðu til þess að Kryddpíurnar hafa komið saman að nýju. Þessu er haldið fram í enska götublaðinu The Sun í gær.

Að sögn heimildarmanna blaðsins hefur Victoria einhverja hluta vegna litið á brottför Geri sem persónuleg svik frá upphafi. Victoria er aukinheldur sögð afar langrækin og hafði hún áður sagt að hún myndi aldrei fyrirgefa Geri fyrir framkomu sína. Sárin hafa hins vegar greinilega gróið með tímanum og fór vel með á þeim stöllum þegar tilkynnt var um fyrirhugaða heimsreisu Kryddpíanna í lok árs.

„Geri vissi alveg hvernig hægt væri að sættast við Victoriu. Hún brotnaði niður fyrir framan Victoriu, baðst afsökunar fyrir að hafa yfirgefið hljómsveitina með þeim hætti sem hún gerði og nánast grátbað hana um fyrirgefningu,“ segir ónefndur heimildarmaður við The Sun sem þekkir til stúlknanna. „Til að bæta ofan á dramatíkina lét Geri Victoriu vita hvað hún hefði verið einmana og ringluð á þessum tímapunkti og á endanum fór Victoria að finna til með Geri. Þetta leiddi síðan til sáttanna nú,“ sagði hann enn fremur.


**BESTU VINIR** Geri og Victoria hlógu og létu vel að hvor annari á blaðamannafundinum sem haldinn var í síðustu viku í tilefni af endurkomu Kryddpíanna. NORDICPHOTOS/GETTY




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **P. Diddy** neitar að staðfesta þann orðróm sem nú breiðir hratt úr sér í Bandaríkjunum að hann og leikkonan **Sienna Miller**, fyrrum spúsa Jude Law, séu að slá sér upp saman. Vel fór á með þeim tveimur í eftirpartíi að loknum minningartónleikum **Díönu** prinsessu um helgina og sáust Diddy og Miller í innilegum faðmlögum. „Já, við höfum sótt í félagsskap hvort annars og erum vinir. Það er ekkert meira en það,“ var það eina sem Diddy vildi láta hafa eftir sér um málið.



Kryddpían **Victoria Beckham** ætlar að hætta að reykja til að hlífa rödd sinni frá varanlegum skaða. Victoria hefur verið reykingakona í langan tíma en hefur aldrei stundað þær á opinberum vettvangi, til að ímynd sín beri ekki skaða af. Hún hefur nú tilkynnt sínum nánustu að hún hyggist vera í toppformi þegar Kryddpíurnar stíga á svið á ný eftir langt hlé í desember á þessu ári. Og ljóst er að maðurinn hennar **David Beckham** er hæstánægður með tíðindin. „Hann hefur alltaf hatað að sjá mig púa sígarettur,“ sagði Victoria eitt sinn í viðtali.



# Verslun Apu slær í gegn

**Markaðssetning Simpsons-kvikmyndarinnar er komin á fullt skrið í Bandaríkjunum og er óhætt að fullyrða að framleiðendur og markaðsmenn fari óhefðbundnar leiðir í þeim efnum.**

Viðskiptavinir valdra 7-Eleven verslana í Bandaríkjunum geta nú keypt forlátar vörur á borð við Buzz-Cola, Morgunkorn Krusty og Squishee-gosdrykki, sem aðdáendur Simpsons-fjölskyldunnar ættu að kannast við úr samnefndum þáttum.

Í tilefni af frumsýningu Simpson-kvikmyndarinnar síðar í mánuðinum ákvað 7-Eleven keðjan, gegn vænlegri greiðslu frá framleiðendum kvikmyndarinnar, að breyta útliti nokkurra verslana þannig að þær líktust Kwik-E-Mart verslun Apu Nahasapeemapetilon í Simpson-þáttunum. Apu þessi er hindúískur vinnualki sem eitt sinn stóð vaktina í 96 klukkustundir samfleytt án þess að taka pásu.

Viðtökur viðskiptavina létu ekki á sér standa við opnun verslananna í gær og mynduðust langar biðraðir fyrir utan flestar þeirra. Vörurnar úr þáttunum seldust eins og heitar lummur og vöktu mikla lukku. „Viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum. Ég átti von á einhverri athygli en hér hefur verið allt vitlaust,“ sagði ónefndur verslunarstjóri í gær.




**ALLT BRJÁLAÐ** Mikil örtröð myndaðist fyrir utan Kwik-E-Mart verslun í Los Angeles í gær. Eins og sjá má er skilti verslunarinnar sambærilegt við það sem er í þáttunum, auk þess sem Bart og Milhouse fylgdust með viðskiptavinum ofan af þaki verslunarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**VELKOMIN** Margir létu taka mynd af sér við hlið verslunareigandans Apu Nahasapeemapetilon. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**BUZZ-COLA VINSÆLT** Drykkurinn hans Buzz rauk út í verslunum í gær og þurftu lagermennirnir að hafa sig alla við til að anna eftirspurn. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmaðurinn **Sean Lennon**, sonur Bítilsins heitins **Johns Lennon**, segir að popp og rokk sé að mestu leyti dautt. „Þessi tegund tónlistar er ekki á sama borði nú og hún var fyrir 30-50 árum. Rokkið hefur verið yfirspilað og er orðið ómerkilegt,“ segir Sean, en orð hans þykja í meira lagi undarleg þar sem hann spilar sjálfur að mestu leyti popp og rokk. „Ég myndi ekki vera í þessari tónlist ef ég ætlaði mér að slá í gegn. Eina sem ég einbeiti mér að er að semja fallega tónlist,“ bætti Lennon yngri við.



**Lindsay Lohan** fagnaði 21. afmælisdegi sínum með mömmu sinni og fleiri ættingjum á mánudaginn. Lohan fékk dagsleyfi frá meðferðarheimilinu sem hún dvelst nú á til að fagna með fjölskyldunni og vinum. Veislan var haldin á heimili **Courtney Cox** í Kaliforníu. Áður hafði Lindsay áætlað að halda stóra tveggja daga svallveislu til að fagna því að mega loksins drekka áfengi samkvæmt bandarískum lögum. Hún hætti við það eftir nýjasta skandalinn þegar hún var tekin ölvuð undir stýri.




Markísa og 80w sólarsella fylgja öllum 560 Exce siorhúsum út júlí

Hobby hjólhýsi









Mest seldu hjólhýsi í heimi, einnig á Íslandi





D650 Van T650 T600

Skoðið heimasíðuna
www.hobbyhusid.is

Hobbyhúsið
Dugguvogi 12
104 Reykjavík
S: 517 7040

opnunartími
mán-föst 10.00-18.00
laugard 11.00-14.00
sunnud LOKAÐ

## > Ólafur Örn á leið heim?

Fram kom í norskum fjölmiðlum í gær að íslenski landsliðsmaðurinn Ólafur Örn Bjarnason ætli sér að yfirgefa herbúðir norska félagsins þegar samningur hans við félagið rennur út í lok tímabilsins. Ólafur Örn hefur fá tækifæri fengið með liði Brann og þar sem hann sér ekki fram á að það breytist hefur hann ákveðið að róa á önnur mið. Norskir miðlar sögðu Ólaf á leið heim og ljóst að slegist verður um þjónustu hans reynist það rétt. Ekki náðist í Ólaf í gær.



# sport

sport@frettabla-

**STUÐNINGSMAÐUR FYLKIS**: NOTAÐI GJALLARHORN TIL AÐ HRÓPA ÓKVÆÐISORÐ AÐ VALSSTÚLKUM

## *Valsstúlkur urðu fyrir aðkasti í Árbænum*

Heldur óskemmtileg uppákoma átti sér stað á leik Fylkis og Vals í Landsbankadeild kvenna í fyrrakvöld. Stuðningsmaður Fylkis hrópaði ókvæðisorð að leikmönnum Vals vopnaður gjallarhorni. Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, sagði að ekki hafi farið á milli mála hvað maðurinn sagði.

„Auðvitað var þetta einn áhorfandi hjá heilu íþróttafélagi. En það er furðulegt að ekki hafi verið gripið inn í þetta mál og maðurinn stoppaður. Í heilar 45 mínútur lagði þessi einstaklingur sig fram við að rakka andstæðinginn niður og þá sérstaklega einn ákveðinn leikmann,“ sagði Elísabet og átti þar við Margréti Láru Viðarsdóttur. „Þetta var bara mjög ljótt.“ Elísabet bendir einnig á að hefði KSÍ sent eftirlitsmann á leikinn hefði hann getað getið málsins í sinni skýrslu um leikinn en til þessa hafa leikir í efstu deild kvenna ekki verið mannaðir með eftirlitsmönnum.



Þórir Hákonarson, framkvæmdarstjóri KSÍ, sagði að það stæði til bóta. „Við erum byrjaðir að raða niður eftirlitsmönnum á leiki í Landsbankadeild kvenna.“

Hann kannaðist ekki við téð atvik en sagði að reglurnar væru skýrar. „Það er sama hvort það er gjallarhorn eða eitthvað annað. Það má alls ekki trufla framkvæmd leiksins og hvað þá misnota tæki eins og gjallarhorn,“ sagði Þórir.

Formaður meistaraflokksráðs kvenna, Kristinn Steingrímsson, baðst afsökunar á hegðun mannsins eftir leik. „Okkur þykir þetta ákaflega leiðinlegt. Þarna áttu sér einfaldlega stað mistök og getum við alltaf gert betur.“ Fyrst var talið að vallarþulur Fylkismanna hafi verið að verki en svo var ekki. Umræddur áhorfandi var þó að umgangast blaðamannaskýli vallarins þar sem vallarþulurinn hefur sína aðstöðu. Þess má geta að stuðningsmannalið Fylkis fékk verðlaun frá KSÍ fyrr sama dag.

## LANDSBANKADEILDIN

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **9** | **7** | **1** | **1** | **20-9** | **23** |
| 2. KEFLAVÍK | 8 | 5 | 2 | 1 | 15-9 | 17 |
| **3. VALUR** | **8** | **4** | **3** | **1** | **15-9** | **15** |
| 4. ÍA | 8 | 3 | 2 | 3 | 14-13 | 11 |
| **5. FYLKIR** | **8** | **3** | **2** | **3** | **7-8** | **11** |
| 6. BREIÐABLIK | 9 | 2 | 4 | 3 | 11-8 | 10 |
| **7. HK** | **8** | **3** | **1** | **4** | **5-12** | **10** |
| 8. FRAM | 9 | 2 | 2 | 5 | 10-14 | 8 |
| **9. VÍKINGUR** | **9** | **2** | **2** | **5** | **8-15** | **8** |
| 10. KR | 8 | 1 | 1 | 6 | 7-15 | 4 |

*Leikir kvöldsins:*

| | |
|---|---|
| FYLKISVÖLLUR: FYLKIR-KR | 19.15 |
| KÓPAVOGSVÖLLUR: HK-VALUR | 19.15 |
| AKRANESVÖLLUR: ÍA-KEFLAVÍK | 20.00 |

Kawasaki
Vélorf



Alvöru orf
á góðu verði
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

# Blikar betri en Fram tókst að skora

**Þrátt fyrir að hafa klúðrað víti enn eina ferðina tókst leikmönnum Fram að nýta eitt færa sinna í leiknum gegn Breiðabliki í gær. Blikar fengu urmull færa en ekkert virtist ganga hjá þeim og skildi það liðin að.**

**FÓTBOLTI** Fram tókst að skapa talsverða pressu á botnlið KR með mikilvægum 1-0 sigri á Breiðabliki í gær. Gestirnir voru reyndar betri aðilinn í Laugardalnum í gær en tókst á einhvern ótrúlegan máta að nýta ekki þeirra fjöldamörgu færa sem þeir fengu í leiknum.

Blikar byrjuðu betur strax í upphafi leiks og fengu þó nokkur góð færi á fyrsta korterinu. Það voru þó Framarar sem fengu hættulegustu marktækifærin. Daði Guðmundsson átti fyrirgjöf á Jónas Grana Garðarsson sem var einn á auðum sjó í miðjum vítateignum en skallaði yfir markið.

Svo á 38. mínútu dæmdi Jóhannes Valgeirsson víti á Guðmann Þórisson sem braut á Jónasi Grana yst í vítateigshorninu við endalínuna. Igor Pesic fór á vítapunktinn og lét Casper Jacobsen verja frá sér. Þetta var í annað skiptið í röð sem Pesic klikkar á víti og sömuleiðis sem Jacobsen ver víti í marki Blika.

Þrátt fyrir þetta voru Blikar að spila betur og sami háttur á liðinu og var í upphafi móts. Liðið spilaði glimrandi vel, kom sér í sóknir en náði allt of sjaldan að klára þær með þokkalegri marktilraun. Framarar beittu skyndisóknum og voru skeinuhættir án þess þó að nýta færin sín. Það er einnig gömul saga og ný hjá liði Fram.



**SAMA GAMLA SAGAN** Blikum tókst ekki að skora í gær þrátt fyri að hafa fengið fjölda færa. Hér sækir Prince Rajcomar að Hannesi Halldórssyni, markverði Fram. Kristján Hauksson, leikmaður Fram, er einnig til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta sést best á því að Fram hefur aðeins nýtt eina af síðustu fjórum vítaspyrnum sínum.

Fram fékk hornspyrnu í upphafi síðari hálfleiks og upp úr henni náði Jónas Grani að skalla að marki en Kristjáni Óla tókst að bjarga á marklínu. Í næstu sókn Blika átti Kristján Óli Sigurðsson fast skot að marki sem var varið í horn.

Blikar fengu svo ótrúlegt færi á 55. mínútu er Pesic missti boltann klunnalega á versta stað. Blikar voru þrír gegn einum varnarmanni Fram en tókst samt ekki að nýta sóknina.

Eftir þetta gerðist ekki mikið þar til á 68. mínútu er heimamenn fengu aukaspyrnu á miðjum vallarhelmingi Blika. Pesic tók spyrnuna og Jónas Grani skallaði laglega yfir Jacobsen. Loksins nýtti leikmaður á vellinum færið sitt.

Það gerði reyndar Prince Rajkomar líka í næstu sókn Blika en hann var dæmdur rangstæður eftir að hann byrjaði að fagna.

Blikar voru áfram meira með boltann en án þess þó að það skilaði sér með marki en gestirnir voru hreint ótrúlegir klaufar fyrir framan mark heimamanna.

„Ég er orðinn hundleiður á að tala um eftir leiki hvað við spilum vel en náum ekki að koma boltanum yfir línuna. Ég er alveg búinn að fá upp í kok af því,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, eftir leik. „Við verðum að gjöra svo vel að snúa blaðinu við hvað þetta varðar.“

Hjá Fram var sigurvíman áberandi, ekki síst hjá sóknarmanninum Ívari Björnssyni. „Þetta er bara snilld. Svona á þetta að vera. Þetta var hörkuleikur enda er maður ekki vanur því að spila í svona hita. En sem betur fer datt þetta okkar megin í dag.“

Það er svo rétt að geta þess að bakvörðurinn ungi hjá Breiðabliki, Arnór Sveinn Aðalsteinsson, átti frábæran leik og var í raun í sérklassa á vellinum. Hann sinnti varnarskyldu sinni afar vel, var hættulegur fram á við og skilaði boltanum af sér af miklu öryggi.

eirikur@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Aukabúnaður á mynd: álfelgur

Volkswagen Jetta er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.

Ríkulega búin Jetta Comfortline

· 6 þrepa sjálfskipting · Skriðstillir · Armpúði milli framsæta
· Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Samlitur · Spólvörn ASR
· Krómpakki · Loftfrískunarbúnaður · Þokuljós · og margt fleira.

**FH 4-1 Víkingur**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1.478 Ólafur Ragnarsson (7)

*1-0 Matthías Guðmundsson (18.)*
*2-0 Matthías Vilhjálmsson (29.)*
*3-0 Guðmundur Sævarsson (35.)*
*3-1 Daði Lárusson, sjálfsmark (44.)*
*4-1 Atli Guðnason (90+3.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–10 (10–5) |
| Varin skot | Daði 4 – Bjarni 5 |
| Horn | 10–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–11 |
| Rangstöður | 9–0 |

| **FH** 4–3–3 | | **VÍKING.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 6 | Bjarni Þórður Halld. | 6 |
| ***Guðm. Sævars.** | **8** | Þorv. Sveinn Þorvald. | 3 |
| Tommy Nielsen | 7 | Grétar Sigfinnur | 4 |
| (88., Auðun Helgas. | -) | Valur Úlfarsson | 3 |
| Sverrir Garðarsson | 7 | Hörður Bjarnason | 3 |
| Hjörtur Valgarðs. | 7 | Jökull Elísabetarson | 2 |
| Ásgeir Gunnar | 5 | Jón Björgvin Herma. | 2 |
| (73., Atli Guðna. | -) | (81., Viðar Guðjóns. | -) |
| Davíð Þór Viðarsson | 7 | Sinisa Kekic | 4 |
| Dennis Siim | 6 | (62., Dragan Galic | -) |
| Matthías Guðm. | 8 | Arnar Jón Sigurgeirs. | 3 |
| (85., Allan Dyring | -) | Gunnar Kristjáns. | 2 |
| Tryggvi Guðm. | 8 | (53., Hermann Alb. | 4) |
| Matthías Vilhjálms. | 7 | Björn Viðar Ásbjörns. | 4 |

**Maður leiksins*

**Fram 1-0 Breiðablik**

Laugardals., áhorf.: 772. Jóhannes Valgeirsson (5)

*1-0 Jónas Grani Garðarsson (68.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–20 (4–7) |
| Varin skot | Hannes 7 – Casper 2 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–23 |
| Rangstöður | 1–3 |

| **FRAM** 4–5–1 | | **BREIÐAB.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þór Halldórs. | 7 | Casper Jacobsen | 7 |
| Óðinn Árnason | 7 | Árni K. Gunnarsson | 6 |
| Reynir Leósson | 6 | Guðmann Þórisson | 6 |
| Kristján Hauksson | 7 | Srdjan Gasic | 7 |
| Jón Guðni Fjóluson | 6 | ***Arnór Aðalsteins.** | **8** |
| Daði Guðmundsson | 3 | Olgeir Sigurgeirsson | 5 |
| (67. Ingvar Ólason | 4) | (63. Gunnar Jónsson | 5) |
| Igor Pesic | 5 | Arnar Grétarsson | 5 |
| Jónas Grani Garðars. | 7 | Nenad Petrovic | 5 |
| Alexander Steen | 5 | Kristján Óli Sigurðs. | 6 |
| Hjálmar Þórarinsson | 5 | (75. Steinþór Þorst. | -) |
| (76. Kristinn Halld. | -) | Magnús Páll Gunn. | 6 |
| Ívar Björnsson | 7 | (27. Nenad Zivanovic | 6) |
| | | Prince Rajcomar | 6 |

**Maður leiksins*

Íslandsmeistarar FH voru í fantaformi gegn Víkingi í Krikanum í gær:

# Víkingur fékk að kenna á refsivendi FH-inga

**FÓTBOLTI** FH er aftur komið á beinu brautina eftir öruggan og sannfærandi sigur á arfaslöku liði Víkings, 4-1. FH var mörgum klössum betri og Víkingar virkuðu á köflum eins og miðlungs neðrideildarlið þegar meistararnir yfirspiluðu þá í blíðunni í Hafnarfirði.

FH-ingar voru rassskelltir af Val í síðasta leik, 4-1, og í ljósi þeirra úrslita vakti nokkra athygli að Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, skyldi ekki gera neina breytingu á byrjunarliði sínu frá þeim leik. Hjá Víkingi vakti helst athygli að Björn Viðar var kominn í framlínuna í stað Egils Atlasonar.

Leikurinn fór rólega af stað. Meistararnir voru yfirvegaðir í sínum leik en Víkingar mættu þeim nokkuð ofar á vellinum en maður gerði ráð fyrir. Það hafði lítið sem ekkert gerst þegar Matthías Vilhjálmsson kom FH yfir með einhverju fallegasta marki sumarsins. Hann skoraði þá með glæsilegri bakfallsspyrnu langt út í teignum.

FH-ingar færðust allir í aukana við markið og byrjuðu að þjarma enn frekar að gestunum. FH notaði breidd vallarins vel og sótti upp báða kanta þar sem Tryggvi og Matti voru í fantaformi. Stungusendingar FH-inga voru einnig baneitraðar og það var einmitt eftir góða stungusendingu Tommys á 29. mínútu sem Matthías Guðmundsson kom FH í 2-0.

Sex mínútum síðar fór Matthías illa með varnarmann Víkings og Guðmundur skilaði sendingu hans



**2-0** Matthías Guðmundsson kemur hér FH í 2-0. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FRÁBÆR TILÞRIF** FH-ingurinn Matthías Guðmundsson skoraði frábært mark með bakfallsspyrnu í gær og var nálægt því að skora annað álíka fallegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

í netið. 3-0 og nánast öll skot FH enduðu í netinu.

Héldu margir að FH myndi halda áfram að valta yfir Víkinga en það voru gestirnir sem minnkuðu muninn skömmu fyrir hlé þegar Daði Lárusson skoraði skrautlegt sjálfsmark eftir hornspyrnu Arnars Jóns Sigurgeirssonar.

FH-ingar höfðu leikinn í hendi sér allan síðari hálfleikinn og Víkingar komust vart nálægt boltanum á löngum köflum. Það vantaði oft lítið upp á að liðið bætti við mörkum og Víkingar héldu út hálfleikinn þar til komið var í uppbótartíma er Atli negldi síðasta naglann í kistu Víkinga eftir góða sendingu Tryggva.

FH-ingar sýndu í gær þann karakter sem býr í liðinu en tapið stóra gegn Val hreyfði ekki við þeim á nokkurn hátt. FH-ingar afgreiddu Víking á sama fagmannlega hátt og þeir hafa afgreitt flest önnur lið deildinni í sumar. Vörnin var massíf með Guðmund Sævarsson fremstan í flokki en hann pakkaði landsliðsmanninum Gunnari Kristjánssyni saman og lét mikið að sér kveða í sókninni. Miðjan lenti í engum vandræðum með mótspyrnuna og sóknarlínan var mjög lífleg og þá sérstaklega Matthías Guðmundsson og Tryggvi á köntunum. Matthías Vilhjálmsson átti líka sína spretti.

Víkingar voru einfaldlega númeri of litlir fyrir Risann í Hafnarfirði sem beitti refsivendi sínum óspart í fyrri hálfleik. Víkingur átti nokkrar ágætar sóknir en sóknin leið talsvert fyrir getuleysi miðjumannanna sem komust vart í boltann. Vörnin var í basli nánast allan leikinn, bakverðirnir réðu ekkert við kantmenn FH og stórar holur mynduðust í miðju varnarinnar sem FH nýtti sér til hins ítrasta.

„Þeir voru óheppnir að mæta okkur eftir tapleik því við mættum geysilega grimmir og kláruðum leikinn í fyrri hálfleik," sagði bakvörðurinn Guðmundur Sævarsson sem átti frábæran leik í liði FH. „Tapið þjappaði liðinu saman og það var enginn skjálfti í Krikanum.

Grétar Sigfinnur Sigurðsson og félagar í vörn Víkings voru í miklum vandræðum með sóknarmenn FH allan leikinn. „Við vorum sundurspilaðir í fyrri hálfleik og vörnin var skelfileg. þeir voru bara betri," sagði Grétar.

- hbg



**VEIGAR PÁLL** Hefur staðið sig frábærlega.

Veigar og Daniel Nannskog:

## Við náum fullkomlega saman

**FÓTBOLTI** Stabæk er á toppi norsku úrvalsdeildarinnar nú þegar deildin er hálfnuð. Eftir þrettán leiki hefur Stabæk 28 stig en Brann er í öðru sæti með 26.

Hann og Svíinn Daniel Nannskog ná vel saman í framlínunni. Veigar sagði í samtali við Verdens Gang að hann væri sannkallaður draumafélagi í framlínunni. „Við erum ekkert endilega að reyna að skemmta fólki, svona spilum við bara. Við bætum hvor annan upp og náum fullkomlega saman. Ég vona svo sannarlega að við náum að halda uppteknum hætti," sagði Veigar..

Fyrsti leikur Stabæk eftir fríið er gegn Brann, lykilleikur fyrir framhaldið í deildinni. Veigar segir að liðið verði að passa að misstíga sig alls ekki, þá geti illa farið. „Við verðum að vinna nánast alla leikina okkar til að tryggja okkur gullið. Brann á ekki eftir að tapa mörgum leikjum. Toppbaráttan verður hnífjöfn," sagði Veigar Páll. - hþh

Rúrik Gíslason:

## Fór til Viborg

**FÓTBOLTI Rúrik Gíslason skrifaði í gær undir þriggja ára samning við danska úrvalsdeildarfélagið Viborg. „Það er mjög ánægjulegt að vera búinn að klára þetta. Þegar rétta tilboðið kom var ekki spurning um neitt annað en að grípa það," sagði Rúrik í gær.**

**Rúrik líst vel á klúbbinn en hann fékk samning sem kom honum sjálfum á óvart. „Áhugi þeirra á mér skipaði líka stóran sess. Þetta er góð deild en þrátt fyrir að þetta sé ekki stærsta lið í heimi er þetta frábært tækifæri fyrir mig," sagði Rúrik í gær.** - hþh

Jetta Comfortline með sjálfskiptingu á ótrúlegu verði

2.390.000 kr.

Takmarkað magn bíla!

Volkswagen Jetta er rúmgóður, lipur og ríkulega búinn bíll, eins og við er að búast af Volkswagen, og býðst nú á frábæru verði. En til að uppgötva alla kosti Jettunnar er nauðsynlegt að koma, skoða og reynsluaka.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

## > ED HARRIS

Ed var hæfileikaríkur frjálsíþróttamaður á unglingsárum og keppti á háskólaárunum. Hann hefur einnig staðið sig vel sem leikari og hlotið fjölda tilnefninga, þar á meðal fjórar Óskarsverðlauna- og fimm Golden Globe-tilnefningar. Árið 2000 leikstýrði Ed fyrstu myndinni, Pollock, sem hlaut Óskarsverðlaun. Ed leikur í Buffalo Soldiers á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGNI GUÐJÓNSSYNI LÍST VEL Á VÆNTANLEGA VETRARDAGSKRÁ SJÓNVARPSSTÖÐVANNA

## *Stefnir allt í góðan sjónvarpsvetur*

Sumarið er gúrkutíð sjónvarpsstöðvanna og dagskráin þessa dagana ber það með sér. Fátt bitastætt er á boðstólum og velja líklega flestir þá leið að hoppa út á leigu ef þá langar að setjast í sófann og svala sjónvarpsþörfinni. Þessi forgangsröð ljósvakamiðlanna er skiljanleg, enda fáir sem nenna að eyða sumrinu, sérstaklega í blíðu eins og verið hefur að undanförnu, fyrir framan imbakassann. En eins takmarkað og dagskrárúrvalið er í sumar eykst eftirvæntingin eftir vetrinum með hverjum deginum, að minnsta kosti fyrir áhugamenn um gott sjónvarp. Komandi vetur lítur út fyrir að vera hinn forvitnilegasti og innlend dagskrárgerð virðist standa í blóma, að minnsta kosti í samanburði við það sem verið hefur. Margar nýjar íslenskar þáttaraðir verða á dagskrá sjónvarpsstöðvanna og miðað við þær upplýsingar sem þegar hafa komið fram virðist Stöð 2 ætla að verða sérstaklega duglegt í framleiðslu innlendra þátta. Fram undan eru þættir eins og Bandið hans Bubba, X-Factor Celebrity, Næturvaktin, Pressan, ný þáttaröð af Stelpunum auk þess sem líklegt er að nýir grínþættir í anda Fóstbræðra verði einnig á dagskrá – svo eitthvað sé nefnt. Skjár einn og RÚV munu ábyggilega leggja hart að sér við að bjóða upp á sambærilega innlenda dagskrá en enn sem komið er hefur lítið verið gefið upp í þeim efnum.






Ofan á allt þetta bætast allar erlendu þáttaraðirnar, bæði gamlar og nýjar, sem standa ávallt fyrir sínu. Eins ánægður og ég er með að fá smá pásu frá góðu sjónvarpi í sumar þá er ég þegar farinn að hlakka til næsta sjónvarpsvetrar.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50 The Riches** STÖÐ 2



▶ **18.00 Envy** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 Young, Sexy and....** SIRKUS



▶ **22.00 Jericho - Lokaþáttur** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (16:19)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (41:42)
**18.30 Suðandi stuð** (21:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** (21:22)
**20.55 Litla-Bretland** (1:6) e.
**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff og Neil Flynn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.30 Formúlukvöld**
**22.55 Ljósmyndarinn Robert Capa** (Robert Capa - The Man Who Believed His Own Legend) Frönsk heimildamynd frá 2004 um fréttaljósmyndarann og ævintýramanninn Robert Capa sem lést í Indókína fyrir hálfri öld. Capa, sem fæddist í Ungverjalandi og hét réttu nafni Endre Friedman, varð heimsfrægur fyrir ljósmynd sína af helsærðum manni í borgarastríðinu á Spáni.
**23.50 Leikir kvöldsins** Sýnt úr leikjum kvöldsins í Landsbankadeildinni.
**00.05 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Everbody´s Doing It**
**08.00 Spy Kids 3-D. Game Over**
**10.00 Welcome to Mooseport**
**12.00 Envy**
**14.00 Spy Kids 3-D. Game Over**
**16.00 Welcome to Mooseport**
▶**18.00 Envy**
**20.00 Everbody´s Doing It**
**22.00 Buffalo Soldiers** Hörkugóð kvikmynd sem gerist rétt fyrir fall Berlínarmúrsins.Aðalhlutverk. Joaquin Phoenix, Ed Harris, Scott Glenn. Stranglega bönnuð börnum.
**00.00 Speed**
**02.00 Derailed**
**04.00 Buffalo Soldiers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Litlu Tommi og Jenni, Scooby Doo
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (83.114)
**10.15 Grey´s Anatomy**(6.25)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air** (4.24)
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**14.20 Commander In Chief** (12.18)
**15.05 Extreme Makeover. Home Edition** (3.32)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 The Simpsons** (17.22)
**20.05 Oprah**
▶**20.50 The Riches** (6.13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til.
**21.40 Supernova** Fyrri hluti framhaldsmyndar með Luke Perry og Peter Fonda í aðalhlutverkum. Á meðan á risastórri vísindaráðstefnu stendur í Ástralíu kemst hópur vísindamanna að því að sólin gæti sprungið á hverri stundu. Aðalhlutverk. Peter Fonda, Luke Perry, Tia Carrere, Clemency Burton-Hill. 2005. Bönnuð börnum.
**23.05 The Life Aquatic with Steve Zissou** Útsmogin og margslungin gamanmynd þar sem Bill Murray fer fyrir föngulegum hópi stórleikara. Murray leikur sjávarlíffræðinginn Steve Zissou sem hefur einsett sér að ná fram hefndum gegn goðsagnarkenndum hákarli sem drap foreldra hans, og setur í þeim tilgangi saman skrautlegan hóp sérfræðinga. Bönnuð börnum.
**01.00 Awfully Big Adventure, An**
**02.50 Bones** (9.21)
**03.35 Medium** (16.22)
**04.20 The Riches** (6.13)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.05 Party at the Palms** (1.12) (e)
▶**20.30 Young, Sexy and.......** (2.9) Spennandi þáttur þar sem kynnt er til sögunnar yngsta konungborna fólkið í heiminum og ljóstrað upp leyndarmálum um ástarlíf þess og framtíðaráform. M.a. er fjallað um afar dulið samband Friðriks Danaprins og brasilísku prinsessunnar Paolu.
**21.15 Supernatural** (21.22) Spennuþættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda.  Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**22.00 Las Vegas** (11.17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Stóra-Eds Delines, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. (11.17) Öryggisverðirnir í Montecito-spilavítinu veðja um hver þeirra sé bestur. Stóri-Ed er sjálfsöryggið uppmálað og ætlar sér að standa uppi sem sigurvegari enda yfirmaðurinn á svæðinu. 2006.
**22.45 The Shield** (4.10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt. Í þessari sjöttu þáttaröð eru spilltu löggurnar enn við sama heygarðshornið og það er erfitt að greina á milli löggæslunnar og glæpamannanna. (4.10) Einn úr sérsveitinni er við það að missa starfið en honum er gefið tækifæri til að halda því með því að þjálfa nýjan mann. 2006. Stranglega bönnuð börnum.
**23.30 My Name Is Earl** (19.23) (e)
**23.55 Hidden Palms** (3.8) (e)
**00.40 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Tabloid wars** (e)
**17.15 Design Star** (e)
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 On the Lot** Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Í hverri viku fækkar í hópnum þar aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari og hlýtur að launum samning hjá Dreamworks
**21.00 America's Next Top Model** (9.13) Tyra Banks er mætt aftur og leitar að nýrri ofurfyrirsætu. Þetta er sjötta fyrirsætuleitin og þættirnir hafa alveg frá upphafi notið mikilla vinsælda hjá íslenskum áhorfendum. Að þessu sinni eru það 13 vongóðar glæsidísir sem ganga eftir sýningarpallinum. Áhorfendur fá að sjálfsögðu að fylgjast með öllu sem gerist á bak við tjöldin og það er alltaf líf og fjör hjá stelpunum.
▶**22.00 Jericho - Lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir að kjarnorkuárásir á bandarískar borgir. Það er komið að lokaþætti fyrstu þáttaraðar. Johnston fer fyrir fámennu liði Jericho í bardaganum við nágrannabæjinn New Bern. Það er við ofurefli að etja og íbúar Jericho verða fyrir mikilli blóðtöku en ákveða að berjast til síðasta manns.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Tabloid wars** (3.6) Áhugaverð heimildaþáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynnast lífi starfsmanna á slúðurblaðinu New York Daily News. Þar gengur á ýmsu og það er mikil pressa á blaðamönnum og ljósmyndurum að ná í heitustu fréttirnar. Í hverjum þætti er fylgst með 4 til 5 starfsmönnum blaðsins í kapphlaupi við tímann og í bullandi samkeppni við önnur blöð um bitastæðustu fréttirnar. Þetta er fólkið sem er í eldlínunni alla daga að fjalla um glæpi, spillingu og líf fína og fræga fólksins í New York.
**00.05 Angela's Eyes** (e)
**00.55 Kidnapped** (e)
**01.45 Vörutorg**
**02.45 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40



**Framhaldsmynd mánaðarins - Supernova**

Í kvöld verður sýndur fyrri hluti æsispennandi framhaldsmyndar með Luke Perry og Peter Fonda í aðalhlutverkum. Meðan á risastórri vísindaráðstefnu stendur í Ástralíu kemst hópur vísindamanna að því að sólin gæti sprungið á hverri stundu. Strax er ákveðið að halda upplýsingunum leyndum fyrir almenningi en það er bara tímaspursmál hvenær upplýsingar ná að leka út.

## ▶ EKKI MISSA AF

### LJÓSMYNDARINN ROBERT CAPA Sjónvarpið kl. 22.55




Frönsk heimildarmynd frá 2004 um fréttaljósmyndarann og ævintýramanninn Robert Capa sem lést í Indókína fyrir hálfri öld. Capa, sem fæddist í Ungverjalandi og hét réttu nafni Endre Friedman, varð heimsfrægur fyrir ljósmynd sína af helsærðum manni í borgarastríðinu á Spáni. Hann varð fyrirmynd heillar kynslóðar fréttaljósmyndara en hlaut sjálfur dapurleg endalok.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Sögur af sjó og landi
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna
**20.00** Heima er best
**20.40** Sérðu það sem ég sé ?
**21.00** Sólarglingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Útlendingurinn
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Bókmenntir og landafræði
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**08.10 Copa America 2007** (Perú - Bólivía)

**09.50 Copa America 2007** (Venesúela - Úrúgvæ)

**11.30 Gillette World Sport 2007**

**12.00 Wimbledon** Útsending frá átta manna úrslitum í karlaflokki á Wimbledon mótinu í tennis sem er eitt af fjórum risamótum í tennisheiminum.

**17.00 Copa America 2007** (Venesúela - Úrúgvæ)

**18.40 Kraftasport - 2007** (Sterkasti maður Íslands 2007) Þáttur um keppnina Sterkasti maður Íslands 2007 sem fram á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

**19.10 Shellmótið** (Kaupþingsmótið )

**19.45 Landsbankadeildin 2007** (ÍA - Keflavík)

**22.00 Landsbankamörkin 2007**

**22.30 Copa America 2007** (Mexikó - Chile)

**00.35 Copa America 2007** (Brasilía - Ekvador) Útsending frá leik Brasilíu og Ekvador í Suður - Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Yoho Ahoy **6.35** Teletubbies Everywhere **6.45** Teletubbies Everywhere **6.55** Monty the Dog **7.00** Passport to the Sun **7.30** Perfect Holiday **8.00** A Life Coach Less Ordinary **8.30** Passport to the Sun **9.00** Model Gardens **9.30** Search for Polar Bears **10.00** Search for Tigers **10.30** Yes Minister **11.00** My Hero **11.30** My Family **12.00** Ballykissangel **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero **16.30** My Family **17.00** The Week the Women Went **17.30** Small Town Gardens **18.00** Waking the Dead **19.00** Silent Witness **20.00** The Kumars At Number 42 **20.30** Manchild **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes Minister **22.30** Silent Witness **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Ballykissangel **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies 5.15 Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **10.35** Liv på balkonen **11.05** Ud i det blå **11.35** Hokus Krokus **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Klassen 1.b **15.45** Tagkammerater **16.0**0 Når dværgflodhesten går på barsel **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Søren og Søren **18.30** Et mål for livet **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Kriminalkommissær Foyle **21.15** Seinfeld **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Planet X **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

## NRK 1

**6.00** Filip **6.20** Postmann Pat **6.35** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Dronning Sonja 70 år **8.45** Grønn glede **9.10** Jukeboks: Autofil **10.00** Jukeboks: Dansefot **11.00** Jukeboks: Ekstremvær **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** I Mummidalen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Dronning Sonja på nært hold **18.30** Og nå **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.05** Vikinglotto **20.15** Lov og orden: New York **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Norge i dag **21.45** Carnivále **22.30** Battlestar Galactica **23.10** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Sommermorgen **5.50** Peppa Gris **6.00** Filip

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **8.15** 24 Direkt: Tällberg Forum 2007 **10.00** Rapport **10.05** 24 Direkt: Tällberg Forum 2007 **14.00** Rapport **14.05** 24 Direkt: Tällberg Forum 2007 **15.00** Vilda västern på finska **15.30** Mamma sticker inte **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Hjärtan i Atlantis **20.40** Sharaf hjältar **21.35** Rapport **21.45** Försvarsadvokaterna **22.30** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## GAMLA MYNDIN



*„Þarna var ég nýbúinn að fá bílprófið og ég keypti mér glænýja Hondu Civic CRX á 880 þúsund kr. Þessi kaggi var alltaf dýr og kraftmikill fyrir unglinga eins og mig.“*

Bjarni Arason tónlistarmaður.

# Magni syngur bandaríska þjóðsönginn

„Ég spurði hvort ég mætti taka Hendrix-útgáfuna. Það var ekki tekið neitt sérstaklega vel í það,“ segir söngvarinn Magni Ásgeirsson, en hann mun syngja bandaríska þjóðsönginn í einkasamkvæmi á vegum ameríska sendiráðsins í dag í tilefni af þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna.

Magni segir verkefnið leggjast vel í sig þrátt fyrir að hann hafi aldrei spreytt sig á söngnum áður og þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær var hann ekki búinn að læra textann. Auk þess hafði lítið verið um æfingar. „Ég verð með textann á blaði og treysti mér varla í annað. Þótt lagið sé mjög stutt er textinn mjög erfiður. Það eru nokkur mjög flókin orð þarna sem heyrast aldrei í hefðbundnu talmáli,“ segir Magni en líklegt er að hann verði með gítarinn sér til halds og trausts í flutningum.

Alla jafna þykir það mikill heiður að syngja þjóðsöng Bandaríkjanna og kveðst Magni vissulega stoltur yfir því að hafa verið beðinn um að taka lagið fyrir sendiráðið. „En það yrði miklu meiri heiður fyrir mig að syngja íslenska þjóðsönginn,“ segir Magni sem þó telur hæpið að hann muni spreyta sig á þeim íslenska á opinberum vettvangi. „Nei, varla. Það er eiginlega aðeins á færi lærðra óperusöngvara að syngja íslenska þjóðsönginn. Lagið fer alveg niður í Johnny Cash og upp í Josh Groban svo að ég ætti ekkert auðvelt með það. En það mætti alveg reyna það.“



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Fékk að kynnast bandarískum siðvenjum með þátttöku sinni í Rockstar. Hann hefur þó aldrei sungið bandaríska þjóðsönginn.

SAMSETT MYND/OLGA



**LÁRÉTT**
**2.** skipalægi **6.** klukka **8.** tala **9.** ætt **11.** hæð **12.** óróleg **14.** splæs **16.** mun **17.** áverki **18.** temja **20.** þurrka út **21.** hanga.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lummó **3.** mannþvaga **4.** lögtak **5.** á nefi **7.** heimilistæki **10.** gagn **13.** fljótfærni **15.** andvari **16.** frostskemmd **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höfn, **6.** úr, **8.** sjö, **9.** kyn, **11.** ás, **12.** ókyrr, **14.** stang, **16.** ku, **17.** sár, **18.** aga, **20.** má, **21.** lafa. **LÓÐRÉTT: 1.** púkó, **3.** ös, **4.** fjárnám, **5.** nös, **7.** ryksuga, **10.** nyt, **13.** ras, **15.** gráð, **16.** kal, **19.** af.


WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar





Vandaðar vélar og öflugir mótorar
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is


ÓLAFUR ÓLAFSSON Í SAMSKIPUM: NÁGRANNADEILUR Á SNÆFELLSNESI

# Ólafur flýgur yfir sveitina á 150 milljóna króna þyrlu

Ólafur Ólafsson í Samskipum ferðast ekki um á hefðbundnu farartæki þessa dagana, en um er að ræða stóra og mikla þyrlu af gerðinni Eurocopter AS 350 B3. Þyrlan er dökkblá að lit með gylltum röndum á hliðunum. Ólafur, sem alla jafna býr í London, dvelur þessa dagana á jörð sinni í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi og flýgur reglulega til Reykjavíkur enda er hann ekki nema 25 mínútur á leiðinni. Þyrlan tekur 6 manns í sæti og á hlið hennar stendur G-ORRI. „G stendur fyrir Bretland,“ segir Ólafur. „Orranafnið valdi ég sjálfur einfaldlega vegna þess að mér þykir það fallegt.“

Ólafur hefur haft einkaflugmannspróf lengi en bætti við sig þyrluprófi nýverið og ákvað í framhaldinu að kaupa sér þyrlu. „Flugkennarinn flaug henni hingað til lands fyrir mig. Sjálfur hef ég flogið henni til landa í kringum Bretland og svo hérna innanlands. Þyrlur eru frábærar til brúks á Íslandi og ég er viss um að við eigum eftir að sjá meira af því að menn kaupi sér slík farartæki enda kosta þær ekki flugvallabyggingar og mannvirkjagerð. Fyrir utan að þær láta betur í vindum og vondum veðrum,“ segir Ólafur sem ekki hefur lent í háska á þyrlunni sjálfur enda er hann að eigin sögn „sæmilega samviskusamur í að þjálfa sig“.



**ÓLAFUR ÓLAFSSON** Er með bæði einka- og þyrluflugmannspróf og hefur flogið þyrlu sinni hérlendis og til landa í kringum Bretland, þar sem hann er búsettur að mestu.



**ÞYRLA ÓLAFS** Tekur 6 manns í sæti og er þar með sú stærsta í einkaeigu á landinu. Til hægri sést í innganginn að húsi Ólafs. Lítið ber á húsinu sjálfu enda er það byggt inn í landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur keypti þyrluna glænýja og segist hafa borgað á bilinu 1,7-1,8 milljónir evra fyrir gripinn en það jafngildir um 150 milljónum íslenskra króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru að minnsta kosti fimm þyrlur í einkaeigu á Íslandi. Þyrla Ólafs er þó stærst þeirra allra.

Ekki eru allir á eitt sáttir um ágæti þyrlunnar því nágranni Ólafs og meðeigandi jarðarinnar, Sigurður Hreinsson og kona hans Bryndís Guðmundsdóttir, segja það ótrúlegt að lenda megi þyrlu nánast í bakgarðinum hjá þeim, því af henni hljótist töluverður hávaði og annað ónæði. „Við erum hér með bæði hesta og kindur auk þess sem mófuglinn er í hreiðri þessa dagana. Þetta er sérstaklega slæmt hvað varðar hestana. Dóttir okkar og vinkonur hennar voru að ríða út þegar Ólafur kom hér á þyrlunni í fyrsta sinn. Hestarnir fældust og ein þeirra datt af baki,“ segir Sigurður. „Manni finnst með ólíkindum að ekki þurfi að taka tillit til nágranna hvað svona varðar. Um helgina vorum við með síðbúna fermingarveislu og hann flaug fjórum sinnum yfir. Það heyrðist varla mannsins mál á meðan. Mér skilst að ekki séu til reglur um þessi mál og því spyr ég: Er ekki eðlilegt að búa þær til þegar menn eru farnir að kaupa sér þyrlur og fljúga þeim hingað og þangað?“ Sigurður segir að menn leitist við að búa í sveit til þess að fá að vera í friði. „Þar eru menn með dýr í ró og næði – þangað til koma þyrlur.“

Ólafur segir þessa nágrannadeilu grundvallast á öðru en þyrlunni. „Við höfum staðið í löngum og ströngum málaferlum varðandi landamerki og fleira. Á ég að þurfa að hringja í þig og spyrja hvort ég megi lenda á Reykjavíkurflugvelli? Ég lendi hér þyrlu á mínu eigin landi og fer eftir öllum settum reglum.“

sigrunosk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir** hefur söðlað um og hafið störf sem verkefnisstjóri hjá tónleika- og viðburðarfyrirtækinu Concert en það er í eigu útgáfurisans Senu og Einars Bárðarsonar. Ragnheiður er landskunn fyrir störf sín í sjónvarpi en hún stjórnaði meðal annars Íslandi í bítið og afþreyingarþættinum Hér & nú á hinni sálugu sjónvarpsstöð NFS. Ragnheiður er fyrrum ungfrú Ísland og hefur að undanförnu starfað sem viðburðarstjóri hjá Smáralind.



**Stephan G. Stephensen**, einn forsprakka Gus Gus-flokksins, er vanur að fara sínar eigin leiðir þegar kemur að því að ná úr sér ferðaþreytu. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær lenti Gus Gus í þeirri óskemmtilegu lífsreynslu að tónleikastað þeirra í Moskvu barst sprengjuhótun. Stephan er mikill náttúruunnandi og ævintýramaður og hyggst jafna sig á spennuþrunginni stund í Rússlandi með því að ganga á Hornstrandir.



**Brynhildur Ólafsdóttir** og **Róbert Marshall** héldu veglega útihátíð fyrir vini og vandamenn á æskuslóðum Brynhildar í Grundarfirði um síðustu helgi. Fjöldinn var vel á þriðja hundraðið í firðinum þar sem hann naut veðurblíðunnar og fjölbreyttra skemmtiatriða. Meðal þeirra sem stigu á svið voru varaþingmennirnir Róbert Marshall og **Guðmundur Steingrímsson**. Þeir fluttu lag sem tileinkað var nýfengri stöðu þeirra sem varaþingmenn. Fjallaði textinn á léttum nótum um það hversu mikil mistök kjósendur hefðu gert með því að veita þeim ekki brautargengi og lofuðu þeir félagar að gera aðra atlögu að fjórum árum liðnum.



- fgg/hdm

# Sverrir Bergmann í fótspor Oasis

„Ég reikna með að fara þarna út í ágúst,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Bergmann en hann hyggst halda í upptökuverið Sawmills og taka upp sólóplötu. Sverrir reiknaði fastlega með því að platan myndi taka þátt í hinu árlega jólaplötuflóði.

Söngvarinn fer ekki einn síns liðs út en meðal þeirra sem verða með í för eru Franz Gunnarsson, gítarleikari Dr. Spock. „Og svo reikna ég með því að við bætist tveir Bretar sem ég hef verið í ágætum samskiptum við.“

Sawmills-upptökuverið er ákaflega þekkt í breskum tónlistargeira en það er staðsett í Cornwall á suðurströnd Englands. Upptökuverið er fjarri vegum og bílaumferð við Fowey-vatnið og því þurfa gestir staðarins að ferðast til og frá föstu landi með bát. Sawmills komst í sögubækurnar þegar Gallagher-bræðurnir Liam og Noel komu þar ásamt sveit sinni Oasis og tóku upp frumraun sína Definitely Maybe árið 1994 en platan gerði allt brjálað í Evrópu. Þá hafa sveitir á borð við Muse og Stone Roses tekið upp efni þarna sem og gamli rokkhundurinn Robert Plant.

- fgg



**SVERRIR BERGMANN**
Hyggst halda út til Cornwall í ágúst og tekur þar upp sólóplötu sína.



FALLING IN BETWEEN
NBC
28 company
kynnir
TOTO
ÞEIR ERU AÐ KOMA!
Ein besta hljómleikasveit í heimi:
Toto í Laugardalshöll 10.07.07
Ert þú búinn að tryggja þér miða?
Sérstakt tilboð til allra safnkorthafa N1: Miðaverð er
kr. 5.300 til safnkorthafa á kr. 3.300 + 1000 punktar.
Miðasala fyrir safnkorthafa er á tveimur þjónustustöðvum,
það eru N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut.
ICELANDAIRHOTELS
N1
THULE
midi.is
www.TOTO99.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



FER SIGURFÖR UM HEIMINN

Wii™ LEIKJATÖLVA



Nintendo

Um 2000 vélar seldar á Íslandi

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Grill*

Þótt ég rembist alla daga ársins við að vera besta mamma í heimi man ég bara stundum eftir því að setja á börnin mín sólarvörn. Það er að segja hér á Íslandi því um leið og komið er út fyrir landsteinana er ég meðvitaðasta konan veraldar um skaðsemi útfjólublárra geisla. En vegna þess að íslensku sólarveðri fylgir oftast kaldur garri spóka litlu grísirnir þrír sig oft alveg varnarlausir í sumrinu. Þó ekki eins oft og ég sjálf, því þá sjaldan sem gefur fyrir dálítið sólbað væri spandals að nýta það ekki alveg í botn.

**EINMITT** þessvegna er ég eftir blíðu undanfarinna daga eins og þroskaður tómatur um trýnið. Þó hafði ég ekki vit á að skipuleggja brunann betur en að vera í allskyns stuttermabolum og með sólgleraugu svo litbrigðin eru virkilega fjölbreytt. Á heiðskíru dögunum togast væntanlega á hjá fleirum skylduræknin við vinnusemi innandyra og innbyggð þörfin fyrir að vera úti í góða veðrinu. Fjölmargar kröfugerðir skjóta nefnilega upp kollinum þegar sumarið skellur svona óvænt á, því auk þess að vera úti frá morgni til miðnættis er áríðandi að vera eins ber og mögulegt er. Líka við kuldaskræfurnar, þótt lofthitinn rétt sleiki tveggja stafa tölu og napur gjóstur kitli gæsahúðina.

**EN EINKUM** og sér í lagi er mikilvægt að útigrilla aðalmáltíð dagsins. Faðir minn þótti á sinni tíð virkilega framúrstefnulegur með prímusinn í lautarferðum fjölskyldunnar en það var fyrir hundrað árum og þá var ekki búið að finna upp grillið. Fyrir áratug eða svo þótti kolagrill nú bara frekar grúví en nú finnast varla svo aumar svalir að ekki standi þar almennilegt gasgrill. Fræknustu grillararnir geta svo státað af sérstökum útigrilleldhúsum sem eru nokkrir fermetrar að stærð og kosta hönd og fót.

**OG VEGNA ÞESS** að ég er svo trúgjörn þá finnst mér mjög líklegt að fjölmargir hafi svona ógurlega útigrillþörf og standi fyrir daglegum stórveislum. Samt held ég dauðahaldi í gamla lúna grillið mitt sem árið um kring er til þjónustu reiðubúið, lítið, ljótt og ríðandi. Í máttlausri uppreisn gegn hinni lúmsku efnishyggju finnst mér nefnilega gott að eignast aldrei í lífinu útigrilleldhús, hjólhýsi eða fjórhjól.


FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is






Certificate of Registration

ENVIRONMENTAL MANAGEMENT SYSTEM - ISO 14001:2004

This is to certify that:

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegur 2-8
200 Kópavogur
Iceland

Holds Certificate No: EMS 518325

and operates an Environmental Management System which complies with the requirements of ISO 14001:2004 for the following scope:

Import, marketing, sales and aftersales of Toyota and Lexus cars, spare parts and accessories.

For and on behalf of BSI:

Managing Director, BSI Management Systems (CEMEA)

Originally registered: 13/06/2007 Latest Issue: 29/06/2007 Expiry Date: 13/08/2010

BSI Management Systems

## Toyota áfram leiðandi í umhverfismálum

### ISO 14001 vottun - fyrst íslenskra bifreiðaumboða

Toyota á Íslandi hefur fengið faggilda vottun samkvæmt hinum alþjóðlega ISO 14001 umhverfisstaðli, fyrst íslenskra bílaumboða. Vottunin er viðurkenning á því að allir starfsmenn Toyota á Íslandi vinna stöðugt að því að tryggja bestu nýtingu auðlinda á öllum sviðum rekstrarins til að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækisins.

Toyota hefur lengi verið í fararbroddi í þróun á tækninýjungum sem lágmarka áhrif bifreiða á umhverfi sitt, allt frá framleiðslu til förgunar. Stefna fyrirtækisins á alþjóðavísu kristallast í kjörorðunum: „Eitt markmið: Enginn útblástur.“*

Toyota á Íslandi hefur lengi lagt hinum fjölbreytilegustu verkefnum á sviði umhverfismála lið. Til dæmis hefur Toyota stutt íslenska skógrækt dyggilega frá árinu 1990 og í samstarfi við umhverfissamtökin Bláa herinn hafa hundruð tonna af rusli og úrgangi verið hreinsuð úr náttúrunni víða um land.

Við hjá Toyota erum staðráðin í að vera áfram leiðandi á sviði umhverfismála. ISO 14001 vottunin er okkur mikil hvatning og í raun staðfesting á því að við erum á réttri leið í baráttunni fyrir bættri umgengni við náttúru og umhverfi.

*Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um umhverfisstefnu Toyota á Íslandi á vefsíðu fyrirtækisins, www.toyota.is

TOYOTA

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 38256 7/07